

Guðmundur St. Sigurðarson  
Guðný Zoëga

# Skógar í Fnjóskadal

Fornleifarannsókn 2011-2012



Byggðasafn Skagfirðinga

Rannsóknaskýrslur

2013/140

*Forsíðumynd: Yfirlitsmynd yfir svæði A á Skógum 2012, horft norðvestur. Byggingar tengdar járnvinnslunni til vinstri og gjallhaugur fyrir miðri mynd. Uppgrafin kolagröf neðst á mynd í framhaldi af könnunarskurði sem liggur í gegnum endilangan gjallhauginn. Efst á myndinni norðan við svæðið er mýrardrag þaðan sem rauði hefur verið fenginn til járngerðar. Neðarlega til vinstri á myndinni er 1m skali og norðurör.*



© Guðmundur St. Sigurðarson og Guðný Zoëga

Byggðasafn Skagfirðinga, Sauðárkróki

2013/140

## Efnisyfirlit

|                                                                            |    |
|----------------------------------------------------------------------------|----|
| Formáli .....                                                              | 5  |
| Inngangur .....                                                            | 7  |
| Saga og fyrri rannsóknir.....                                              | 8  |
| Rauðablástursrannsóknir í Fnjóskadal .....                                 | 11 |
| Aðferðir .....                                                             | 13 |
| Svæði A.....                                                               | 15 |
| A1 - Útihús (20. öld).....                                                 | 17 |
| A2 - Útihús „Lambhús“ (19. öld) .....                                      | 18 |
| A3 - Byggingaleifar (12.-13. öld) .....                                    | 19 |
| A4 - Hugsanlegar byggingaleifar .....                                      | 20 |
| A5 - Rauðasmiðja (12.-13. öld) .....                                       | 20 |
| [15] Hugsanlegar ofnleifar að norðvestan í A5 .....                        | 23 |
| [16] Hugsanlegar ofnleifar NA í A5 .....                                   | 24 |
| [17] Hugsanlegar ofnleifar fyrir miðju í A5 .....                          | 24 |
| [18] Hugsanlegur afl í miðju norðanvert í A5.....                          | 25 |
| [25] Ofn að vestan í A5 .....                                              | 25 |
| [23] Ofn að austan í A5 .....                                              | 28 |
| [24] Afl fyrir miðju í A5 .....                                            | 30 |
| [28] Hugsanlegur afl og steinsteðji við vesturvegg A5 .....                | 31 |
| [30] Hringlaga mannvirki, útskot í suðurgafli A5.....                      | 33 |
| [26] Niðurgröftur tengdur [30] .....                                       | 35 |
| [29] Eldstæði eða afl [26] .....                                           | 36 |
| Umhverfis A5.....                                                          | 36 |
| A6 - Bygging (10.-12. öld?) .....                                          | 37 |
| A7 - Rauðasmiðja (10.-11. öld) .....                                       | 40 |
| [21] Ofn að austan í A7 .....                                              | 44 |
| [22] Ofn að vestan í A7 .....                                              | 46 |
| [12] / [13] / [14] – vatnsrás, inngangur og rými tengt vatnsrás í A7 ..... | 48 |
| Umhverfis A7 .....                                                         | 54 |
| A8 - Kolageymsla (10.-11. öld).....                                        | 55 |
| Kolagröf [202/200] .....                                                   | 55 |
| Kolagröf [1789/1815] .....                                                 | 56 |
| Gjallhaugur.....                                                           | 57 |

|                                                          |     |
|----------------------------------------------------------|-----|
| Svæði C.....                                             | 61  |
| C1 - Bygging (16.-19. öld) .....                         | 64  |
| C2 - Bygging (16.-19. öld) .....                         | 66  |
| C3 útihús/rétt? (13.-16. öld).....                       | 67  |
| C4 útihús (eldri fasi?/yngri fasi eftir 1477) .....      | 68  |
| Pyttur ofan (vestan) við byggingar á svæði C .....       | 70  |
| Túngarður (11.-12.öld/yngri eftir 1300) .....            | 70  |
| Skurður (16.-19. öld) .....                              | 72  |
| Eir (kopar) vinnsla á Skógum (16.-19. öld).....          | 73  |
| Svæði B.....                                             | 75  |
| B1 - Útihús „Geitakofi“ (19.-20. öld).....               | 75  |
| B2 - Útihús/rétt (10.-19. öld?) .....                    | 76  |
| B3 - Bygging (10-12. öld?).....                          | 78  |
| B5 - Bygging (18-19. öld) .....                          | 79  |
| B4 - Útihús (18-19. öld) .....                           | 80  |
| Samantekt og niðurstöður.....                            | 82  |
| Lokaorð .....                                            | 84  |
| Skógar in Fnjóskadalur – a short summary in English..... | 85  |
| Gripir .....                                             | 88  |
| Járn.....                                                | 89  |
| Eir (eirblöndur) .....                                   | 101 |
| Gripir úr öðru efni .....                                | 105 |
| Gripir úr brenndum leir (keramik) og gleri .....         | 107 |
| Deiglur .....                                            | 118 |
| Steinn .....                                             | 132 |
| Sniðteikningar .....                                     | 136 |
| Heimildir.....                                           | 140 |
| Fyligskjöl.....                                          | 142 |



## Formáli

Vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Vaðlaheiðargöng gerði Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga framhaldsrannsókn á fornleifum á jörðinni Skógum í Hálshreppi, að beiðni Vegagerðarinnar. Fornleifaskráning vegna fyrirhugaðra framkvæmda var unnin árið 2006<sup>1</sup> og í framhaldinu gerð krafa af hálfu minjavarðar Norðurlands eystra um rannsókn á sex minjum sem skráðar höfðu verið og voru innan fyrirhugaðs áhrifasvæðis framkvæmdarinnar. Sú rannsókn fór fram á haustdögum 2010 og komu niðurstöður hennar út í rannsóknaskýrsluröð Byggðasafns Skagfirðinga.<sup>2</sup> Í framhaldinu var framkvæmdasvæði gangnanna fært til og lentu þá aðrar minjar á hættusvæði og voru þær rannsakaðar á vordögum 2011.<sup>3</sup> Niðurstöður þeirrar rannsóknar bentu til umfangsmeiri fornleifa á þeim stað en áður hafði verið talið og gerði minjavörður því kröfu um heildarrannsókn á þeim minjum og var unnið að rannsókn þeirra í þremur áföngum haustið 2011 og aftur snemma sumars og haustið 2012.

Leyfishafi rannsóknarinnar var Guðný Zoëga fornleifafræðingur og sá hún ásamt Guðmundi St. Sigurðarsyni fornleifafræðingi um skipulagningu og verkstjórn, en úrvinnsla og skýrslugerð var í höndum Guðmundar. Aðrir starfsmenn rannsóknarinnar voru (í stafrófsröð): Angelos Parigoris, fornleifafræðingur (sumar 2012), Bryndís Zoëga, landfræðingur (haust 2011), Eva Kristín Dal, fornleifafræðingur (sumar og haust 2012), Jakob Orri Jónsson, nemi í fornleifafræði (haust 2012), Jennica Einebrant Svensson, fornleifafræðingur (haust 2012), Lísabet Guðmundsdóttir, fornleifafræðingur (haust 2011, sumar og haust 2012), Margrét Valmundsdóttir, fornleifafræðingur (sumar 2012), Sólrún Inga Traustadóttir, fornleifafræðingur (haust 2011, sumar 2012).

Við rannsóknir á Skógum varð til mikill efniviður til frekari úrvinnslu og greininga en þegar þessi skýrsla kemur út er sérfræðigreiningum öðrum en gjóskulagagreiningum ólokið. Styrkur fékkst til greininga á deiglum frá Skógum og fleiri stöðum víðsvegar um landið úr sjóði á vegum Evrópusambandsins (CARISMA) sumarið 2013. Deiglurnar voru sendar á greiningarstöð Ungversku vísindaakademíunnar í Búdapest (Hungarian Akademi of Science, Neutron facility) í lok nóvember sama ár, þar sem þær voru efnagreindar ásamt þeim málmleifum sem í þeim fundust. Niðurstöður þeirrar greiningar munu koma út í sérstakri skýrslu og/eða vera birtar í viðeigandi tímariti.

Þær túlkanir sem hér eru settar fram eru, eins og gengur í samvinnu margra fræðimanna, afrakstur samræðna og sameiginlegra vangaveltna þeirra sem að verkinu hafa komið. Ég vil nota tækifærið og þakka öllu því hæfa og góða fólki sem þegar er upp talið og kom að rannsókninni á Skógum fyrir vel unnin störf og ánægjulega samveru meðan á vettvangsrannsókn stóð. Auk starfsfólks uppgrftarins á Skógum hafa samræður og tölvupóstsamskipti við Thomas Birch, Jens Jørgen Olesen öðrum fremur verið fróðleg og hjálpað til við skilning á rauðablástursferlinu túlkun einstakra byggingarhluta og gripa. Það skal þó tekið fram að allar rangfærslur og mistúlkanir sem í skýrslunni kunna að leynast eru á ábyrgð skýrsluhöfundar.

---

<sup>1</sup> Bryndís Zoëga og Guðný Zoëga (2006). *Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum jarðgangnagerðar í Skógum, Fnjóskadal*. Rannsóknaskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga 2006/58.

<sup>2</sup> Guðný Zoëga (2011a). *Skógar í Fnjóskadal. Fornleifarannsókn vegna Vaðlaheiðarganga*. Rannsóknaskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga 2011/112.

<sup>3</sup> Guðný Zoëga (2011b). *Skógar í Fnjóskadal. Framhaldsrannsókn vegna Vaðlaheiðarganga*. Rannsóknaskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga 2011/119.

Hreppsnefnd Hálsahrepps eru þökkuð afnot af félagsheimilinu á Skógum haustið 2011 og fulltrúum landeigenda Svövu Hermannsdóttur og Bergljótu Þorsteinsdóttur fyrir upplýsingar og aðstoð við upphaf rannsóknar. Einnig er þakkað fyrir samstarf við rekstraraðila kaffihússins Uglunnar á Skógum sumarið 2012. Sigurði Bergsteinssyni Minjaverði Norðurlands eystra þökkum við góð samskipti sem og Magnúsi Björnssyni verkefnisstjóra hjá Vegagerðinni og starfsmönnum og eigendum Túnþökusölu Kristins sem sáu um alla vélavinnu tengda rannsókninni.

Guðmundur St. Sigurðarson  
Sauðárkróki, 16. des. 2013

## Inngangur



Mynd 1. Staðsetning Skóga í Fjósadal.

Fig. 1. Location map for Skógar in Fjósadalur.

Skógar eru rúma 2km suður af Þjóðvegi 1 þar sem hann liggur um Fjósadal. Bærinn stendur á náttúrulegum hól fast suður af veginum niður af Vaðlaheiði. Þar var lengi barnaskóli og þar er enn félagsheimili Fjóskdæla. Eldra bæjarstæði Skóga er skammt ofan við fjárhússkemmu sem stendur ofar (vestar í túninu). Þar stóð torfbær fram til 1908 er hann brann, en núverandi hús var reist sama ár neðar í túninu.<sup>4</sup> Skógar koma fyrst fyrir heimildum frá 1454 en ljóst er af undangengnum fornleifarannsóknum að mannvist er að finna á staðnum a.m.k. frá því fyrir 1104.<sup>5</sup>

Við forkönnun vorið 2011 á tilfærðu gangnastæði við Skóga komu í ljós áður óþekktar minjar undir og við 20. aldar fjárhústóft norðan gamla bæjarhólsins, þar reyndust vera eldri byggingar (skurður 14) og umfangsmikill gjallhaugur (skurður 15). Að beiðni minjavarðar var ákveðið að grafa minjarnar í heild sinni sem og tóftir svonefnds Geitakofa sunnar og ofan túns, en bæði minjasvæðin lentu inná framkvæmdasvæði fyrirhugaðs gangnamunna og voru vísbendingar um eldri og umfangsmeiri minjar undir yfirborði á báðum stöðum. Uppgriftarsvæðið með fjárhúsunum og járnvinnsluminjunum var skilgreint sem svæði A en Geitakofinn og byggingarnar undir honum svæði B og síðar var aftyrft stórt svæði á milli þeirra, svæði C.

<sup>4</sup> Úttektar-, uppskriftar-, og uppboðsbók fyrir Hálshrepp. Héraðsskjalasafn Þingeyinga HRP 39-2, bls. 432-438.

<sup>5</sup> Fornbréfasafn Íslands V, bls. 119. (1899-1902) Hið íslenska bókmenntafélag: Kaupmannahöfn og Reykjavík; Guðný Zoëga, 2011b.

Í skýrslu Byggðasafns Skagfirðinga<sup>6</sup> um fornleifaskráningu vegna framkvæmda við Vaðlaheiðargöng frá 2006 segir um sögu jarðarinnar (bls. 10):

Jörðin var metin á 20 hundruð árið 1560 sbr. skiptabréf sem gert var á Hólum 2. september 1560, á eignum Þorleifs Grímssonar þáverandi eiganda og Gríms sonar hans.<sup>14</sup> Sama jarðamat er að finna í jarðabók Árna og Páls 1709<sup>15</sup> og í jarðatali Johnsen frá 1847, þá var landskuld 1 hundruð og kúgildi 3.<sup>16</sup> Í jarðabók Árna og Páls er jörðinni lýst svo: „Útigangur sem áður segir um Nes. Skógur til raftviðar bjarglegur og til kolagjörðar og eldiviðar nægur, brúkast til heystyrks og annara búsnauðsynja. Torfrista og stúnga lök. Grastekja ut supra. Svalbarðskirkja og Stóra Eyrarland eiga hjer skógarhögg. Engið er smáfengið innan um skóginn. Úthagarnir eru nægir“.<sup>17</sup> „Þótti jörðin mjög rýr, eftir að skógur þvarr, þar til tún fóru að stækka. Ræktanlegt land er fremur lítið en sauðland allmikið og gott til heiðarinnar“.<sup>18</sup>

„Að norðan, þar sem Nesland tekur við, ræður Bræðragil frá Fnjóská upp á Ása og þaðan eftir Bræðragilslæk upp á brún, þaðan beina stefnu í næsta læk beint út undan þremur steinum framan í miðbrún og þaðan beint vestur í vörðulínu, er ræður merkjum á heiðinni. Að sunnan, þar sem Hróastaðaland tekur við: Úr Fnjóská eftir svonefndri Merkjagróf upp fyrir Efrigötur, og þaðan sem hún skiftist í tvo arma, beint í dý, er kallast Saurkelda og liggur skammt fyrir ofan Efrigötur, þaðan beina stefnu í ytri barm Syðstulágar (Syðsta-Selsgilsdrags), þaðan í áðurnefnda vörðulínu. Að austan ræður Fnjóská. - Espihóli, 16. júní 1884 Jón Sigfússon”.<sup>19</sup>

<sup>19</sup> Landamerkjaskrá nr. 152 fyrir Skóga í Hálshreppi. Undirrituð 16. júní 1884. Lesið á manntalsþingi

Fornleifar höfðu ekki verið rannsakaðar á jörðinni fram til þess að rannsóknir hófust vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Vaðlaheiðargöng. Þar fannst þó mannsgröf úr heiðnum sið eða kuml, að því er talið var, á síðasta áratug 19. aldar. Árið 1891 bárust Þjóðminjasafninu járnmeil (Þjms. 3559) sem fundust á svonefndum Jónshöfða suður og upp frá bænum á Skógum. Mélin voru tekin úr meintu kumli, en ásamt mélunum fundust „[...]afar stórt *brýni*, *mannabein*, *hesta-* og *hundabein*, og svo ýmislegt af *járnarusli*“<sup>20</sup>, ekkert annað en mélin voru þó send safninu og litlar upplýsingar aðrar fylgdu um fundarstaðinn eða umbúnað grafarinnar. Um fundinn segir í *Kumlum og haugfé*: „Nákvæmari skýrslu var lofað, en hún virðist ekki hafa komið. Jónshöfði er suður og upp frá bænum í Skógum. Járnmeil (Þjms. 3559) eru svo einstæð meðal þeirra sem í kumlum hafa fundist að vafasamt er hvort þau geta verið frá söguöld [...]. En heimilt virðist eigi að síður að telja fundinn með kumlum, þótt óskýrt sé frá sagt.“<sup>21</sup> Þessi frásögn ein og sér tekur ekki af allan vafa á að um kuml sé að ræða, þótt það verði að teljast líklegt.

Eins og fram hefur komið er elsta ritheimild um jörðina Skóga frá miðri 15. öld og meintur kumlfundur teygir sögu staðarins aftur til heiðins tíma um eða fyrir aldamótin 1000, þótt ekki verði fullyrt að það tengist fastri búsetu á Skógum frekar en Hróarsstaða sem er næsta jörð sunnan við.

Niðurstöður rannsókna nú sýna hins vegar að rekja megi upphaf fastrar viðveru á Skógum með vissu til 10. aldar og með góðum líkindum til árána fljótlega upp úr 940. Þar hefur verið búið að koma á fót sérhæfðri aðstöðu til rauðablásturs í þar til gerðri rauðasmiðju skömmu eftir að Landnámssyrpan svonefnda féll, en yngsta lagið í henni á þessum slóðum er gjóska frá Veiðivötnum V-SV 940.<sup>22</sup> Hefðbundnar búsetuleifar líkt og vænta má af bæ í byggð eru þó litlar fyrr en á 12. og 13. öld, en við bæjarhólinn var mikil þykknun mannvistarlaga á milli H-1104 og H-1300.<sup>23</sup>

Rannsóknir Byggðasafns Skagfirðinga á Skógum eiga sér orðið nokkra sögu, en þær hófust árið 2006 þegar fornleifadeild safnsins var fengin til að gera fornleifaskráningu í landi jarðarinnar vegna fyrirhugaðra ganga. Nokkur fjöldi minja var skráður, en af þeim reyndust sex lenda inn á framkvæmdasvæði eins og það var fyrirhugað á þeim tíma. Bið var á áframhaldandi rannsóknum fram til ársins 2010 að farið var fram á að minjarnar yrðu kannaðar nánar og eðli þeirra, aldur og umfang metið. Í millitíðinni hafði gangnastæðið tekið breytingum og var hluti minjanna sem áður höfðu verið innan svæðis nú utan þess en aðrar minjar komnar í hættu, þar með talið gamli bæjarhólinn. Rannsóknaráætluninni var því breytt til samræmis við það. Sú rannsókn staðfesti að sögu byggðar á Skógum má rekja að minnsta kosti aftur til 11. aldar, en ummerki voru um byggð undir Heklugjósku frá árinu 1104 í bæjarhólnum. Þessi byggðamerki voru þó ekki umfangsmikil og með takmarkaða dreifingu á bæjarhólnum. Mikil þykknun mannvistarlaga var hins vegar á milli gjóskulaganna H1104 og H1300 og stór hluti bæjarhólsins var jafnframt undir gjóskulagi frá eldstöðinni í Veiðivötnum frá 1477 (V-1477). Flest yngri jarðlög voru rótuð þar sem sléttað hafði verið úr bæjarhólnum en síðasti torfbærinn á Skógum var á sama stað og brann árið 1908. Þá var reist húsið sem nú stendur á Skógum um 100m austar.

Auk bæjarhólsins voru könnunarskurðir grafnir í túngarðinn og kom í ljós að hann hafði upphaflega verið hlaðinn nokkru fyrir 1300, en 2sm þykkt fokmoldarlag var undir gjóskunni H1300 niður á torfið í veggnum. Túngarðurinn hefur svo verið „endurhlaðinn“ eftir 1300 eða annar veggur

---

að Hálsi 11. júní 1887.

<sup>20</sup> Kristján Eldjárn, 2000, bls. 191.

<sup>21</sup> Kristján Eldjárn, 2000, bls. 191-192.

<sup>22</sup> Sbr. Magnús Á. Sigurgeirsson, 2012, bls. 1.

<sup>23</sup> Guðný Zoëga, 2011b.

hlaðinn ofan á hinum eldri. Grafið var á tveimur stöðum vestan túns og var yngri veggurinn á báðum stöðum því sem næst ofan á hinum eldri, en ekki er hægt að fullyrða að svo hafi verið allan hringinn. Hægt er að rekja legu yngri garðsins í grófum dráttum eftir loftmynd, en hann er þó að stórum hluta undir sléttu túni.

Upp að yngri garðinum að vestanverðu var grafið í tóft frá sama tíma, þ.e. eftir 1300 sem sem túlkuð var sem rétt. Þá var könnunarskurður grafinn í tóft ofan túngarðsins sem nefnd var Geitakofi í örnefnaskrá. Þar reyndist um einfalt lítið hús að ræða og bentu kjarnasýni úr gólfi til þess að um útihús væri að ræða. Engin gjóskulög fundust yfir veggjum eða upp að þeim og eina gjóskan í torfinu virtist vera úr landnámslaginu svokallaða og því var ekki unnt að skera nánar úr um aldur hússins en torfið var fremur heillegt og virtist ekki ýkja gamalt. Torfrót fannst undir veggjum sem talið var að kynni að tilheyra eldri byggingu eða sléttun undir þessa, þar sem hún var í nokkrum halla.

Í framhaldi af rannsóknunum 2010 var legu gangnanna breytt þannig að þau færðust ofar í hlíðina frá bæjarhólnum. Við tilfærsluna lenti inni á framkvæmdasvæðinu fjárhústóft sem ekki hafði verið könnuð með uppgrefti. Fjárhúsin voru í notkun á 20. öld en heimild var um 19. aldar útihús á sama stað.

Árið 2011 var aftur farið á vettvang til að kanna aldur og eðli fjárhússins og þess sem þar kynni að leynast en einnig til að kanna nánar möguleika á eldri minjum undir og neðan við tóft Geitakofans og staðfesta betur norðurmörk bæjarhólsins. Við þessa rannsókn kom í ljós að meira leyndist undir fjárhúsunum en talið hafði verið og það sem grunur lék á að væri taðgrænn fjárhúshóll reyndist vera stærðar gjallhaugur frá því fyrir 1300. Þar fundust einnig ummerki um kolagerð frá því fyrir 1104, en óvíst var á þeim tíma hvort hægt væri að tengja það beint járnvinnslunni eða hvort það kynni að vera eldra. Í sömu lotu voru útmörk bæjarhólsins afmörkuð betur til norðurs og staðfest að um eldri byggingar væri að ræða undir geitakofanum. Það varð því strax ljóst að frekari rannsókn væri þörf, en þar sem fjárhúsin höfðu að hluta verið niðurgrafin, sem og eldri fjárhús undir þeim, var ekki mikil von til að hægt væri að finna heillegar leifar eftir járnvinnsluna þótt gjallhaugurinn stæði óhreyfður. Annað átti þó eftir að koma á daginn og járnvinnslusvæðið reyndist að miklu leyti óskaddað af þessum síðari tíma fjárhúsbyggingum.

## Rauðablástursrannsóknir í Fnjóskadal

Í Fnjóskadal og einum af þremur afdölum hans, Bleiksmýrardal, eru nú þekktir 19 járnvinnslustaðir. Þeir eru á Skarði, Draflastöðum, Víðivöllum, Vöglum, Veturliðastöðum, fjórir staðir í Lundi<sup>24</sup>, á Þórðarstöðum, Belgsá, Bakka, Kvíaseli, Vindhólanesi, Skarðseli og Smiðjuseli. Fyrir rannsóknina 2011 var hins vegar ekki vitað að rauðablástur hefði verið stundaður á Skógum og má vera að fleiri staðir séu enn ófundnir í dalnum og nágrenni hans. Auk Fnjóskadals og afdala má geta þess að ummerki eru um rauðablástur á Ljósavatni í Ljósavatnsskarði en jörðin á landamerki að Belgsá í Fnjóskadal. Engir járnvinnslustaðir eru hins vegar þekktir vestan Fnjóskadals, fyrr en utarlega í vestanverðum Eyjafirði.<sup>25</sup>

Misjafnlega umfangsmiklar fornleifarannsóknir hafa farið fram á sjö járnvinnslustöðum í Fnjóskadal auk Skóga. Árið 1923 rannsakaði Dr. Niels Nielsen járnvinnslustaði á Íslandi og gróf m.a. fjórum stöðum í Fnjóskadal, á jörðinni Vöglum, Víðivöllum, Lundi og á Belgsá.

Á Víðivöllum gróf hann í gjallhaug við vesturjaðar heimatúnsins, hauginn sagði hann um 50m í þvermál og 1,5-2m hærri en umhverfið. Yfir eiginlegum haugnum var 25sm þykkt moldarlag, þar fyrir neðan svört jörð, trékol, aska og grjót í óreglulegum lögum. Trékol fundust þar í miklu magni, vel varðveitt. Auk þess fannst svolítið af óbrenndum við og birkiberki. Þá fannst þar mikið magn af gjalli, en Nielsen áætlaði að það væri þó innan við helmingur af rúmmáli haugsins. Hluti þessa gjalls voru stórar kökur um 45x20sm á kant, sem Nielsen taldi að myndast hefðu þegar gjallið rann úr ofninum og storknaði í um 5sm djúpri rennu. Engar ofnleifar fundust á Víðivöllum og taldi Nielsen ofninn hafa staðið ofan haugs, en horfið við túnsléttun. Á yfirborði haugsins fann Nielsen það sem hann taldi vera blástursrör af físisbelg.<sup>26</sup> Í gjallhaugnum var að auki nokkuð um dýrabein, að mestu leyti brennd og í litlum brotum. Þá fannst nokkra sentímetra þykkt lag með einkennilegri ösku og smá flísum úr dýrabeinum.<sup>27</sup>

Nielsen lýsti ámóta stórum haugi heima við tún á Lundi, mest um 2m háum. Í honum kom í ljós mikið af eldsprungnu grjóti, en að öðru leyti virðist hann hafa verið svipaður haugnum á Vöglum. Nielsen getur þess þó að norðan við gjallhauginn renni lítill en straumpungur lækur. Enn fremur greinir hann frá þremur öðrum stöðum sem hann skoðaði í landi jarðarinnar. Við eyðibýlið Vindheima sagði hann að væri að finna svolítið af gjalli og kolum en jörð þar hafi verið hreyfð.<sup>28</sup> Við Búðarbrekku nefnir hann tvo staði til viðbótar, annars vegar fátæklegan stað með um 25 gjallmolum og hins vegar þetta gjalldreif um 8m í þvermál, með fremur smáum gjallmolum. Á nokkrum stöðum í næsta nágrenni þessarar dreifar var að auki mikið af viðarkolum.<sup>29</sup>

Ítarlegasta rannsóknin virðist þó hafa farið fram á Belgsá, en um 50m austur af Fnjóská kannaði hann leifar uppblásins gjallhaugs og rauðablástursminja. Nær allan jarðveg hafði blásið af minjunum svo þar var ber melur en undir gjallhaugnum var óhreyft 40-50sm þykkt jarðvegslag sem

<sup>24</sup> Nielsen nefnir fjóra staði á Lundi: einn í jaðri heimatúnsins, einn við eyðibýlið Vindheima og tvo við Búðará. Nielsen 1926, bls. 145-146.

<sup>25</sup> Fyrir umfjöllun um járnvinnslu í Fnjóskadal sjá t.d.: Nielsen, N. 1926: Jærnuðvindingen paa Island I fordums tider. *Aarbøger for nordisk Oldkyndighed og Historie*. 129-174, Kjøbenhavn.; Margrét Hermanns-Auðardóttir 1995: Skýrsla til Rannsóknarráðs Íslands um fornleifarannsóknir að Gásum og víðar á Norðurlandi eystra.; Espelund, A. 2004: Jernfremstilling i Fnjóskadalur i Island. En kort jamføring med Fyresdal i Telemark. I: Garðar Guðmundsson (ed): *Current Issues in ordic Archaeology: Proceedings of the 21st Conference of Nordic Archaeologists 6-9 September 2001*. 2328. Society of Icelandic Archaeologists, Reykjavík.; Arnkvern, Sindre. 2008: „Á því landi er málmr mikill.“ Íslands jernproduksjon i vikingtid og middelalder i relasjon til bosetningsmønster og sosial kontekst. Masteropgave i arkeologi Universitet i Bergen.

<sup>26</sup> Samhengið var að vísu óljóst og óvíst að rörið væri samtíða járnvinnslunni, sbr. Nielsen 1926, bls. 153.

<sup>27</sup> Nielsen, 1926, bls. 145.

<sup>28</sup> Nielsen, 1926, bls. 145.

<sup>29</sup> Nielsen, 1926, bls. 146.

vitnar um hvernig þar hefur verið umhorfs áður. Gjallhauginn sagði Nielsen vera um 5x15m á kant og mest um 75sm hærri en umhverfið, en gjalllagið sjálft ekki vera nema um 30sm þykkt.<sup>30</sup>

Haugurinn samanstóð af gjalli af hefðbundinni gerð og mikið af viðarkolum, en að auki fundust tveir járnklumpar, talsvert af dýrabeinum, steðjasteinn og mikið af óunnum mýrarrauða. Austan gjallhaugsins sagði hann vera reit þar sem rauðinn hafi verið ristaður (d. røstningsplads), kolagröf<sup>31</sup> og leifar af nokkrum brotnum eða hrundum ofnum og einum óröskuðum. Umhverfis óhreyfða ofninn var grjótdreif sem var um 2m í þvm. Sjálfur ofninn var hola innan grjótdreifarinnar, næsta ferköntuð 35x45x45x50sm og 45sm djúp. Ofninn var með því sem næst lóðréttu vegg og sléttan botn, hvort tveggja grjóthlaðið og þunnt leirlag á milli steina. Flestir steinanna voru 10-15sm á kant en þó var ein hliðin gerð svo til úr einni stórri hellu. Í miðjum ofninum voru steinarnir með gjallleifum og mikil ummerki um eld og hita bæði á steinum og leir. Í botni ofnsins var 7sm þykkt kolalag og ofan á því 15sm þykkt blandað lag með gjalli og kolum, en efst í því var ryðgað stykki af fullunnu járn. Yfir þessu blandaða lagi var náttúrulegt fokmoldarlag sem Nielsen taldi að safnast hefði fyrir í ofninum eftir að hætt var að nota hann. Ekkert affalls- eða blástursop virtist vera á þessum ofni og taldi Nielsen að blásið hefði verið að honum ofanfrá.<sup>32</sup>

Margrét Hermanns-Auðardóttir rannsakaði rauðablástursminjar í Fnjóskadal í samstarfi við Þorbjörn Á. Friðriksson efnafræðing árið 1989 og gróf m.a. upp minjar minniháttar járnframleiðslu á Skarðsseli á Bleiksmýrardal.<sup>33</sup> Þar fannst gjall frá járnvinnslu yfir gólfi í byggingu sem útfrá gjóskulögum var talið reist eftir 1100 en eldstæði í húsinu var í notkun á 13. öld, samkvæmt kolefnisaldursgreiningu á kolum úr eldstæðinu (sýni: K-6201 leiðréttur aldur AD 1210-1295).<sup>34</sup> Kolefnisaldursgreiningar (C<sup>14</sup>) á kolum úr gjallhaugunum á Belgsá, Lundi og Víðivöllum gáfu heldur hærri aldur. Þar voru sýni tekin af yfirborði gjallhauganna og gefa þar af leiðandi aldur við lok framleiðslu á stöðunum en upphaf.<sup>35</sup> Leiðréttur aldur á sýni frá Belgsá (sýni: T-13103) var AD 1040-1175; fyrir Lund (sýni: T-13104) AD 1165-1240; Víðivellir (sýni: T-13105) AD 1015-1155 og (sýni: T-13106) 1030-1170. Þá gerði Þorbjörn Á. Friðriksson könnun með jarðbor í eða við járnvinnslluminjar á Snæbjarnarstöðum við mynni Hjaltadals, á Smiðjuseli á Bleiksmýrardal og á Belgsá í Fnjóskadal og leitaði auk þess járnvinnslluminja á eftirtöldum stöðum: Fardísartóftum og Káraseli á Bleiksmýrardal, í landi Bakkasels og Bakka, án þess að geta staðfest þar nýja staði.<sup>36</sup>

Árið 2000 rannsakaði Arne Espelund rauðablástursminjar í dalnum og gerði í framhaldi efnagreiningar á mýrarrauða, gjalli og járn frá Víðivöllum, Lundi og Belgsá.<sup>37</sup> Megin niðurstöður hans voru þær að efniviðurinn hafi verið góður og hægt hafi verið að framleiða slitsterkt járn úr mýrarrauðanum á þessu svæði, en þó ekki herðanlegt stál.<sup>38</sup> Hve mikið kann að hafa verið framleitt af járn í Fnjóskadal er ekki að fullu ljóst en hægt er að geta sér til um það gróflega útfrá þeim leifum sem framleiðslan hefur skilið eftir sig, einkum með mælingum á gjallhaugunum. Samkvæmt mælingum Espelund á sýnum frá Belgsá kann hlutfall járn að hafa verið um 1:1 á móti gjalli og útfrá þeim tölum sem og athugunum á ummáli gjallhauga í dalnum taldi hann heildar framleiðsluna hafa numið allt að 500 tonnum á þeim 200-300 árum sem rauðablástur virðist hafa verið stundaður í dalnum.<sup>39</sup>

<sup>30</sup> Nielsen, 1926, bls. 146. Arne Espelund segir hauginn hins vegar 10x15m á kant og 80-100sm háan og minnst ekki á að neðstu 40-50sm séu náttúrulegur jarðvegur eins og Nielsen greinir frá. En útfrá þessum tölum telur Espelund rúmmál haugsins um 60m<sup>3</sup> varlega áætlað (Arne Espelund, 2004, bls. 25). Þarna ber augljóslega mikið í milli.

<sup>31</sup> Nielsen 1926, bls. 146 - hringlaga 2m í þvm., gæti hafa verið geymslustaður fyrir kol segir hann á bls. 153.

<sup>32</sup> Nielsen 1926, bls. 146, 150, 155.

<sup>33</sup> Margrét Hermanns-Auðardóttir og Þorbjörn Á. Friðriksson, 1992.

<sup>34</sup> Margrét Hermanns-Auðardóttir, 1995, bls. 17-18.

<sup>35</sup> Espelund, 2007, bls. 68.

<sup>36</sup> Margrét Hermanns-Auðardóttir, 1995, bls. 23-24.

<sup>37</sup> Espelund, 2004, bls. 23-28.

<sup>38</sup> Espelund, 2004, bls. 25.

<sup>39</sup> Espelund, 2004, bls. 26.



Rauðablástur hefur að líkindum verið stundaður í einhverju mæli frá upphafi byggðar í landinu. Rauðablástur var endá vel þekkt aðferð til vinnslu járns á Norðurlöndum og Bretlandseyjum, þótt einhverrar aðlögunar kunni að hafa verið þörf fyrir íslenskar aðstæður, s.s. vegna skorts á góðum leir til ofngerðar. Talið er að járnframleiðsla á Íslandi hafi að mestu liðið undir lok á 14-15. öld, þótt einstaka dæmi séu um rauðablástur á síðari öldum.<sup>40</sup> Um orsakir þess að rauðablástur hefur lagst af er ekki vitað, en meðal þess sem nefnt hefur verið er að kólnandi veðurfar samfara ofnýtingu skóglendis hafi valdið eldiviðarskortum og þá hafi verið sjálfhætt í svo eldiviðarfrekri starfsemi.<sup>41</sup> Þá hefur verið talið víst að innlend starfsemi hafi orðið undir í samkeppni við innflutt járn, sem hafi annað hvort eða hvort tveggja verið ódýrara og betra.<sup>42</sup> Hugsanlega er orsökina blanda af hvoru tveggja. Það er þó rétt að taka fram að gæði íslensks járns hafa lítið verið rannsökuð og tölur um innflutning á járninu eru ekki til fyrr en komið er fram á 17.-18. öld.<sup>43</sup> Vitneskja um útbreiðslu og umfang innlendra járnframleiðslu er að sama skapi brotkennd. Engu að síður eru í dag nokkur kjarnasvæði þekkt þar sem vitað er að rauðablástur hafi verið stundaður í töluverðu mæli, það er auk Fnjóskadal: Fljótsdalshérað, Þjórsárdalur, Borgarfjörður/Mýrasýsla, Snæfellsnes og Dalasýsla.<sup>44</sup> En rauðablástur í smærri sniðum hafi að líkindum verið stundaður víðsvegar um landið.

## Aðferðir

Við rannsóknina á Skógum var notast við uppgraftaraðferð sem á ensku nefnist „single context method“ og þýtt hefur verið sem „einingakerfi“. Einingakerfið fellst í því að skilgreina einingar sem samsvara einum atburði í myndunarsögu jarðlaga og þykir sú aðferð henta vel þar sem jarðlagaskipan er flókin og mannvistarleifar brotkenndar. Ein eining getur verið veggur, stoðarholi eða afmarkað lag, s.s. ruslalag eða gólf. Byrjað er á að ákvarða útmörk hverrar einingar og kanna hvort hún sé ofan á eða undir annarri. Svo eru einingarnar grafnar burt ein af annarri, efsta lagið fyrst, og þar með það yngsta, og svo koll af kolli. Hver eining er ljósmynduð og mæld upp og fær sérstakt númer sem skráð er á eyðublað ásamt upplýsingum um innihald, þykkt, umfang o.s.frv. Þannig verður til ítarleg skrá yfir öll jarðlög á svæðinu og innbyrðis tímaröð stórs hluta þeirra.

Þessi tímaröð er túlkuð og skýrð á myndrænan hátt með svonefndri „flæðitöflu“ eða á ensku „Harris Matrix“ og eru slíkar flæðitöflur birtar á nokkrum stöðum inn í skýrslunni fyrir valdar byggingar eða byggingarhluta til glöggvunar. Heildartafla fyrir öll jarðlög er ekki birt, enda yrði slík tafla gríðarlega flókin aflestrar og mikil að umfangi og að sama skapi illa fallin til útskýringar.

Til aldursgreininga er einkum stuðst við gjóskulagagreiningu. Þá eru þekkt einkenni og aldur gjóskulaga nýtt til að segja til um aldur jarðlaga, gripa og húshluta, eftir því hvort þau eru undir eða yfir tiltekinni óhreyfðri gjósku, eða hvort ákveðin gjóskulög finnast í torfi eða mannvistarlögum. Að undanskilinni gjósku frá Heklu frá árinu 1104 eru þau gjóskulög sem helst koma við sögu öll dökkleit en hafa þó sín einkenni sem oft er hægt að greina með berum augum, lit, grófleika o.s.frv. Þar sem gjóskulögin koma saman fleiri ein eitt getur röð þeirra komið að góðu gagni og tekið af vafa um hver þeirra eiga í hlut. Nákvæmari greiningar er hægt að gera á rannsóknarstofum þar sem kanna má efnasamsetningu, kornagerð og -stærð, magn og gerð kristalla og bergbrota o.s.frv., auk þess sem hægt er að aldursgreina þau með geislakolsmælingum (<sup>14</sup>C). Magnús Á. Sigurgeirsson jarðfræðingur var fenginn til Skóga og tók hann sýni til gjóskulagagreiningar meðan á uppgreftinum stóð. Þau lög

<sup>40</sup> Þorkell Jóhannesson, 1943, bls. 56; Nielssen, 1926, bls. 169. Heimild er um að norðmaður nokkur hafi unnið járn úr mýrarauða í Fnjóskadal á miðri 16. öld, sbr. Nielssen, 1926, bls. 147, 169.

<sup>41</sup> Espelund, 2004, bls. 23.

<sup>42</sup> Þorkell Jóhannesson, 1943, bls. 56; Nielssen 1926, bls. 169.

<sup>43</sup> Þorkell Jóhannesson, 1943, bls. 54.

<sup>44</sup> Kristín Huld Sigurðardóttir, 2004, bls. 19. Sbr. einnig Margrét Hermanns-Auðardóttir og Þorbjörn Á. Friðriksson 1992, bls. 6.

sem hann greindi voru í framhaldinu notuð til viðmiðunar við túlkun gjóskulaga á svæðinu. Í skýrslu Magnúsar Á. Sigurgeirssonar segir um gjóskulög á Norðurlandi:


„Rannsóknir hafa sýnt að nokkuð er af gjóskulögum í jarðvegi á Norðurlandi sem koma að gagni við aldursávarðanir fornminja. Þau gjóskulög sem best hafa nýst í þeim tilgangi eru, Landnámslagið (LNL) frá 870-880, Veiðivatnagjóska frá því um 940 (nefnd V-SV), Vj~1000, H-1104, H-1300, V-1477 og V-1717. Á Norðurlandi er svokölluð Landnámssyrpa (LNS) yfirleitt skýr en í henni eru allt að sex dökk gjóskulög með stuttu millibili, þegar best lætur. Lögin mynduðust á rúmlega 200 ára tímabili. Landnámssyrpan situr yfirleitt í dökkbrúnum jarðvegi, dekkri en jarðvegur ofan hennar og neðan. Yngsta lagið í LNS er lagið V-SV. Þykkt LNS er á bilinu 4-6 cm (Sigurður Þórarinnsson 1968, Guðrún Larsen 1982; 1984, Árni Einarsson *et al.* 1988, Bjarni F. Einarsson 1995, Karl Grönvold *et al.* 1995, Magnús Á. Sigurgeirsson 1998; 2002, Magnús Á. Sigurgeirsson *et al.* 2002; 2008).“<sup>45</sup>

Skýrslu Magnúsar má finna í heild sinni í fylgiskjölum aftast í þessari skýrslu. Þar sem fjallað er um gjóskulög í skýrslunni er þess sérstaklega getið ef viðkomandi gjóska hefur fengið greiningu á rannsóknarstofu, að öðrum kosti er um mat rannsóknaraðila að ræða sem byggir á samanburði við greind gjóskulög – staðsetningu miðað við önnur gjóskulög, lit, grófleika o.s.frv.

Rannsóknarsvæðið afmarkaðist af fyrirframgefnu áhrifasvæði framkvæmdarinnar og var í fyrstu skipt upp í tvö svæði, A og B. Járnvinnsluminjarnar og yngri leifar fjárhúsa á svæði A neðarlega á framkvæmdasvæðinu og svonefndur Geitakofi og byggingar undir honum svæði B, efst í jaðri framkvæmdasvæðisins. Í samráði við minjavörð var ákveðið að grafa könnunarskurði með reglulegu millibili upp eftir hlíðinni innan framkvæmdasvæðisins og opna þar stærra svæði ef ástæða þætti til. Sú varð raunin og á svæðinu á milli járnvinnslunnar og Geitakofans komu í ljós byggingaleifar og öskuhaugur, sem varð til þess að þar var opnað stórt svæði sem kallað var C og var á endanum opnað milli þess og svæðis A. Þegar yfir lauk var búið að aftyrfra um 1770m<sup>2</sup> svæði.

---

<sup>45</sup> Magnús Á. Sigurgeirsson, 2012, bls. 1.



## Svæði A

Svæði A var um 100m norðvestur af hlöðu sem stendur fast neðan við gamla bæjarstæði Skóga. Þar var sýnileg fjárhústóft á yfirborði og komu eldri minjar í ljós undir þeim vorið 2011. Í skýrslunni sem gerð var eftir könnun á minjunum vorið 2011 segir:


„Leifar fjárhústóftar eru nyrst og efst í túni en fjárhúsin voru í notkun fram á 20. öld. Leifar eldra útihúss fundust undir fjárhústóftinni, líklega lambhúss þess sem getið er í úttekum á 19. öld. Báðar tóftir eru eftir gjóskufall sem verður líklega á 18. öld. Eldra útihúsið kann því að vera í fyrsta lagi frá seinni hluta 18. aldar en það er í notkun á seinni hluta þeirrar 19. Undir því fundust svo leifar kolagerðar, allt frá því fyrir 1104. Austan fjárhússins kom svo í ljós eins og hálfs metra hár gjall- og kolahaugur sem bendir til járnvinnslu á staðnum. Járngerðarminjar hafa fundist víðar í Fnjóskadal og ljóst er að víða hefur einnig verið gert þar til kola. Í borkjörnunum sem teknir voru í og umhverfis fjárhúsið komu allsstaðar fram kolalög og virðist sem útihúsin hafi verið reist beint ofan á þessum járnngerðarminjum en ekki var ljóst hvort eða hversu stór hluti minjanna kann að hafa orðið fyrir skemmdum vegna seinni tíma framkvæmda.“<sup>46</sup>

<sup>46</sup> Guðný Zoëga, 2011b. Bls. 16.

Haustið 2011 var hreinsað ofan af svæðinu með vélgröfu alls 650m<sup>2</sup>. Veggir yngri fjárhústóftarinnar sem gefið var númerið A1 voru að mestu fjarlægðir með gröfu sem og annað 20. aldar rusl sem safnast hafði fyrir í tóftinni. Hin húsin, „Lambhúsin“ sem fengu númerið A2 stóðu lægra og var mokað uppúr þeim með handverkfærum. Húsin hafa bæði verið byggð ofan á járnvinnsluminjunum en gjallhaugurinn sjálfur var að mestu leyti austan við þær.

Yngri fjárhúsin (A1) reyndust ekki hafa valdið jafn miklu raski og búast mátti við. Þrátt fyrir að vera niðurgrafin náðu þau ekki niður að gólfum og neðstu hluta veggja bygginganna sem tengdust járnvinnslunni, hins vegar höfðu þau verið grafin niður í gegnum hugsanlega hlöðu eða heytóft og hluta af norðurvegg Lambhúsanna (A2). Lambhúsin voru sömuleiðis niðurgrafin og höfðu valdið meira raski á eldri minjum. Þau höfðu verið grafin niður í gegnum 12. aldar byggingu A3 og var aðeins veggjabrot eftir af henni, þá hafði verið grafið í gegnum um 10sm þykkt lag norðarlega milli A1 og A2 sem líktist helst gólfi í útihúsum (þjappað tað) og var meintu gólfi gefið mannvirkjanúmerið A4 þótt óvarlegt sé að fullyrða að um hús hafi verið að ræða. Á svæðinu þar sem yngri og eldri fjárhúsin sköruðust, komu í ljós leifar byggingar sem hefur verið samtíma járnvinnslunni, byggingin var mikið röskuð af fjárhúsunum en þó mátti greina innbrúnir og nokkrar stoðarholur og leifar gólflaga, en erfitt er að segja til um hlutverk þess. Við framhald rannsóknarinnar árið 2012 kom jafnframt í ljós að leifar eldri rauðasmiðju A7 voru undir A2 og hafði gólf fjárhúsanna verið grafið niður á smiðjugólfið og nokkuð rask orðið á vesturhlið byggingarinnar. Sama ár kom einnig í ljós mannvirki A8 vestan A2 sem túlkað hefur verið sem kolageymsla.

## A1 - Útihús (20. öld)



Mynd 2. Einfaldaður uppdráttur af byggingunum á svæði A, að undanskýldri eldri rauðasmiðjunni A7 og meintri kolageymslu A8 frá sama tíma. Veggir 20. aldar fjárhúsanna A1 eru grænir.

Fig. 2. A simplified drawing of the structures and slag heap in area A. For the sake of simplicity the older smelting hut A7 and a presumed charcoal storage A8 are not drawn here. The walls of the 20. century sheep barn A1 are green.

Tóftin var upphaflega mæld upp á yfirborði við fornleifaskráningu 2006, þar segir m.a.:

„[...] Um 165 m norðvestur af bænum eru tóftir fjárhúss. [...] Tóftin er tvöföld, fjárhús með hlöðu, hún liggur norðaustur/suðvestur. Tóftin er um 12 m löng og um 7 m á breidd að utanmáli, dyr eru til norðausturs. Mikill gróður var í tóftinni og erfitt að greina nákvæmlega veggjalög, þó sá í grjót í vegghleðslum. Hæð veggja er um 2 m og breidd um þrír þar sem þeir eru breiðastir. Sigurður Indriðason segir að hús þessi hafi verið í eigu Sigurðar Helgasonar sem var lausamaður á Skógum, hafði hann þar bæði fé og hesta.“<sup>47</sup>

Þegar búið var að hreinsa innan úr tóftinni og ofan af veggjum [140=104] mældust þeir um 150sm frá gólfi [136]. Skorið var niður fyrir veggjunum um 50-60sm [1399, einföld steinaröð neðst og rótað torf bak við steinana, en heldur heillegra torf ofar og heilir hnausar efst, hlaðið úr klömbu.

Smáræði af timburleifum var í tóftinni og brot af asbests plötu, steypubrot, brotnar flöskur, blikkfata og gjarðahringar af tunnum og smáræði af 20. aldar rusli öðru sem ekki var talin ástaða til að varðveita. Engin sýni voru heldur tekin úr jarðlögum sem tengdust þessari tóft.

<sup>47</sup> Bryndís Zoëga og Guðný Zoëga, 2006, bls. 15.

## A2 - Útihús „Lambhús“ (19. öld)



Mynd 3. Horft til NNA yfir leifar 19. aldar fjárhúsa A2 á svæði A.

Fig. 3. Looking NNE over 19th century sheep byre A2 in area A.

Eldri fjárhús af tveimur á svæði A. Við fornleifaskráningu jarðarinnar 2006 voru fjárhús frá 20. öld A1 mæld upp og skráð en jafnframt getið heimilda sem bentu til eldri fjárhúsa á sama stað, svonefndra Lambhúsa sem getið er í úttektabók frá 1892.<sup>48</sup>

Á túnakorti frá 1918 má sjá útihús í jaðri túnsins um 160m frá bænum. Um 165m norðvestur af bænum eru tóftir fjárhúss. Í úttekt á Skógum frá 1892 segir: „Lambhús út á velli“ Úttektabók Suður-Pingeyjarsýslu, 237).

Fjárhúsin A2 snéru nálega norðvestur-suðaustur og voru 3,6x3,2m að innanmáli með útgang fyrir miðjum austurvegg. Garði var eftir húsinu endilöngu og að því er virðist innangengt af honum til norðurs inn í hlöðu eða heytóft. Bygging yngri fjárhúsanna hefur hins vegar raskað þeim hluta hússins. Krærnar voru niðurgrafnar [152] um 40-50sm og því gengið niður í húsin austanfrá sem hallar þó undan brekkunni. Hlaðið hefur verið með allstóru grjóti að innanverðu með útveggjum, en grjóthleðslur voru ekki á garðanum. Rótað torf var bak við steinana en heillegra torf ofan á þeim [151]. Austari króin hefur verið grafin niður að gólfi eldri rauðasmiðjunnar A7 og vestari króin niður að svörtu kolalagi utan við meinta kolageymslu A8. Þegar mokað var uppúr húsinu 2011 var 1-5sm rauðleitt gólfslag [146] úr taði og heysalla í hvorri kró sem losnaði auðveldlega frá kola- og góflaginu undir.

Árið 2010 þegar forkönnun fór fram á fjárhúsunum A1 var grafinn könnunarskurður (Skurður 14) með gröfu sunnan við fjárhústóftina A1 sem sást á yfirborði og fór hann í gegnum fjárhúsin sem hér um ræður og fjarlægði að mestu leyti garðann og skar húsið í sundur eftir endilöngu. Engar

<sup>48</sup> Úttekt á jörðum í Hálshreppi (1892). Héraðsskjalasafn Pingeyinga HRP 39-4, bls. 432-438.



stoðarholur eða stoðarsteinar fundust meðfram því sem eftir var af garðanum, né heldur með útveggjum. Hugsanlega hafa þaksperrur hvílt á útveggjunum en óvíst er hvernig stoðum hefur verið fyrirkomið inn í húsinu miðju. Það er algengt fyrirkomulag í uppistandandi húsum að stoðir séu í tvöfaldri röð beggja vegna garðans en ekki er hægt að fullyrða um að svo hafi verið hér.

Engir gripir fundust í þessari byggingu. Yfir fjárhúsunum A2 var hins vegar grátt ruslalagi [137=134=135], sem virtist hafa verið sett niður til að jafna yfir tóftirnar löngu eftir að þær féllu úr notkun. Í þessu ruslalagi var mikið af brenndum beinum og m.a. hald úr plasti (celluloid), líklega af borðhníf (þjms. 2011-75-22) og lagið því í allra elsta lagi frá lokum 19. aldar, en mjög líklega frá fyrri helming 20. aldar.

### A3 - Byggingaleifar (12.-13. öld)



Mynd 4. Leifar A3, horft NV.  
Fig. 4. Remains of building A3, looking NW.



Mynd 5. Horft SV yfir hleðslu í A3, sem myndað hefur SV hlið (gaffl) hússins. Framan við vegginn er einföld steinaröð yfir gólfi sem tilheyrði veggjum A2.  
Fig. 5. Looking SW over remaining walls of building A3, two rows of stones can be seen. The one further away is the actual wall of A3, a single line of stones in front of the wall and on top of the floor of the building is from the walls of later building A2.


Í sniði skurðar 14 frá 2011 kom í ljós steinaröð undir 1300 gjóskunni en yfir gjóskunni frá 1104, á þeim tíma var ekki ljóst að um byggingu væri að ræða en talið að steinarnir tilheyrðu kolalögum í skurðinum.<sup>49</sup> Þegar grafið var niður á minjarnar varð ljóst að um leifar byggingar væri að ræða og fékk hún númerið A3. Fjárhúsin A2 hafa verið grafin niður í gegnum minjarnar og var aðeins vesturendi þessa húss eftir, vegghleðslur og gólflag, sem mynduðu líkt og útskot til suðvesturs syðst á vesturvegg A2. Skorið hefur verið niður fyrir vegghleðslum 30-40sm og hlaðið úr grjóti upp við bakkann. Að norðan og vestan var skorið í gegnum bakka með blönduðum kola- og moldarlögum efst og niður í náttúruleg lög undir því, ekkert torf var greinilegt ofan á bakkanum, að sunnan var hins vegar greinilegur veggstubbur úr torfi með grjóthleðslu neðst. Grjóthleðslan var 1,2x1,1m en sjálft torflagið [153] ofan á grjótinu var 70x80x10sm. Innanmál grjóthleðslunnar í bakkanum frá norðri til suðurs var 2,2m en óvíst með lögun eða mál byggingarinnar að öðru leyti vegna síðari tíma rasks. Greinilegt gólflag [1058], húsdýragólf líkt því sem var í A2, lá upp að neðstu steinaröðinni í vegghleðslunni og stóð um 20sm hærra en gólfið í A2. Það var 12sm þykkt og mest 50x170sm á kant og náði því ekki yfir allt svæðið sem afmarkaðist af hleðslunni. Einföld steinaröð var yfir góflinu, hluti af veggjum A2, en undir því þjappað hart lag blandað kolum og brenndum beinum, upphaflega álitid ruslalagi frá járnvinnslnunni, en gæti einnig verið eldra gólflag. Engir gripir fundust í horni þessarar byggingar, en mjög lítið var eftir af henni eins og fram hefur komið.

<sup>49</sup> Guðný Zoëga, 2011b, bls. 7-8.

**Túlkun:** Byggingin er frá tímabilinu eftir 1104 en fyrir 1300 og því samtíða járnvinnslu á svæðinu. Í húsinu var húsdýragólf en óvíst hvort húsið hafi upphaflega verið byggt sem útihús eða fengið það hlutverk síðar.

#### A4 - Hugsanlegar byggingaleifar

Bæði fjárhúsin A1 og A2 voru grafin niður í gegnum þjappað lag [149=150], og sáust leifar þess á tveimur stöðum á milli húsanna. Lagið var mjög líkt gólfinu í A2, rauðleitt taðlag með heysalla 5-8sm þykkt. Engar byggingaleifar aðrar var hægt að tengja þessu lagi og er óvarlegt að fullyrða að um eiginlegt hús hafi verið að ræða þótt lagið líkist helst gólflagi í útihúsum. Óvíst er, en ekki útilokað, að þessi lög tengist byggingaleifum A3, hvort sem þau hafa verið innan- eða utandyra. Engir gripir fundust í þessum lögum.



Mynd 6. Yfirlitsteikning af rauðasmiðju A5 og yngri fasa járnvinnslunnar.

Fig. 6. Overview diagram of smelting hut A5 and post 1104 phase of the iron production site.

#### A5 - Rauðasmiðja (12.-13. öld)

Bygging A5 snéri NNV-SSA og var 3,5x6,5m að innanmáli og um 6x12,5m að utanmáli. Til einföldunar er þó talað um vegg með vísun í höfuðáttirnar gaflar að norðan og sunnan og langveggir til austurs og vesturs. Innangengt hefur verið í annan byggingarhluta A6 til vesturs um stutt göng við suðurgafli, en útgangur gengt þeim til austurs út og upp á gjallhauginn. Hugsanlegar ofnaleifar fundust á a.m.k. þremur stöðum í norðurhluta byggingarinnar og til þess að gera heillegar leifar tveggja ofna hvor á sína hönd fyrir miðjum langveggjum. Heillegar leifar af afli fundust einnig undir



gólfi á milli þeirra og mögulegar leifar annars afls nokkru norðar. Þessi mannvirki voru öll að einhverju leyti undir gólflögum frá síðasta notkunarskeiði byggingarinnar, en gólflögin voru einsleit og ekki hægt að greina þau í sundur nema innskotslög eða byggingahlutar gæfu tilefni til slíks. Í suðurgaflí hússins hefur verið gert hringlaga útskot og ljóst af uppsöfnuðum lögum innan þess og endurbyggðum torfveggjum umhverfis að þar hafa farið fram endurteknar athafnir til lengri tíma. Hugsanlega er þar um að ræða leifar ofns til rauðablásturs þótt hann sé með nokkuð öðru sniði en botnar hinna ofnanna sem varðveittust en einnig má vera að þarna hafi rauði verið ristaður yfir eldi áður en hann var settur í ofnana.

Landinu hallar nokkuð á þessum stað eins og fram hefur komið og hefur verið grafið niður fyrir gólfi hússins. Um 50-60sm hár bakki var að vestanverðu inn í brekkuna en um 10sm brún afmarkaði gólflötinn til austurs. Veggir hússins hafa verið til þess að gera beinir, ólíkt eldri rauðasmiðjunni A7 sem var með ögn bogadregna vegg (sjá nánar um hana síðar í skýrslunni). Lítið var þó eftir af sjálfum veggjunum vegna rasks af völdum fjárhússanna A1 og má vera að þeir hafi frá upphafi verið óverulegir, a.m.k. til austurs. Við norðurgaflinn voru að vísu leifar af nokkuð stæðilegum vegg en aðeins óverulegar torfleifar fundust að vestan og austanverðu [218=2813]. Í suðurgaflinum, sín hvorum megin við hringlaga mannvirkið [30] voru hins vegar stæðilegar grjótt- og torfhleðslur, en hringlaga mannvirkið var eingöngu úr torfi. Greinileg ummerki eftir eld voru í efri brúnum torfs í þessu hringlaga mannvirki og nokkrar viðgerðir greinanlegar þar sem veggjaleifum hefur verið mokað út og hlaðið að nýju í eyðuna.

Sex stoðarholur voru í norðurhluta rauðasmiðjunnar A5 ásamt nokkrum smærri holum eftir prik eða stafi af einhverju tagi. Af staðsetningu stoðarholanna að dæma er ólíklegt að þær hafi allar verið hluti af burðarvirki byggingarinnar, þrjár þeirra eru þó út við vegg hússins og kunna að hafa verið þakberandi stoðir [340], [341] og [342], þá var ein [351] svo gott sem fyrir miðju húsi, um 130sm frá norðurveggnum og gæti hún einnig tilheyrt burðarvirki. En tvær holur hafa örugglega haft annan tilgang, annars vegar hola [353] með flötum stein í botni um 120sm vestur af holunni í miðjunni og stór hola [2197] (40x29sm og 8sm djúp) með flötum stein í botni var sömuleiðis aðeins norðar en í línu á milli þessara. Saman mynda þessar sex holur í það minnsta ekki sannfærandi stoðaröð, e.t.v. er það vegna endurbyggingar, en hitt er þó líklegra að hluti þeirra hafi haft annan tilgang. Tvær stoðarholur [337] og [346] voru svo við suðurgafl A5 sín hvoru megin við mannvirki [30]. Þær gætu hafa verið til að halda uppi þaki en þær gætu einnig tengst mannvirki [30] með einhverjum hætti.

Efsta gólflagið í A5 var svart kolalag [198]. Lagið náði norður fyrir ofnleifarnar í miðju húsinu, en ekki jafn langt og neðstu útmörk hússins til norðurs. Lagið var þykkast í suðurenda um 20sm en þynntist til norðurs. Kolalurkar voru syðst í laginu við hringlaga mannvirki [30], en smærri kurl út frá því og kolasalli annarsstaðar í gólfinu. Inn á milli kurlans var hrein brún fokmold sem bendir til að þarna hafi farið fram árstíðabundin járnvinnsla en syðst í húsinu var fokmoldin um 5sm þykk á milli kolalaga. Fyrir miðju þessa lags [198] voru nokkrir steinar í röð og einn gjallmoli í svolítilli dæld [2232], hugsanlega ofnleifar. Um mitt lagið að austanverðu voru örli til brot af brenndum beinum, en töluvert af brenndum beinasalla var einnig að finna úti á gjallhaugnum eins og fjallað verður um síðar.

Sunnan við ofnana [25] og [23] undir gólfi [198] tók við annað svart gólflag [224 sama og 11313] sem náði yfir suður hluta rauðasmiðjunnar. Þetta gólflag var illaðgreinanlegt frá hinu að öðru leyti en því að í því var töluvert meira af gjalli, litlum dropum og perlum sem og sindri (smáum járn- og gjallflísum) sem hafði ekki verið áberandi í efra laginu. Megináferð þessa gólflags var malarkenndur sandur blandaður með gjalli, sindri og kolasalla. Lagið var þynnt við útganginn og ganginn inn í A6.

Þetta neðra gólflag náði eins og áður segir yfir suðurhluta byggingarinnar en sá hluti var grafinn dýpra niður en norðurhlutinn. Upphaflegi gólflöturinn í suðurhlutanum, þ.e. áður en gólflögin tóku að safnast þar upp, stóð um 30-40sm lægra en norðurhlutinn og voru greinilegu ofnarnir á þessum skilum. Annars vegar ofninn að vestan örlítið niðurgrafinn (10sm) ofan á bakknum með gryfju sunnan við sem náði niður fyrir gólfið. Hins vegar ofninn að austan [23] grafinn inn í bakkann og hlaðið á móti þar sem snéri til suðvesturs að gólfinu.


Undir gólfi [198] að norðanverðu tóku við annars konar lög samsett úr afmörkuðum mýrrarauðalögum annars vegar og kolalögum hins vegar. Í miðju hússins var dökkt kolagólf [224] örlítið blandað rauða en sitthvorum megin við það voru aflangar dældir meðfram útmörkum byggingarinnar og voru þær fullar af mýrrarauða og kolum til skiptist.

Líklega hafa bæði rauði og kol verið geymd í norðurhluta byggingarinnar svo hægt væri að hafa hvort tveggja nærtækt þegar rauðablásturinn hefur farið fram.

Hluti rauðans sem þarna var að finna reyndist vera segulmagnaður, sem bendir til að hann hafi komist í snertingu við eld. Til að rauðinn verði segulmagnaður þarf að hita hann upp í um 600°C og má vera að hann hafi gagngert verið ristaður áður en hann var settur í ofnana. Hitt kann líka að vera að þarna hafi verið um rauðaleifar úr ofnum sem ekki hafi brunnið og ekki er hægt að fullyrða án frekari greiningar á sýnum hvort ristun rauða hafi verið stunduð með skipulögðum hætti á Skógum.




Mynd 7. Horft til suðurs yfir norðurenda yngri rauðasmiðjunnar A5.  
Fig. 7. Looking south over the northern end of the later smelting hut A5.



Mynd 8. Meint rauða og kolageymsla í norðurhluta yngri rauðasmiðjunnar A5.  
Fig. 8. Possible charcoal and iron ore storage in the northern part of the later smelting hut A5.

#### [15] Hugsanlegar ofnleifar að norðvestan í A5



Mynd 9. Hugsanlegar ofnleifar [15] í NV-hluta A5.  
Fig. 9. Possible furnace remains [15] in NW part of A5.



Mynd 10. Mannvirki [15] hugsanlega ofn, horft suður.  
Fig. 10. Structure [15], possible furnace, looking south.

Fylling [213] í niðurgreftri [219] innihélt afar mikið magn af gjallmolum – allt frá litlum (1sm í þvm.) upp í stórar (10-15sm í þvm.) Umhverfis fyllinguna var torf [214] sem skurðurinn [219] hefur verið gerður í. Torfið var um 5sm þykkt með stórum flekkjum úr H3 og náði rúmlega hálfhring utan um fyllinguna og niðurgroftinn og virðist því hafa umlukt ofninn að vestan, norðan og austan. Flatur steinn var í torfinu að norðaustan og náði hálfur inn í fyllinguna.

**Túlkun:** Hugsanlega leifar ofns.





Mynd 11. Mögulegar ofnleifar [16] norðan við ofn [23] meðfram austurvegg yngri rauðasmiðjunnar A5.

Fig. 11. Possible furnace remains [16] north of furnace [23], along the eastern wall of the later smelting hut A5.



Mynd 12. Hugsanlegar ofnleifar [17] - hleðsla í hálfboga yfir aflöngum niðurgreftri í miðri rauðasmiðju A5.

Fig. 12. Possible furnace remains [17], a small stone structure on top of a shallow oblong truncation.

### [16] Hugsanlegar ofnleifar NA í A5

Fast norðan við ofn [23] var svolítill dæld ögn sporöskjulaga frá austri til vesturs 50x60sm og um 5sm djúp með aflíðandi brúnir. Í dældinni var kolasalli [215] með smáræði af sindri, en umhverfis var torfkragi [216], um 30sm breiður sem náði umhverfis dældina og ofan á torflaginu voru nokkrir steinar og hluti þeirra eldsprunginn, ásamt dreifum af mýrarrauða.

**Túlkun:** Hugsanlega eru þetta leifar af botni ofns, þótt ekki sé það afgerandi.

### [17] Hugsanlegar ofnleifar fyrir miðju í A5

Svolítill hleðsla af fremur smáum steinum sem myndaði hálfboga til norðurs var í miðri byggingunni. Hleðslan var yfir aflöngum niðurgreftri [700] sem var 90x56sm á kant norður-suður (örlítið skáhalt á stefnu hússins) með aflíðandi brúnir og um 10sm djúpur.

**Túlkun:** Hugsanlega eru þetta leifar af botni ofns, þótt ekki sé það afgerandi.



Mynd 13. Horft þvert yfir miðja rauðasmiðju A5 til ANA. Síð hvoru megin við stikuna eru tveir niðurgreftir sem óvíst er hvernig skuli túlka en gætu verið för eftir niðurgrafnar steinhellur líkt og í aflí [24] sem sést hægra megin við miðja mynd. Fig. 13. Looking ENE across the middle of the later smelting hut A5. Two oblong holes or truncations, interpreted as possible hearth remains [18], are to be seen on both sides of the meter scale. The holes look as if stone slabs may have been removed from them, and the structure might originally have looked somewhat like hearth [24].

#### [18] Hugsanlegur afl í miðju norðanvert í A5

Í miðju húsi milli greinilegu ofnleifanna tveggja í A5 var niðurgroftur [11693/fylling 11713=350] um 52x75sm á kant og 28sm djúpur. Óreglulegur að lögun, bæði útlínur að ofan sem og hliðar og botn. Í botninum var aflöng hola með stefnu þvert á húsin og önnur mjög svipuð hola rétt sunnan við hana, sporöskjulaga með stefnu þvert á húsið [11742/ fylling 11757 ].

**Túlkun:** Óvíst er hvernig skuli túlka þessar holur, en þær líta út eins og för eftir uppréttar steinhellur og voru túlkaðar sem mögulegar leifar afls í líkingu við afl [24] aðeins sunnar.

#### [25] Ofn að vestan í A5

Upp við vesturvegg rauðasmiðjunnar A5 var ofn [25]. Sjálfur ofninn hefur staðið upp á bakkanum sem skipti gólfleti hússins og verið örlítið niðurgraffinn, en umhverfis hann ofan á bakkanum til vesturs, norðurs og austurs voru leifar af torfi.

Við hreinsun á lögum í A5 kom fyrst í ljós fylling í stórum niðurgreftri [223] en norðan við hana var lag [338] með óreglulegar útbrúnir og um 5sm þykkt, í því var talsvert af brenndum steinum á víð og dreif, gjallleifum, leir, bæði mjúkum og brenndum auk rauða sem lent hefur í eldi og kolasalla. Undir þessu lagi kom hinn eiginlegi ofn í ljós. Hann var grafinn niður um 25sm. Efst í niðurgreftrinum [355] var um sm 20sm þykkt torflag [363]. Torfið var með öllu laust við kol en í miðju var hringlaga hola eða bolli [365] sem fylltur var með rauðamöl og grjóti. Umhverfis þetta torflag, með brúnum niðurgrafterins var laus jarðvegur sem samanstóð af sóti og sindri [362] en neðst í miðjum ofni undir torfinu var þjappað sindurlag 45x45sm á bilinu 3-5sm þykkt. Ofan á sindurlaginu við botn ofnsins að sunnan var lítið handverkfæri, járnteinn í viðar- eða beinskafti, hugsanlega síll (þjms. 2011-75-12). Niðurgrofturinn sjálfur, full grafinn, var um 60sm á kant við botn með rúnnað horn og ávalar brúnir og óreglulegar efri brúnir á bilinu 60-70sm á kant opinn til suðurs að stóra niðurgreftrinum [223].

Við brúnina niður í stóra niðurgröftinn voru nokkrir steinar og þrjár holur eftir granna stafi (5-6,5 sm í þvm. og 7-8sm djúpar). Holurnar ([4078]/ fylling [4083]; [4088]/ fylling [4093]; [4189]/ fylling [4200]) voru fullar af sóti, kolasalla og smásteinum og viðarleifar fundust í einni þeirra [4093]. Vestasta holan [4078] var svolítið skásett til vesturs inn í hlið ofnsins.

Niðurgröftur [223] var á bilinu 110-130sm í þvm. og 50sm djúpur. Efst í honum var 11sm lag af kolakurli [222] með fokmold inn á milli. Undir kolakurlinu var 19sm þykkt lag [4201] sem samanstóð af sótugu efni, kolasalla, ásamt eldbrunnum steinum, sindurflögum, leir og gjalli (bæði brotum með kaðlamynstri sem og smáum gjallkúlum). Í botni holunnar var dökkt 15sm þykkt lag [13397] sandkennt með einstaka kolamolum og smásteinum, áberandi mest af sindurleifum var í norðausturhorni lagsins.

Rúma 15sm norðan við ofn [25] var því sem næst ferhyrnd hola [357=358], með rúnnaðar brúnir. Holan var 30sm djúp og 20sm á kant, með beinar brúnir og flatan botn. Fyllingin [359] samanstóð af kolablönduðum jarðvegi, lík og gólflögin í A5, en auk þess með smá torf í miðju.

**Túlkun:** Ofninn stóð eins og fram hefur komið á bakkanum sem þrepskipti rauðasmiðjunni þannig að gólfið í suðurhlutanum stóð um 30-40sm lægra en í norðurhlutanum. Ofninn var að hluta grafinn niður í bakkann, en opinn til suðurs fram af bakkanum en þar var jafnframt búið að grafa gryfju í gólfið til að dýpka það enn frekar framan við ofninn. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi þetta hefur verið gert en ámóta gryfjur voru líka í gólfinu milli ofnanna í eldri rauðasmiðjunni A7. Hugsanlega hefur þetta bætt vinnuhæð við ofnana eða þjónað sem einhverskonar affallspyttir til að taka við gjalli sem runnið hefur útúr þeim.

Um efri hluta þessa ofns er erfitt að fullyrða en þó er hægt að geta sér nokkuð til um hvernig hann kunni að hafa verið byggður útfrá þeim leifum sem hér fundust. Að norðanverðu í ofninum var flöt steinhella sem virtist hafa fallið inn, en hún hefur að líkindum staðið upp á rönd í innanverðum ofninum. Meðfram innbrúnum ofnsins var að auki laus jarðvegur umhverfis þjappaða sindurpönnu í miðjunni sem markar líklega eiginlegt innanmál ofnsins (um 45sm í þvm.) og mætti hugsa sér að steinhellur hafi staðið þar upp á endann, að vestan, norðan og austan, og torfi verið hlaðið þar umhverfis, en óverulegar torfleifar var að finna umhverfis ofninn til þessara átta. Að sunnan var hins vegar bakki beint niður í gryfjuna, en eftir brúninni voru þrjár holur eftir pinna eða granna stafi af einhverju tagi. Holurnar voru í beinni línu, ein í hvoru horni ofnsins og ein til hliðar við miðju. Hugsanlega hefur prikum verið stungið þarna niður til að styðja við aflstein, þ.e. steinhellu með gati fyrir físisbelgsrör til að blása að ofninum. Til viðbótar var að vísu grunn pinnahola í norðausturhorni ofnsins og má vera að holurnar í hornunum hafi þjónað sem einhverskonar stoðgrind þegar verið var að byggja ofninn, en sambærilegar holur eftir granna stafi eða prik var að finna í báðum ofnunum í eldri rauðasmiðjunni A7. Við ofn [21] í A7 var að auki lítil hola líkt og var að finna norðan við ofn [25] sem og við ofn [23] í A5 og því líklegt að um samskonar fyrirbæri sé að ræða. Hugsanlega far eftir ílát af einhverju tagi, s.s. vatnsbyttu til að kæla tangir og verkfæri við rauðablásturinn. Í öllum tilfellum eru holurnar það nálægt ofnunum að ólíklegt er að veggir þeirra hafi verið mjög breiðir, holan við ofn [25] var 15sm frá niðurgreftinum fyrir honum og því rúma 25sm frá meintum innbrúnum ofnsins og að því er virðist eitthvað svipað á ofni [21] en holan við [23] er rúma 30sm frá innbrún ofnsins.





Mynd 14. Fallin steinhella í efri lögum fyllingar í ofni [25].

Fig. 14. Fallen stone slab on top of filling in furnace [25].



Mynd 15. Umhverfis þétt lag í miðju ofns [25] var laust kolalag, hugsanleg ummerki um steinhellur sem hafa verið fjarlægðar.

Fig. 15. Loose material excavated, around more dense layer in the middle of furnace [25], possible signs of removed stone slabs.



Mynd 16. Við botn ofns [25] var blandað torf, rauði og gjall.

Fig. 16. Near the bottom of furnace [25] was mixed turf, iron ore and slag.



Mynd 17. Þjappað sindur- og kolalag var í botni ofns [25], en á botninum fannst lítið handverkfæri hugsanlega síll (þjms. 2011-75-12).

Fig. 17. Compact layer of hammer scale and charcoal was at the bottom of furnace [25]. On top of that was a small handheld tool, possibly a punch of some sort (þjms. 2011-75-12).



Mynd 18. Ofn [25] fullgraffinn, leifar ofns, steinar og gjall, sjást í pyttinum neðst á myndinni.

Fig. 18. Furnace [25] excavated, charred stones and slag, presumably from the furnace can be seen in the pit at the bottom of the picture.



Mynd 19. Pytturinn sunnan við ofn [25] næsta fullgraffinn.

Fig. 19. The pit south of furnace [25] almost fully excavated.



### [23] Ofn að austan í A5

Ofn [23] var næsta hringlaga á yfirborði [220] 50sm í þvm. og um 50sm djúpur, grafinn inn í náttúrulegan bakka sem þrepskiptir gólfpletinum í rauðasmiðju A5 um mitt hús. Ofninn var grafinn inn í bakkann að vestan, norðan og austan, með grjóthleðslu að suðvestan, sem var að vísu næsta vinkillaga með horn í suðvestur inn að gólfi hússins. Hleðslan til suðvestur var úr fremur smáum hleðslusteinum 15x15x10 – 20x20x15 en þynnri hellum hafði verið raðað ofan á bakkann umhverfis brúnir niðurgraftarins í aðrar áttir. Til norðurs frá ofninum var torfhrun [4438] sem náði 2m til norðurs og var mest 120sm breitt. Fyllingu ofnsins var tvískipt, efri fyllingin [217] samanstóð af rauðamulningi og var um 3-5sm þykkt, undir því var um 45sm þykkt lag [221], af kolum, sóti og smáræði af járnköggjum eða járnriku gjalli, neðst í laginu var 12sm langur járnteinn (þjms. 2011-75-4). Steinarnir í ofninum voru sumir eldsprungnir og báru þess merki að hafa verið í eldi. Einn steinn skar sig verulega úr, en hann var efst í hleðslunni, sporöskjulaga rúnnaður steinn með geil á hliðinni sem sneri upp og var með ábrenndu gjalli.

Fjórar holur eftir granna stafi af einhverju tagi voru um 50sm suðvestur af ofninum og gætu tengst festingum eða grind fyrir físisbelg. Holurnar voru á bilinu 4-7sm í þvm. og 11-13sm djúpar: [12828/fylling 12834], [12856/fylling 12864], [12872/ fylling 12884], [12896/fylling 12902].

Um 20sm sunnan við niðurgroftinn var hola [13183/fylling 13197] sem vafalaust tengist ofninum. Holan var 20-22sm í þvm. með stall í botni 15-35sm djúp. Fyllingin skar sig frá gólfi [11313] sem var yfir og virtist hafa fyllt upp í flestar stærri holur á svæðinu fyrir utan þessa, hún var laus í sér og samanstóð af torfblönduðum fokjarðvegi og kolum.

**Túlkun:** Ofninn virðist með nokkuð öðru sniði en ofn [25] gengt honum og má vera að það endurspegli annað hlutverk. Smá renna virtist vera útfrá ofninum um hleðsluna til suðvesturs um 40sm frá botni ofnsins. Mjög líklega er það vísbending um hvar blásið hefur verið að ofninum, en um 50sm frá ofninum í sömu átt kom í ljós röð af smáum holum eftir stjaka eða granna stafi sem gætu hafa tilheyrt grind undir físisbelg (sjá mynd 24 hér að framan). Hugsanlega hefur þessi ofn verið notaður við endurvinnslu af einhverju tagi, en í neðra kolalaginu voru járnköggjar og einn járnteinn.

Lýsingum Niels Nielssen á ofni sem hann gróf upp á Belgsá er nokkuð í ætt við þennan, sá ofn var 45sm djúpur niðurgroftur, ferhyrndur en með rúnnum hornum 35x45x45x50sm. Ofninn var með því sem næst lóðrétta vegg og sléttan botn, hvort tveggja grjóthlaðið og þunnt leirlag á milli steina. Flestir steinanna voru um 10-15sm á kant en þó var ein hliðin gerð úr einni stórru hellu. Í miðjum ofninum voru steinarnir með gjallleifum og mikil ummerki um eld og hita bæði á steinum og leir. Í botni ofnsins var 7sm þykkt kolalag og ofan á því 15sm þykkt blandað lag með gjalli og kolum, en efst í því var ryðgað stykki af fullunnu járn. Yfir því voru náttúruleg fokmoldarlög sem Nielsen taldi að safnast hefðu fyrir í ofninum eftir að hætt var að nota hann. Ekkert affalls- eða blástursop virtist vera á þessum ofni og taldi Nielsen að blásið hefði verið að honum ofanfrá.<sup>50</sup>



Mynd 20. Steinn með skálarlagi og ábrenndu gjalli úr hleðslum ofns [23] að austan í yngri rauðasmiðjunni A5.

Fig. 20. A bowl shaped stone with burnt in slag, from the furnace wall of nr. [23].

<sup>50</sup> Nielsen, 1926, bls. 146, 150, 155.

Bent hefur verið á lýsing Nielsen á ofninum á Belgsá sé meira í ætt við eldri gerð ofna sem ekki hafi verið í notkun annarsstaðar á norðurlöndum um það leiti sem járnvinnslan þar, eða á Skógum, hefur farið fram.<sup>51</sup> Þessum ofni [23] svipar þó um margt til lýsinga Nielsen og sýnir að ekki sé ástæða til að rengja þá lýsingu, hvernig svo sem þessir ofnar hafi litið út og virkað meðan þeir voru í notkun.



Mynd 21. Rauðalag efst í fyllingu í ofni [23].

Fig. 21. Iron ore in the top most fill of furnace [23].



Mynd 22. Ofn [23] hálfgrafinn, horft til suðurs.

Fig. 22. Furnace [23] half excavated, looking south.



Mynd 23. Járnteinn (þjms. 2011-75-4) við botn í ofni [23].

Fig. 23. A iron object (þjms. 2011-75-4) was found near the bottom of furnace [23].



Mynd 24. Fylling í ofni [23] full grafin, horft suðvestur.

Fig. 24. The fill in furnace [23] fully excavated, looking SW.

<sup>51</sup> Espelund, 2004, bls. 23; Kristín Huld Sigurðardóttir, 2004, bls. 119-120.



Mynd 25. Ofn [23] horft til norðurs. Steinn með íhvolfa dæld sést fyrir miðri mynd en í dældinni er ábrætt gjall.  
Fig. 25. Furnace [23] looking North. A bowled shaped stone can be seen in the middle of the picture with slag on the top side.



Mynd 26. Gólfög framman (SV) við ofn [23] uppgráfin. Nokkrar holur eftir granna stafi gætu hafa tilheyrt grind utanum framenda físisbelgs. Til hliðar, um 30m sunnan við ofninn er hola líkt og fannst við ofn [25] í sömu byggingu og við ofn [21] í eldri rauðasmiðjunni A7, hugsanlega far eftir ilát af einhverju tagi undir vatn, til að kæla tangir og verkfæri.  
Fig. 26. Floor layers in front (SW) of furnace [23] fully excavated, revealing a series of small stake holes some 50sm SW of the furnace, possibly a frame to hold bellows and a hole 30sm south of the furnace, similar to the ones near furnace [25] and [21]. Possibly a hole for a vessel of some sort to hold water to cool tongs and tools.



Mynd 27. Niðurgroftur [11844/11873] og afl [24], 50sm skali.  
Fig. 27. Pit [11844/11873] and hearth [24], 50cm scale.



Mynd 28. Afl [24], 30sm skali.  
Fig. 28. Hearth [24], 30cm scale.



Mynd 29. Fylling [11873] í niðurgreftri [11844] fullgráfin, botn sýnilegur í afli [24].  
Fig. 29. Fill [11873] in pit [11844] fully excavated, bottom of hearth [24] visible.

### [24] Afl fyrir miðju í A5

Tvær uppréttar steinhellur fundust að miklu leyti undir gólfi [11313] í rauðasmiðju A5 og virtust vera leifar afls. Um 25sm voru á milli hellnanna og mynduðu þær um 45sm langt eldstæði, sem virðist hafa verið opið í annan endann, til norðurs, en 13sm hár aflíðandi jarðvegsbakki lokaði því til suðurs. Aflinn hefur verið grafinn niður [12435] í náttúrulegan jarðveg og frá botni aflsins og upp í hæsta punkt á steinhellunum voru 30sm, en steinhellurnar náðu að auki nokkuð dýpra til hliðanna. Efst í aflinum var þunnt ljósbrúnt moldar- og torflag [12421] og undir því dökk blönduð fylling [12458]. Töluvert af kolum var í fyllingunni og nokkrir steinar í neðrihlutanum 5-7sm í þvm. en neðst var töluvert af leir.




Norðan við aflinn var afgangur niðurgröftur [11844/fylling 11873] með óreglulegar brúnir, mest 140x94sm á kant og 45sm djúp. Þessi niðurgröftur hefur verið samtíma eða eldri en aflinn, þar sem fyllingin í botni hans náði að hluta niður í suðausturhlið hans. Fyllingin var mjög svipuð gólfi [11313] sem var yfir og samanstóð af gjallblönduðu efni, mest sindri og smáum gjallmolum (1-2sm í þvm.) en einnig nokkrum stærri gjallmolum (3-5sm í þvm.).

Um 10sm austan við aflinn var hola [12785/fylling 12797] (18-20sm í þvm. og 10sm djúp), sem kann að tengjast aflinum. Önnur keimlík hola [12808/fylling 12818] (10-12sm í þvm. og 12sm djúp) var norðan við niðurgröftinn við aflinn en óvíst hverju hún tengist. Engir gripir fundust í þessum lögum.

#### [28] Hugsanlegur afl og steinsteðji við vesturvegg A5

Við vesturvegg A5, í suðurhluta hússins voru stórir steinar í hleðslu, einn þeirra stór og flatur að ofan með greinanlegum járnleifum sem vitna um að þar hafi járn verið slegið. Rétt norðan við þennan stein, að hálfu inn í náttúrulegum bakka og torfvegg sem myndaði vesturhlið hússins, voru fjórar fremur litlar og þunnar steinhellur. Hellurnar komu fyrst í ljós þegar mokað var uppúr holu sem tilheyrði 20. aldar fjárhúsunum A1. En svo virðist sem grafið hafi verið fyrir stoð í því húsi einmitt á þessum stað og hellurnar orðið fyrir svolitlu raski af þeim sökum. Hellurnar voru hálfvallnar þegar þær komu í ljós en svo virðist sem þær hafi upphaflega myndað ferhyrnt lítið hól, um 25x30sm á kant og viðlíka djúpt. Á milli hellanna var kolasalli og talsvert af sindri. Hugsanlega hefur þetta verið lítil afl.



Mynd 30. Leifar ofna og afla í yngri rauðasmiðjunni A5. Leifar ofns [25] höfðu þegar myndin var tekin orðið fyrir smávægilegu raski þar sem haftið milli ofnsins og holunnar norðan við hafði hrunið.

Fig. 30. Remains of furnaces and hearths in the later smelting hut A5. The small ridge between furnace [25] and the hole north of it had at this point crumbled.



Mynd 31. Stóri steinninn fyrir miðri mynd bar þess merki að á honum hefði verið slegið járn, en á efri hlið hans voru svolitlar málmleifar sem sáust þegar steinninn var þrifinn. Svolitið til hægri við steininn sjást fjórar þunnar hellur að hálfu hrundar, hugsanlega leifar lítills afis til járnsmíða.

Fig. 31. The big flat rock in the middle just left of the middle in the picture had distinct traces of metal on its surface indicating it had been used as an anvil. To the right of the stone there are four thin stone slabs. A layer of charcoal and hammer scale was found between the slabs, giving rise to the possibility that it might have been a small smithing hearth.



Mynd 32. Hringlaga útskot [30] með torfveggjum í suðurgafli yngri rauðasmiðjunnar A5. Óvíst er hvaða tilgangi þessi byggingarhluti hefur þjónað en hugsanlega er þetta staður þar sem rauðinn hefur verið ristaður yfir eldi áður en hann var notaður í ofnana.

Fig. 32. A round feature [30] that extrudes out of the southern gable of the later smelting hut A5. It is unclear to what purpose this part of the building was used, but layers of charcoal and iron ore on the sides of the pit in the middle of it, that had been dug out repeatedly, suggest that it may have been a place to roast the ore before smelting.



### [30] Hringlaga mannvirki, útskot í suðurgafli A5

Fast austan við Lambhúsin A2 var hringlaga mannvirki [30] sem kom í ljós áður en bygging A5 var grafin upp þar sem yfirborð hans var um 1m hærra. Veggirnir voru úr torfi en inni hringnum var efst svart lag [147] með miklu magni af kolum, brenndum viðarleifum, litlum og stórum gjallmolum og gjallhlemmum. Þetta lag sem líkist helst lögunum í gjallhaugnum var yfir syrpu af eldri niðurgröftum og uppmoksturslögum. Lög af mýrrarauða, kolum og smáræði af gjalli með slettum af náttúrulegum jarðvegi og H3, voru til skiptis við brúnirnar skráð undir einu númeri [179] en svo virðist sem mokað hafi verið í sífellu útúr pyttinum og hann fylltur að nýju með kolum og rauða. Þessi lagskipting sást vel í brúnum eins og áður segir en sjálfur pytturinn hefur einnig smám saman hækkað og lög myndast í botni hans.

Ummerki um endurteknar athafnir voru ekki aðeins merkjanlegar innan mannvirkisins heldur voru greinileg ummerki um að veggjunum umhverfis hafði verið haldið við. Þar voru nokkrar kynslóðir torfhleðslna og ljóst að hluti torfsins hafði komist í snertingu við eld og var brunninn og sviðinn. Þegar þetta útskot útúr A5 hefur verið gert þá hefur verið notast að hluta til við vegg eldri rauðasmiðjunnar A7 að austan en nýr veggur [228] hlaðinn út frá honum til vesturs þvert yfir ofnleifar [21] og gólf eldri smiðjunnar. Þessi veggur virtust svo hafa legið í boga til norðurs aftur að suðurvegg A5, en það var ekki að fullu ljóst þar sem hann var skorinn af tveimur niðurgröftum [26] og [31] auk rasks af völdum Lambhúsanna A2 sem voru grafin þarna niður. Þó var þar eftir smá torfstabbi [194]. Greinilegt var að veggur [228] hafði komist í snertingu við eld og var brennt torf í efri hluta hans þar sem hann kom upp að yngri viðgerð [227], sem myndaði efsta hluta austurveggar útskotsins [30]. Undir [227] var annar veggur/viðgerð [7499] tilheyrandi [30] sem var ofan á upprunalega austurvegg eldri rauðasmiðjunnar A7.

Þessi veggur eða viðgerð [7499] var örlítið frábrugðinn hinum. Fyrir norðurenda þessa neðri veggjar var afmarkaður bunki af brenndu torfi [7886] í svolitlum stalli (sem var um 30sm breiður og djúpur). Þessi stallur og brennda torfið í honum náði þvert fyrir endann á veggnum, út að gjallhaugnum til austurs og inn í mannvirki [30] til vesturs. Brennda torfið virðist hafa verið komið fyrir, eða fallið ofan í holrými eða op sem þarna hefur verið (90sm langt, 30-40sm breitt og 30sm djúpt). Í laginu og undir brennda torfinu voru gjallmolar, brenndir steinar og kol en einnig leifar af hugsanlegri umgjörð úr timbri að austanverðu. Þrjár stoðarholur ( [13884]/[13894], [13902]/[13912], [5377]) voru innan við vegginn í [30] og nokkrar stoðarholur utan við hann ([18169] [18224] [8916]/[8928] og [8399]/[8404]) og ekki útilokað að þær tengist þessu opi. Norðan við opið og þetta brennda torf kom þjappað lag af samanryðguðum rauða, jární og kolaleifum sem var í niðurgrafinni rás sem lá í gegnum vegginn á A7 til austurs og beygði svo til suðurs (sjá nánar um þessa rás í umfjöllun um mannvirki í A7).

Í framhaldi af þessu mannvirki til suðurs var niðurgröftur [26] sem upphaflega hefur verið gerður í eldri rauðasmiðjunni meðan hún var í notkun en hefur áfram verið notaður með einhverjum hætti í sambandi við mannvirki [30], þar sem efstu lögin í niðurgreftrinum skoruðust við rauða og kolalög í jöðrunum á [30]. Þá hefur annar niðurgröftur [31] með fyllingu [184] svipaða efstu lögunum í [30] skorið vesturvegg mannvirkisins, en vegna rasks frá Lambhúsunum A2 er lítið hægt að segja um hann.

Í uppmoksturssyrpunni [179] vestan við niðurgröftinn [148] var rótað 15sm þykkt uppmoksturslag [191] með torfhnausum með 1104 og mikið af H3. Sunnan og austan við það var 8sm þykkt kolalag, blandað gjalli, brenndum beinum og torfróti [334]. Annað 4sm þykkt lag var undir því, torfblönduð fokmold með koladreif [335] og þar fyrir neðan dökkt blandað lag með rauða, kolum og gjalli [336]. Lag [336] var enn fremur lagskipt kol og rauðamöl. Rauðinn var þykkari en kolalagið eða um 10sm á móti 5sm. Í miðju lagi var mikið magn af gjalli en einnig töluvert af brenndum og óbrenndum leir. Undir [336] var ljóst feitt lag [369] og mjög svipað lag [3817] var að vestanverðu einnig ofan á ljósu feitu lagi sem líkist helst taði.

Austanvert við niðurgröftinn var rauðablandað lag [8201] mest um 25sm þykkt, samlagaðist járnþönnu [9907] að norðanverðu en var mælt inn alla leið suður að sindurlagi í austanverðu gólfi A7. Lagið samanstóð aðallega af mól, rauðamöl, kolum og járnklumpum. Mögulega úrgangur frá ofni en í laginu eru nokkrir stórir steinar með gjallleifum. Gæti hvort tveggja verið frá ofni [21] eða mannvirki [30]. Viðarfjöl (1m löng, 13sm breið og 0,5sm þykk, sýni #8391 og #8395) lá undir laginu frá SV-NA á ská undir þar sem opið var í gegnum vegg [7499]. Fjölin lá að stoðarholu við vegg [7499], sem var skásett niður til norðvesturs.

Norðan við [30] lá rótað torflag [337] ofan á gólfi [225]. Skorið hefur verið í vegg [227] og steinahleðslur lagðar upp við og þétt að með torfi þegar nýr útgangur var gerður út á gjallhauginn um það leyti sem A5 tók við af A7. Þunnt brunalag lá á milli veggjarins [227] og hrunsins [337] og virðist um a.m.k. tvo fasa að ræða. Góflögin undir [225] gengu undir hleðslurnar upp við [30] og meðfram útganginum út á gjallhauginn úr A5 og hafa þau gólf tilheyrt A7.

**Túlkun:** Leifar af brenndu torfi var að finna á nokkrum stöðum inn á milli viðgerða og við efri brúnir mannvirkisins eins og það var síðast þegar það var í notkun. Svo virðist því sem mannvirkið hafi oftast en einu sinni orðið fyrir smávægilegum brunum sem gert hefur verið við með því að skipta út torfinu. Syrpa laga af rauða og kolum í jöðrum mannvirkisins sem og uppsöfnun samskonar laga í botni benda til að þarna kunni rauðinn að hafa verið ristaður. Segulmæling á rauða úr þessum lögum benti jafnframt til að a.m.k. hluti rauðans hefði komist í snertingu við eld. Hugsanlega er hér um að ræða ofn eða gryfju þar sem rauðinn hefur verið ristaður. Það er þó ekki hægt að útiloka að um rauðablástursofn (-ofna) hafi verið að ræða sem lítið hafi varðveist af, enda var í þessum lögum svolítið af gjallleifum. Efstu lögin sem fylltu mannvirkið voru hins vegar sambærileg að samsetningu og gerð og gjallhauginn. Svo virðist því sem fyllt hafi verið upp í þetta mannvirki með úrgangi úr járnvinnslnunni sem hefur þá enn verið í gangi eftir að mannvirki [30] lagðist af.



Mynd 33. Leir í lagi [336] í [30].

Fig. 33. Burnt and unburnt clay from structure [30].



Mynd 34. Horft norður yfir fyllingu í niðurgreftri [26].  
Fig. 34. Looking north over fill in pit [26].



Mynd 35. Horft norður yfir fyllingu í niðurgreftri [26].  
Fig. 35. Looking north over fill in pit [26].



Mynd 36. Horft til norðurs yfir niðurgroft [26] eldstæði eða afl [29] að mestu grafinn fram syðst í niðurgreftrinum.  
Fig. 36. Looking north over fill in pit [26], hearth [29] can be seen clearly in the south end.



Mynd 37. Horft til norðurs yfir fyllingu í [26] hálfgrafna, búið að fjarlægja eldstæði [29].  
Fig. 37. Looking north over fill in pit [26].



Mynd 38. Horft til norðurs yfir niðurgroft [26] fullgraffinn, til hægri eru leifar ofns [21] og til vinstri sést að hluta í leifar ofns [22].  
Fig. 38. Pit [26], fully excavated, furnace [21] can be seen on the right and furnace [22] partly to the left.

### [26] Niðurgroftur tengdur [30]

Grafið hefur verið niður í gegnum gólfhlög [3619] eldri rauðasmiðjunnar A7, niður í náttúrulegan jarðveg. Niðurgrofturinn [26=238] var sporöskjulaga (1,3x2m) með sömu stefnu og húsið nálega norður-suður með íhvolfar hliðar og hallandi rennu í norðurenda sem mjókkar upp og til norðausturs inní [30] (um 70sm löng og 30- 50sm breið). Efstu lög fyllingarinnar [189] voru blönduð mól og kolum, jarðvegi og gjalli um 20sm þykk. Jarðvegssýni var tekið úr laginu og stærri gjall-/kola-/rauða- og viðarleifum var haldið til haga. Þetta lag reyndist teygja sig inn í mannvirki [30] en vegna þess hve löginn voru dökk og einsleit var óljóst hvort lag [189] var skorið af niðurgreftrinum [148] í [30]. Undir þessu lagi kom lag [197] 3sm þykkt kolalag sem þakti allan niðurgroftinn og [210] undir því. Lag [210] var moldarbland, með H3 og 1104, undir því eða neðarlega í því voru stórir kolamolar og kolaðar greinar um 3-5sm í þvm., einkum að vestanverðu, að austan var hins vegar töluvert af óbrenndum rauða (4-8sm í þvm.) Að sunnan voru þrjár stórar gjallhellur reistar upp á rönd og mynduðu þar lítið eldstæði eða afl [29]. Lagi [210] var svo skipt niður í fleiri lög þegar það kom í ljós að mýrrauða lagið

[336] í pytti [30] skaraðist við það og var yfir hluta þess. Efra lagið var því látið halda númerinu [210] en undir því skilgreint nýtt lag [237] sem var greinilega grafið niður í gegnum neðstu lögin í hringlaga pyttinum [30] þar fyrir norðan. Líklega hafa efri lögin í [26] og [30] skarast eitthvað sitt á hvað en þau voru svo lík að ekki var unnt að greina það með vissu. Neðsta hluta [210] var svo gefið númerið [345], og þjappað lag í því miðju útfrá aflinum/eldstæðinu fékk númerið [348].

Sitt hvoru megin við niðurgroft [26] voru tvær holur sem kunna að hafa verið eftir stoðir. Að vestanverðu [204] með fyllingu [205] (tvískráð, sama og [208]/[209]) en hola [195] að austan. Hola [208/209] var um 12sm í þvm. og 15sm djúp, með morknum viðarleifum og holrúmi. Þessi hola virtist vera undir fyllingunni í norðari pyttinum [31]. Hola [195] var sömuleiðis 12sm í þvm., 25sm djúp og með smá timburleifum og holrúmi. Tvær svipaðar stoðarholur [337 og 3586] voru einnig sín hvoru megin við norðurenda [30] en óvíst er um tilgang þeirra, þær kunna að hafa verið þakberandi í A5.

**Túlkun:** Niðurgroftur [26] og mannvirki [30] eru augljóslega samtengd og virðast fyllingar beggja fléttast saman. Um tíma hefur verið settur upp lítill afl [29] í suðurenda niðurgraftarins [26] hugsanlega til að hita þar járn til smíða eða jafnvel hita aftur blástursjárn til frekari vinnslu eftir að búið var að taka það úr ofni og þjappa því saman úti á gjallhaugnum. Upphaflega var álitnið að niðurgrofturinn tengdist A7 en það er óvíst, annar eldri niðurgroftur var þó að hluta undir þessum og ljóst að hann hefur tilheyrt A7 og verið á milli ofnanna.

### [29] Eldstæði eða afl [26]

Sýst í meintum niðurgreftri [26] voru þrjár stórar gjallhellur reistar upp á rönd og mynduðu þar líkt og lítinn afl [29] (innanmál 20x30sm N-S og 25-29sm djúpur) opinn til norðurs og fullur af kolasalla. Meðfram þessum gjallkökum að innanverðu var þunnt lag af hvítu kámugu efni [356], um 1sm þykkt í botninum og líktist muldum brenndum beinum eða kísil, leifar af sama efni voru út frá efri brúnum gjallkakanna til beggja hliða. Undir aflinum var 15sm þykk rótuð mold [345] niður að botni niðurgraftarins, en framan (norðan) við aflinn var hart og þjappað kolablandað lag [348], einnig um 15sm þykkt, í því voru einkum kol að vestanverðu en rauðaköggjar og gjall að austanverðu.



Mynd 39. Lítill afl eða eldstæði [29] gert úr stórum gjallhellum, í suðurenda niðurgraftar [26].

Fig. 39. A small hearth [29] of some sort, made out of large slag cakes, in the south end of pit [26].

**Túlkun:** Óvíst er hvaða tilgangi þessi litli afl hefur þjónað, en miðað við þykkt laga undir aflinum virðist hann tilheyra seinni tíma notkun á niðurgreftri [26] en hafi ekki verið hluti af honum frá upphafi.

### Umhverfis A5

Blönduð lög af torfi og rusli frá járnvinnslunni, kolum, rauða og gjalli voru allt umhverfis A5, nema að suðvestan þar sem var seinni tíma rask yfir byggingaleifum. Að norðvestan var aðallega um að ræða rótað torf og aðeins þunn lög af kolum, rauða og gjalli. Afmarkaður bunki af rótuðu torfi [2902] var um 1,5m vestan veggja byggingarinnar. Austan við var gjallhaugurinn en næst byggingunni skiptust á rótuð ljós lög og dökk kola og gjall lög. Ljósu lögin voru 5-10sm þykk og þynntust út í gjallhauginn.



Austan við leifar mannvirkis [30] í suðurgafli A5 var efst gráleitt lag [211] og undir því syrpa kolablandaðra laga sem upphaflega var skilgreint í einu lagi sem [229]. Þeim var síðar skipt í þrennt í [8867], [323=14270] og [8866] (sjá Mynd 99. Sniðteikning í suðurvegg rauðasmiðju A7.). Yfir lagi [229] syðst var töluvert umfangsmikið lag af mýrrarauða [231] sem síðar kom í ljós að var yfir suðausturvegg A7 [8865]. Þetta mýrrarauðalag [231] samanstóð af fremur fínsölluðum rauða en í því voru nokkrir molar (4-5sm í þvm.) inn á milli, lagið var mest um 5sm efst en þynnist út suðausturs.



Mynd 40 Horft til austurs yfir byggingar tengdar járnvinnslu á svæði A. Byggingaleifar A6 neðarlega fyrir miðri mynd, Rauðasmiðjur A5 og A7 þar fyrir ofan og gjallhaugur fjær. Meint kolageymsla A8 í neðra horninu hægra megin.  
Fig. 40. Looking East over buildings related to the bloomery site in area A.

## A6 - Bygging (10.-12. öld?)

Lítið var eftir af veggjum þessarar byggingar vegna rasks frá fjárhúsunum A1 og A2. Fjárhúsin höfðu bæði verið grafin niður og virðist síðast hafa verið hlaða fyrir A1 beint yfir byggingunni, á sama stað hefur verið hlaða eða heytóft fyrir A2 sem var jafnframt grafin lengra niður í gegnum suðurenda byggingarinnar. Engu að síður mótaði vel fyrir útlínum A6 að innanverðu, þar sem það hafði verið örlítið niðurgrafið. Af niðurgreftrinum mátti ráða að breidd hússins hafi verið 2,7m og mátti rekja niðurgroftinn um 4m frá norðri til suðurs en vegna rasks að sunnan var ekki að fullu ljóst húsið kunní að hafa náð lítið eitt lengra í þá átt.

Í niðurgreftrinum var blandað gráleitt lag af kolum, mold og torflefum [333]. Þrátt fyrir raskið voru nokkrar veggjaleifar í norðausturhorni hússins [3331] og mögulega viðgerð á vegg að suðvestan [7420]. Veggurinn að norðaustan virtist hafa verið hlaðinn úr hnausum af einhverju tagi fremur en streng, greinilegt var að hann hafði tvívegis orðið fyrir raski, annars vegar þegar grjóthleðslur voru



gerðar meðfram honum að austan, þ.e. afl og steðjasteinn vestast í A5, og hins vegar við byggingu 20. aldar útihúsa A1. Veggurinn var hlaðinn úr dökku torfi, með gráum, grænum og fjólbláum blæ og skar sig vel frá vesturvegg A5 [2813] sem hlaðinn var úr gulleitu torfi ríku af H3.

Torfstabbinn [7420] við suðvestasta hluta hússins var úr gráleitu torfi, óvíst hverslag hleðslu en hann var aðeins um 16sm þykkur og virtist hafa verið skorið niður fyrir honum í náttúrulegan jarðveg að vestan en að austan kom hann upp að og yfir tvo stóra eldbrunna steina. Ljós gjóska fannst í þessu torfi, líklega H1104. Undir torfinu var rótað undirlag [7627], blandað torf og kol og undir því viðarkolalag sem var túlkað sem hugsanlegt framhald af eldra gólflaginu [5530] í A6. Annar stóru eldbrunnu steinanna var tekinn í sýni, en á honum virtist vera brenndur leir (sýni #7725). Í sama lagi [7627] voru nokkrir gjallmolar (4-5sm á kant) með kaðlamynstri á einni hlið.

Auk þessa veggstúbbs sluppu nokkur jarðlög við rask á milli húsanna A1 og A2 sem legið hafa yfir byggingu A6 og inni því. Meðal annars setlag sem bendir til uppsöfnunar vatns. Lagið var 20sm þykkt úr fínnum gulbrúnum leir og ljósum sendnum jarðvegi. Lagið var fínna efst en grófara neðst, á skilum grófari og fínna hlutans var 1-2mm þykkt mjög fínt ljóst leirlag sem virðist hafa lagst jafnt yfir neðra grófara lagið. Neðst í laginu voru gjallleifar og smá kolalinsa ofan við það. Undir þessu lagi kom grábrúnt kola og moldarlag [333], sem afmarkaðist af niðurgreftinum fyrir gólf hússins en sást áfram til suðurs og undir garðanum í A2. Í laginu var ljóst þunnt lag, í fyrstu talið H1104, en síðar endurskilgreint sem ljóst leirlag, undir því kom þykkt gróft kolalag [3896] (sem síðar var skilgreint sem kolastabbi og reyndist vera að hluta yfir vegg og gólfi rauðasmiðjunnar A7).

Undir blandaða laginu [333] í niðurgreftinum komu í ljós leifar af gólfi [4274] með óreglulegar útlínur sem náðu ekki alveg til brúna niðurgrافتarins. Að vestan var blandað lag [4751] með hugsanlegum slitrum af H1104. Þetta lag kann að hafa tilheyrt umræddu gólfi og lá að hluta yfir kolalag [4770] í suðvesturhluta hússins. Það lag virðist hafa verið hluti af öðru gólflagi [5140] sem náði yfir mestanpart hússins. Bæði gólflögin voru þéttust í sér í miðju húsinu og þykkust að sunnanverðu en laus í sér við vesturvegginn og hafa þunnst út til austurs þar sem ekki var allstaðar hægt að greina þau, þ.m.t. við ganginn yfir í A7. Bæði lögin voru dökk og þjöppuð, það efra var þó gráleitara og lausara í sér.

Í ganginum var einnig rótað torflag [11237] á kafla milli tveggja gólflaga [5530] og [11254], gæti verið tilkomið vegna viðgerða eða hruns úr vegg. Annað svipað rótað torflag var undir [11254] en yfir gólfi [11313] sem náði yfir allan suðurhlutann af A5 og inn ganginn.

Undir gólfinu [5140] kom í ljós niðurtroðið kolagólf [5530] eða gangvegur í framhaldi af ganginum yfir í A7 með stefnu á meinta kolageymslu A8. Hvort þessi gangvegur hefur verið utandyra eða legið í gegnum A6 áður en gólflögin fóru að hlaðast þar upp er óvíst.


Stoðarholur og stoðarsteinar fundust meðfram innbrúnum niðurgrافتarins fyrir gólfi hússins og í neðra gólflaginu komu að auki í ljós tvær stoðarholur inn á miðju gólfi og fleiri stoðir við vesturvegg. Húsið virðist því upphaflega hafa verið tveggja skipa, með stoðir meðfram útveggjum og tvær stoðir í beinni línu eftir miðju, en hugsanlega án miðjustoða þegar yngra gólfið var í notkun.

Líklega er um a.m.k. tvo fasa í byggingunni að ræða. Neðsta „gólfið“ eða gangvegurinn [5530] tengist byggingu A7 sem er sú elsta á staðnum frá því fyrir 1104, en óvíst var hvort það lag hafi myndast utandyra eða hvort A6 hafi þá verið komið til sögunnar. Gólf í A6 [5140] er undir kolalagi [4751] með meintu 1104 inn á miðju gólfi og virtist ná undir veggstubb [7420] að suðvestan sem var einnig með meintri H1104. Eldbrunnu steinarnir við suðvesturhluta hússins hafa verið endurnýttir í vegghleðslu sem kann þá að hafa myndað suðvesturhorn yngri fasa hússins (eftir 1104), frekar en að þarna hafi verið ofn. Fleiri dæmi er um að eldbrunnir steinar með greinileg ummerki um að hafa verið í ofni, þ.e. með leifum af gjalli og brenndum leir, væru nýttir í hleðslur á svæðinu, t.d. í útgangi A5 út á gjallhauginn. Gólf [4274] virtist ekki ná alveg upp að veggnum eða var of þunnt til að það greindist,

Þetta lag virðist þó vera eftir 1104 þar sem það er yfir áður nefndu kolalagi [4751] með meintri H1104.

**Túlkun:** Erfitt er að segja til um tilgang hússins, hvað þar kann að hafa farið fram eða hvernig var umhorfs innandyra. Einu hugsanlegu mannvirkjaleifarnar innandyra voru fjórar stoðarholur sem í sameiningu mynduðu hálfhring eða trapisu sem mjókkaði inn í húsið. Stoðarholurnar út við vegginn voru stærri og í línu við stoðir hússins en aðeins um 40sm á milli þeirra og því ólíklegt að þær tilheyri grind hússins. Líklegt er að þessar holur heyri allar saman en þær voru allar með svipaða fyllingu og komu í ljós undir, eða neðarlega í, gólfluginu [5140]. Í fyllingu einnar holunnar ([5405]/fylling [5415]) var gjallhelli komið fyrir upp á rönd líkt og henni hefði verið stungið niður með stoð til að þétta að. Þessar stoðarholur voru á bilinu 9-26sm í þvm. og 6-21sm djúpar.

Á einingablaði segir að þær hafi allar komið í ljós undir gólfluginu 5140, hugsanlega hefur húsið því verið rífið áður en hætt var að ganga þar um eða að gólfið hafi dreift yfir við seinni tíma rask, sem er e.t.v. ólíklegur. Fyllingin virðist þó hafa skorið sig aðeins frá gólfinu, blandað ljósu torfi og kolum.



Mynd 41. Eldri rauðasmiðja A7 og járnvinnslusvæðið fyrir 1104.

Fig. 41. Overview diagram of the earlier iron smelting hut A7, and the iron production site pre 1104 AD.

## A7 - Rauðasmiðja (10.-11. öld)

Undir suðurhluta rauðasmiðjunnar A5, reyndist önnur eldri rauðasmiðja A7 sem var um margt lík hinni. Veggir eldri rauðasmiðjunnar A7 voru að hluta raskaðir af yngri smiðjunni A5 að norðan og fjárhúsum frá 19. öld, Lambhúsinu A2 að suðvestan og vestan. Heillegar veggjaleifar voru hins vegar eftir að austan og í suðausturhorni hússins. Þar var stæðilegur veggur [8865=9215] hlaðinn að því er virtist úr klömbrum eða hnausum af einhverju tagi. Veggurinn var mest 150sm breiður og 45sm hár.<sup>52</sup> Torfið var ríkt af forsögulegri gjósku frá Heklu sem gaf því ljósgulan blæ, en í því voru einnig linsur af dökkri gjósku úr Landnámssýrpunni svokölluðu, en yngsta lagið í henni er frá því um 940.<sup>53</sup> Stungið hefur verið niður fyrir gólfi hússins um 10-15sm og hefur uppmoksturinn að hluta verið notaður til að jafna undir veggina að austan. Þetta jöfnunarlag [14087] var 12-16sm þykkt í sniðinu í gegnum vegginn að sunnan og lá beint ofan á Landnámslaginu og 940 laginu óhreyfðu. Svo virðist því sem veggurinn hafi verið hlaðinn skömmu eftir 940, en gjóskan H1104 fannst óhreyfð í ljósu lagi [8867] sem lá upp að og að hluta yfir vegginn og sýnir að hann hafi verið tilkomin töluvert fyrir 1100.<sup>54</sup>

Gert hefur verið við vegginn og voru glögg ummerki um það norðarlega á austurvegnum þar sem hlaðið hafði verið úr annars konar torfi [7499]. Hugsanlega hefur sá veggur að hluta verið fylltur af mold [7530] en það er þó rétt að hafa fyrirvara á því, þar sem einnig kann að vera um mjög illa farið og sundurlaust torf að ræða. Þessi hluti veggjarins var áfram í notkun eftir að eldri rauðasmiðjan A7 lagðist af og ný rauðasmiðja A5 var tekin í notkun norðan hennar og óljóst hvort viðgerðin er hluti af þeirri endurbyggingu eða eldri viðgerð. Það sama á við um torf [9109] sem hrunið hafði út á gjallhauginn, utan við (austan við) [7530]. Það var rauðleitt með fjólubláum, bleikum og appelsínugulum flekkjum og linsum af dökkri grænleitri gjósku, líklega úr svonefndri Landnámssyrpu. Það sem ekki var hrunið út á gjallhauginn af þessu torfu sat í svolitlu sæti upp við [7530] og kann að hafa verið viðgerð á honum.

Í suðausturhluta A7 voru sömuleiðis ummerki um hugsanlega viðgerð, en þar var annars konar torf [14763] en í upprunalega veggnum [8865=9215] á svolitlum kafla við innanverðan vegginn og leit út fyrir að skorið hefði verið úr veggnum og nýju torfi komið þar fyrir.

Aðrir vegghlutar sem fengu sér númer í A7 var veggubútur [17193] sem lá austur-vestur 80x200sm á kant og 20sm þykkur yfir timburverki í vatnsþró [12] útúr A7 að norðaustan. Í framhaldi af honum var annar torfveggur í norðausturhorni A7, sem fékk númerið [19331], hann var upphaflega álitinn hluti af austurvegg A5 [2813], en eftir að gólflogin í A5 voru fjarlægð kom í ljós að leifar þessa veggjar lágu um 2m til norðurs frá vatnsþrónni og beygðu þá til vesturs að afli [24] (sem líklega hefur tilheyrt A5). Þessi veggur hefur því myndað norðurgafli A7, en líklega verið rifinn þegar yngri rauðasmiðjan A5 var reist, austurhluta hans hefur þó verið leyft að halda sér og nýr veggur [2813] A5 hlaðinn upp að honum.

<sup>52</sup> Suðurveggur A7 var þó minni um sig, um 1m breiður og 10-20sm hár, sjá Mynd 99. Sniðteikning í suðurvegg rauðasmiðju A7.

<sup>53</sup> Sigurður Þórarinnsson 1968, Guðrún Larsen 1982; 1984, Árni Einarsson *et al.* 1988, Bjarni F. Einarsson 1995, Karl Grönvold *et al.* 1995, Magnús Á. Sigurgeirsson 1998; 2002, Magnús Á. Sigurgeirsson *et al.* 2002; 2008.

<sup>54</sup> H-1104 kom ekki fram í sniði suðurveggjar A7 en fannst óhreyfð (in situ) um 4m sunnan við suðaustur horn A7. Yfir gjóskunni var þunnt lag af fokmold, innan við 1sm þykkt en yfir því svart kolablandað lag sem dreifðist um svæðið. Neðan við gjóskuna var um 2sm þykkur gulur fokjarðvegur [14090]. Þar fyrir neðan um 2sm þykkt kolalag (lag [8867] sem þarna var farið að þynnast töluvert), þá 2-3sm þykkt gult fokmoldarlag [14100] og enn kolalag undir því að sunnan, lag [14270]. Undir því lagi næst vegg A7 var mjög lagskipt grábrúnt kolalag [8866] sem lagðist upp á vegginn og náði um 2m til suðurs frá honum. (Sjá Mynd 42 og Mynd 99). Til samanburðar einnig ljósmynd og teikningu af sniði II suðvestast á svæði A í skýrslu Magnúsar, Magnús Á. Sigurgeirsson, 2012, bls. 2-3.



Mynd 42. Snið í suðurvegg [8865=9215] rauðasmiðju A7. Sniðið hefur orðið til þegar grafið var niður fyrir 19. aldar fjárhúsinu, Lambhúsunum A2. Á myndinni er búið að fjarlægja fjárhúsin með öllu sem og hluta þeirra laga sem komu upp að veggnum.


Fig. 42. Section of south wall in the older smelting hut A7. The cut through the wall was made when the 19<sup>th</sup> century sheep stable A2 was built.



Mynd 43. Horft til norðurs yfir SA horn eldri rauðasmiðjunnar A7. Örin vísar á þjappað lag, líkast því að þar hafi staðið stór steinn, hugsanlega steðjasteinn. En ljóst er af þykkum sindurlögum járn hefur verið slegið á steðja á þessu svæði. Þetta þjappaða lag var um 2sm þykkt og molnaði niður í miðju og kom þá í ljós lítill stoðarhola.

Fig. 43. Looking NA over the SA corner of the older smelting hut A7. The north arrow points to a condensed layer, possibly formed by a big rock such as an anvil stone. From the amount of hammer scale in and around the layer it is evident that an anvil or an anvil stone was placed nearby.





Mynd 44. Mynd af gólfi í rauðasmiðju A7 sem er eldri smiðjan af tveimur frá því fljótlega eftir 940 og einhvern tíma fyrir 1104. Norðurör og 1m skali eru ofarlega fyrir miðri mynd, milli kolabings (sem var að vísu yngri en gólfið) og steinsteðja. Búið er að hreinsa uppúr niðurgreftri [26] fyrir miðju hússins, en hann var hluti af raski frá A5. Syðst í niðurgreftrinum var lítill afl [29] settur saman úr fjórum gjallkökum. Hægra megin við efri steðjasteinin kom í ljós botn annars bræðsluofns [22] þegar gólfið var lækkað. Ofn [21] er neðarlega fyrir miðri mynd.

Fig. 44. Looking over the floor of the earlier smelting hut A7, post 940AD pre 1104AD. North arrow and a 1m scale are in the middle of the picture near the top. Underneath it is a stone anvil and above it was a small pile of charcoal. Remains of furnace [21] can be seen against the east wall in the middle of the building, possibly being used as hearth at this stage. Furnace [22] in the western part of the building, opposite to [21] had not been discovered when the picture was taken, it was under 2-3sm of floor layers north of the before mentioned stone anvil. The floor consisted of charcoal bits, hammerscale and slag with inclusions of other material, such as layers of iron ore in both SA and NA corners of the building (bottom left, and right on the picture), and relatively pure layer of hammerscale (20sm thick) in the middle of the building south (left) of furnace/hearth [21].

Gólfið [3619] var allt skráð sem ein heild upphaflega en það var ólíkt að samsetningu og bar glöggvitni um mismunandi athafnir á mismunandi stöðum í húsinu. Gólfið var lagskipt syðst þar sem skiptust á svört kolarík lög og ljós mold og eitt lag ríkt af brenndum dýrabeinum og leir. Neðst í þessari gólflaga syrpu syðst í húsinu kom í ljós þunnt svart sótugt gólflag [9809] 1-2sm og rauðbrún fokmold með koladreif, yfir því og undir. Undir neðra fokmoldarlaginu kom svo náttúrulegur rauðbrúnn jarðvegur. Ástæða þess að hér var skilgreint nýtt lag var sú að í því kom í ljós ný stoðarhola og steinar. Þessi neðstu lög eru beinni en efri lögin sem sveigjast upp að veggnum að sunnan.

Syðst í húsinu var jafnframt svolítill dæld eða niðurgroftur fyrir miðju 10sm að dýpt og um 135sm frá austri til vesturs. Tvískipt fylling var í dældinni [10723], brennt torf og undir því 5,5sm kolalag [10739].

Moldarlög af þessu tagi var hins vegar ekki að finna annarsstaðar í gólfi hússins og ekki annað að sjá en þar hafi verið samfelld uppsöfnun gólflaga þótt hún hafi verið nokkuð breytileg eftir stöðum innan hússins. Þannig voru lög af mýrarrauða í suðausturhorni hússins. Að austan var 20sm þykkt þjappað sindurlag (sem fékk að vísu sér númer [8795]) í miðju austanverðu húsinu, milli áður nefnds

rauðalags og ofns/afls 21. Að vestanverðu var einsleitara kolagólf en í því a.m.k ein stór linsa af óbrenndum gráum leir. Yfir gólfinu í norðvesturhluta hússins voru leifar af kolabing, hrúga af kolum sem skilgreint var sem sérstakt lag [3896]. Þetta lag náði 10-15sm lengra til vesturs upp á bakkann sem afmarkaði gólfhlöt A7. Þegar lagið hefur myndast hefur því ekki verið veggur á þessum stað fast við niðurgröftinn fyrir gólfinu. Í norðausturhorninu var aftur rauðalag (sem fékk síðar sérstakt númer [8650]), allt frá fínu dufti upp í köggla um 5sm á kant. Lagið var mun þykkara norðan megin en þynntist til suðurs og blandaðist dökku gjall og sindurgólfi.

Í norðausturhluta hússins voru leifar hugsanlegs gólfags [19288] sem þó var mjög blandað leir og seti vegna vatnsrásarinnar sem legið hafði í gegnum húsið. Rauð, appelsínugult setlag með járnæðum. Mikið af viðarleifum var austarlega í laginu sem kann að hafa tilheyrt timburstokk sem vatn hafi verið leitt eftir. Við innri brún veggjarins var timburfjöl (sýni #19381) sem lá þvert yfir innganginn/þrónna.

Meðfram suðurveggnum fundust sex stoðarholur og stoðarsteinar ein í hvoru horni og svo tvær og tvær saman með um 1m bili fyrir miðju húsi, líkt og eðlilegt væri í þrískipa húsi með fjórar stoðaraðir eftir endilöngu. Stoðarsteinar og –holur fundust með nokkuð reglulegu millibili meðfram langveggjunum að austan og vestan en fyrirkomulagið var óljósara inn í byggingunni sjálfri, þrjár stoðarholur voru þó í línunni vestan við miðju hússins út frá stoðinni við suðurvegginn. Nokkur fjöldi hola, aðallega þó grannra hola eftir stafi eða sprek voru í og við ofnana í miðju hússins, einhverjar þeirra stærri kunna að hafa verið stoðarholur fyrir þakberandi stoðir á einhverjum tíma, en ólíklegt er að þakstoðir hafi verið upp við ofna á sama tíma og þeir voru í notkun vegna eldhættu. Norðurhluti hússins skaraðist við yngri rauðasmiðjuna A5 og hafði orðið fyrir nokkru raski af þeim sökum. Af þeim stoðarholum og steinum sem fundist hafa bendir allt til þess að þakberandi grind hefur verið í húsinu. Hæð og umfang torfveggjanna sem hafa varðveist benda heldur ekki til annars en að um veggi í fullri hæð geti hafa verið um að ræða. Allt hnígur að því að um varanlega byggingu með þaki hafi verið að ræða þótt ekki verði fullyrt með vissu hvernig yfirbyggingin hefur verið.



Mynd 45. Íhvolft þjappað sindurlag í botni ofns [21] að austanverðu í A7. Til hægri við steinhelluna sjást leifar af illa varðveittu lífrænu efni og járnsteini með viðarleifum (Þjms. 2012-23-219).

Fig. 45. A slightly concave, compact layer of hammer scale and charcoal at the bottom of furnace [21]. To the right of the upright stone slab, badly preserved piece of organic material possibly leather and a piece of iron with wood remains, (Þjms. 2012-23-219).




Mynd 46. Nærmynd af lífrænum leifum og járnsteini með viðarleifum (Þjms. 2012-23-219) norðan ofns [21].

Fig. 46. Close up of the organic material and iron and wood artifact (Þjms. 2012-23-219) north of furnace [21].



Mynd 47. Íhvolft þjappað sindurlag í botni ofns [21] að austanverðu í A7, pinnaholur í ofni að koma í ljós.  
Fig. 47. A slightly concave, compact layer of hammer scale and charcoal at the bottom of furnace [21], stake holes emerging.



Mynd 48. Botn í ofni [21].  
Fig. 48. Bottom of furnace [21].

### [21] Ofn að austan í A7

Grafið hefur verið niður fyrir botni ofnsins og reyndist niðurgrofturinn vera þrískiptur og í stöllum [10111]. Grafið hefur verið að hluta niður í náttúruleg lög að vestanverðu en í torfbland að austanverðu. Þessum niðurgreftri má skipta í þrjú misdjúp og misstór hólf og virðist sjálfur ofninn hafa verið í miðjunni. Í norðurhlutanum [9672/ fylling 9694] fundust mjög illa varðveittar lífrænar leifar, hugsanlega leður (sýni #9953/2916), ásamt járnteini af einhverju tagi með viðarleifum (Þjms. 2012-23-219). Meintar leðurleifar kunna að vera leifar físelgs, en milli þessa hluta og miðjunnar var upprétt steinhella og fleiri steinar upp við hana norðanverða. Meðfram austurvegg miðhlutans voru töluverðar láréttar viðarleifar og undir þeim aflangt holrúm sem virtist að hluta til ganga undir áður nefnda hellu.

Neðarlega í miðhlutanum var þjappað íhvolft sindur- og kolalag [10162] sem náði ekki út til brúnanna, en umhverfis var fyllingin laus í sér og grófari [10178] og í henni sót, kol, gjall og steinar, allt fínkorna. Þetta íhvolf þjappaða lag [10162] var 55sm í þvm. og 5sm þykkt.

Fjórar litlar holur hver í sýnu horni reyndust umhverfis þjappaða sindurlagið. Ekki er ljóst hvaða tilgangi það hefur þjónað en hugsanlega eru þetta ummerki um einhverskonar timburgrind sem kann að hafa verið byggð til stuðnings þegar verið var að hlaða ofninn. Þegar ofninn var fullgraffinn höfðu alls 16 holur af þessu tagi komið í ljós og bendir fjöldinn til endurtekinnar uppbyggingar ofnsins. Ofn [22] gengt þessum er t.a.m. aðeins með fjórar slíkar holur, eina í hverju horni (sjá nánar um hann hér að neðan). Flestar holurnar í ofni [21] voru hringlaga en tvær þeirra aflangar og ferhyrndar, líkt og litlum fjöllum hafi verið stungið niður. Þessar holur voru í fjórum þyrpingum nokkurn veginn hver í sínu horni. Fjórar í suðvesturhorni, tvær í suðaustur- og norðausturhorni en þyrping átta hola við norðvesturhornið. Holurnar voru á bilinu 8-42sm djúpar og 4-12sm í þvm.

Undir þjappaða íhvolfu laginu [10162] í botni ofns [21] var annað lag [14135] blandað kolum, sóti og sindri ásamt rauðbrúnum náttúrulegum jarðvegi og flekkjum úr H3. Hugsanlega uppmokstur frá því að grafið var niður fyrir ofninum ásamt smiti úr innihaldi ofnsins sem hefur blandast við jarðveginn sem var undir. Mjög svipað lag [14118] var í gryfjunni vestan við, milli ofnanna tveggja [21] og [22] en í því var að auki talsvert af grábrúnum óbrenndum leir.


Utan í suðvesturhorni ofnsins var djúp hola [3997], upphaflega skilgreind sem stoðarhola. Holan var 25-27sm í þvm. og 70sm djúp frá brún að sunnan en 35sm að norðan við ofninn. Litlar steinhellur voru innan í holunni og 1-2sm lag af sindurflögum með útbrúnum. Í miðjunni var svo torf,



líkt því sem var í vegg [217] sem var byggður ofan á holunni og ofninum. Holan kann að hafa gegnt einhverju hlutverki tengdu ofninum, en mjög svipuð hola, með samskonar innihald, var fast norðan við ofn [25] að vestanverðu í A5. Hugsanlega eru þetta holur fyrir vatnskeröld sem notuð hafa verið til að kæla tangir og teina þegar verið var að vinna við rauðablásturinn.

Auk þessarar holu voru umhverfis ofninn margskonar dældir, holur og för eftir stafi og stoðir, en óvíst hve margar þeirra tengjast ofninum beint. Meðal annars voru tvær grunnar holur fast austan við sitthvort hornið austan við ofninn og hallaði báðum lítið eitt niður til austurs. Ekki er ljóst hvaða tilgangi þær hafa þjónað en hugsanlega tengdust þær byggingu ofnsins. Syðri holan var 30sm í þvm. með aflíðandi brúnir og botn, um 5sm brún að vestan en 27sm að austan, norðari holan heldur minni 17sm í þvm. með 16sm brún að austan. Undir þeim komu í ljós dýpri stoðarholur um 10sm í þvm. Suðaustan við ofn [21] að hluta yfir sindurlaginu [3619/ 8795] þar sem það var þykkast, var þriðji niðurgröfturinn [3933]. Hann var næsta hringlaga með aflíðandi brúnir (42x45x10sm), en óvíst er um tilgang hans. Sunnan við hann var þjappað afmarkað lag, líkt og þar hefði staðið stór steinn, hugsanlega far eftir steðjastein.

Þá var niðurgröftur [13484] norðan við ofninn, aflangur frá austri til vesturs, með rúnnaðar brúnir um 70x36sm á kant og óreglulegan botn 10-15sm djúpan. Fyllingin [13500] var illaðgreinanleg frá gólfinu [3619] en í henni voru nokkrir gjallmolar 2-5sm í þvm., sem minna var af í gólfinu. Hugsanlega hefur staðið þarna steinn sem svo hefur verið fjarlægður. Lítil hola [13516] fyrir staf af einhverju tagi (fylling [13522]) var norðvestan við þennan niðurgröft, 6-8sm í þvm. og 20sm djúp og hallaði 10-15° til norðvesturs. Svipaðar útlínur voru á niðurgreftri norðan við ofn [22] að vestan í A7, með tvær litlar holur, aðra við SV-hornið og hina austan við. Sá niðurgröftur var þó mun dýpri og líklegt að hann hafi gengt öðru hlutverki.



Mynd 49. Horft til suðvesturs yfir rauðasmiðju A7, búið er að fjarlægja gólfið [3619] að mestu, sem og hreinsa uppúr vestari bræðsluofninum [22]. Sjá má stoðarholur og –steina meðfram útveggjum og hægra megin við niðurgröftinn í miðjunni [26].  
 Fig. 49. Looking southwest over smelting hut A7. The floor [3619] almost fully excavated, as well as the west furnace [22]. Post stones and post holes can be seen along the outer walls and to the right of the truncation in the middle of the building.



Undir fyllingunni í norðanverðum niðurgreftri [26], var annar niðurgroftur [9612]. Í honum var fylling [9632] sem var laus í sér með talsverðum rauða og mjög fínni mól auk talsverðs magns af gjalli sem var létt og frauðkennt og skar sig að því leyti töluvert frá öðru gjalli á svæðinu.

**Túlkun:** Hugsanlega er þetta affallspyttur fyrir ofnana í A7 eða einfaldlega hola til að auðvelda vinnuðstöðu í rauðasmiðjunni.



Mynd 50. Horft til suðvesturs yfir suðurhluta A7.

Fig. 50. Looking southwest over the south part of smelting hut A7.

## [22] Ofn að vestan í A7

Niðurgrofturinn fyrir ofni [22] var 27sm djúpur, skorin niður í náttúrulegan jarðveg, ferhyrndur með rúnnað horn [8865/9238]. Austurhlið hans heldur lengri en hinar og var hún um 66sm meðan hinar hliðarnar voru á bilinu 45-50sm. Holar voru í hverju horni eftir granna stafi af einhverju tagi 3-6sm í þvermál og 8-12sm djúpar, rúmir 30sm voru á milli þeirra, nema að austan þar sem var 45sm bil á milli hola ([9526/9532]; [9544/9550]; [9562/9568]; og [9580/9586]). Illa varðveittar viðarleifar voru í öllum hornum niðurgraftarins en þó fundust viðarleifar ekki nema í einni af holunum. Niðurgrofturinn var fylltur af svörtu kola-, sindur- og gjalllagi [9253] sem ekki var aðgreinanlegt frá gólfinu hússins [3619]. Í fyllingunni voru að auki fjórir steinar um 20sm í þvm. sem virtust hafa hrunið inn í holuna eða verið komið þar fyrir eftir að notkun var hætt. Þá var nokkuð um leir í fyllingunni sem tekinn var í sýni. Á botni niðurgraftarins var næsta hringlaga, þjappað íhvolft sindur- og kolalag [9455] um 5sm þykkt og 40sm á kant og náði á milli holanna en um 5sm bil var milli þess og veggja niðurgraftarins. Engir gripir fundust í niðurgreftrinum.

Utan við niðurgroftinn voru tvær holur eftir stafi af einhverju tagi líkar þeim sem voru í botni hans. Önnur holan við suðvesturhornið [10856/ fylling 10862], 5sm í þvm. og 10sm djúp og hin við norðausturhornið [10832/ fylling 10838], 6sm í þvm. og 14sm djúp. Um 15sm norðan meints botns í ofni var annar 36sm djúpur aflangur niðurgroftur, 23x50sm á kant með rúnnað horn [9967]. Hann var grafinn niður í náttúrulegan jarðveg, fyllingin [9979] svipuð og í hinum niðurgreftrinum, svört og


kolarík og illaðgreinanleg frá gólfi hússins [3619]. Þegar byrjað var að fjarlægja fyllinguna sást að tvær hliðar holunnar, N og V hliðar, voru líkt og klæddar með annarri fyllingu, torfblönduðu ljósbrúnu lagi. Mesta þykkt þess var aldrei meiri en 2sm og var þetta lag fjarlægt með fyllingunni. Fylling [9979] var nokkuð blönduð með kolum í efri hluta en eftir því sem neðar kom minnkaði magn kolanna og fyllingin varð þéttari. Einnig fór að bera nokkuð á sindurflögum í neðstu hlutum fyllingarinnar. Tvær litlar holur eftir stafi voru við þennan niðurgröft að suðvestan [10844/ fylling 10850] og austan [10813/fylling 10820], 5-6sm í þvm. og 15-19sm djúpar.

**Túlkun:** Ekki er ástæða til að efa að um ofn sé að ræða, en líkindin með þessum leifum og leifum hins ofnsins í A7 sem og ofnanna tveggja í A5 eru mikil, þrátt fyrir ákveðin frávík.




Mynd 51. Eldsprungnir steinar ofan í ofni [22] eftir að kolafylling hafði verið fjarlægð.

Fig. 51. Fire cracked stones inside furnace [22] after a fill of charcoal had been removed.




Mynd 52. Þjappað íhvolft sindur og kolalag í botni ofns [22].

Fig. 52. Slightly concave, compacted layer of hammer scale and finely ground charcoal at the bottom of furnace [22].



Mynd 53. Sindurpanna í botni fjarlægð og búið að hreinsa uppúr litlu pinnaholunum í hornum ofnsins sem og smærri niðurgreftri norðan við.

Fig. 53. Bottom layer removed revealing small stake holes, one in each corner. To the right a 50sm deep hole, possibly for a small vessel to hold water to cool tongs and tools during smelting. Similar holes were close to each of the well preserved furnaces.



Mynd 54. Leifar ofns [22] uppgrafnar og sömu leiðis botn ofns [21] að mestu leyti. Skalinn á myndinni er 50sm.

Fig. 54. Remains of furnace [22] (left) excavated along with most of furnace [21] (right), and fill [9632] in the pit between them. The scale is 50cm long.



Mynd 55. Myndir af leifum ofna [22] (vinstri) og [21] (hægri) lagðar yfir afstöðumynd, áður en þjöppuð sindurlög í botni þeirra voru fjarlægð.

Fig. 55. Remains of furnaces [22] (left) and [21] (right) before the compact hammerscale layers were removed.

### **[12] / [13] / [14] – vatnsrás, inngangur og rými tengt vatnsrás í A7**

Þegar búið var að fjarlægja vesturhluta gjallhaugsins og grafa upp öll gólföld í A5 og A7 var samfelld niðurgráfin rás sýnileg á 30m kafla með stefnu VNV-ASA á ská í norðurhluta A7 og suðurhluta A5 en beygði til SSA um 4m austan við byggingarnar. Önnur svipuð rás var sunnan við þessa við útgang A7 en hún beygði strax til SA við útganginn en þær virðast hafa komið saman einmitt á þeim stað sem tilraunaskurður jarðfræðinga [1623] var grafinn tæpa 7m sunnan við gjallhauginn. Sunnan við tilraunaskurðinn var aðeins ein rás sýnileg á 5,5m kafla.

Rásirnar voru mældar inn í nokkrum áföngum þar sem þær voru klipptar í sundur af síðari tíma mannvirkjum, til einföldunar við úrvinnslu voru þeim gefin ný strúktúr númer [12] og [13]. Báðar voru frá því fyrir 1104 og hafa tilheyrt fyrri rauðasmiðjunni A7. Norðari rásin [12] virðist hafa verið vatnsrás af einhverju tagi en syðri rásin [13] inngangur í A7.

Í syðri rásinni var á bilinu 50-70sm breitt og rúmlega 2m langt samþjappað lag af járnkögglum og rauða með smáræði af kolum [9907], lagið var 30-40sm þykkt þar sem komið var inní A7 en þynntist út til austurs út fyrir vegg rauðasmiðjunnar. Eins og áður segir var lagið afar þjappað og hart og kom það upp nánast sem ein heild. Tveir stórir steinar með áföstum ryð og járnleifum voru sitt hvoru megin við þetta lag þar sem það kom inní A7. Svæðið þar framan við var hins vegar raskað af niðurgröftum tengdum byggingarhluta [30] sem var hringlaga útskot úr suðurgafli yngri rauðasmiðjunnar A5.





Mynd 56. Horft til austurs eftir [13] meintum útgangi úr A7. Þjappað lag úr saman ryðguðum járnleifum og rauða með smáræði af kolum, fyllti niðurgrafna rás í innganginum.  
Fig. 56. Looking East over presumed entrance into A7. A solid layer of rusted iron and ore along with small amount of charcoal filled the entrance.



Mynd 57. Brjóta varð upp þjappaða lagið í útgangi A7 og fjarlægja það í stjórum köggjum.  
Fig. 57. The solid layer from the entrance of A7 had to be broken up and extracted in big lumps.

Norðari rásin [12] bar þess hins vegar merki að vatn hefði verið leitt eftir henni. Svo virtist sem læk hafi verið veitt úr uppsprettu ofar í brekkunni norðvestan við og inn í lítið rými [14] við norðvesturhorn rauðasmiðju A7. Um 50sm hár bakki var niður að gólfhæð hússins [A7] frá rými [14] og var rásin ekki greinanleg þar næst bakkanum um 50sm austar hélt grunn rás áfram og dýpkaði eftir því sem austar dró með stefnu rétt norðan við innganginn [13] í A7. Við innganginn og utan við hann var greinileg fasaskipting í rásinni sem hafði verið lagfærð eða endurgerð a.m.k þrisvar. Yngsti fasinn sem lá ofan á hluta gjallhaugsins var með viðarumgjörð og var full af gulleitum leirblönduðum jarðvegi 40-50sm að breidd og 10-15sm að þykkt. Þar fyrir neðan voru skásettar steinhellur sem mynduðu V-laga þró, en undir henni voru aftur viðarleifar og lárétt steinhella yfir svolitlu holrúmi þar sem vatnið hefur runnið útúr húsinu í lokuðum stokki. Hugsanlega hefur inngangurinn inní A7 upphaflega verið á sama stað og gengið verið á hellunni en síðar torfi hlaðið yfir hana og inngangurinn færður sunnar.

Milli síðustu fasa inngangs [13] og vatnsrásar [12], var blandað torf [14993=15350], með gjalli og steinum með ábrenndum gjallleifum, nyrðri hluti þess var mun torfkenndari upp að vatnsrásinni [12] meðan meira var af gjalli og kolum í syðri hlutanum við innganginn [13]. Lagið var um 25sm þykkt og 20-50sm breitt. Þrjár stoðarholur voru í þessu lagi: [15072]/ fylling [15081] sem var ferhyrnd 12-30sm, á kant og 20sm djúp; [15136]/ fylling [14144], 12-13sm í þvm. og 17sm djúp; og 15088]/fylling [15097] sem var 18sm í þvm. og 20sm djúp. Stoðarholurnar fyrrnefndu voru báðar skásettar og hafa stoðirnar, a.m.k. undir það síðasta hallað til norðurs yfir vatnsrásina og gætu þær hafa tilheyrt timburumgjörð sem vatnið virðist hafa verið leitt eftir á þessum yngsta fasa vatnsrásarinnar.



Greinilegt var að fjöllum hafði verið komið fyrir meðfram hliðum rásarinnar en óvíst hvort botninn hafi verið að fullu timburklæddur þótt þar hafi vísu einnig fundist timburleifar. Fíngert ljóst set var í efrihluta laganna í þessum fösum rásarinnar innan byggingarinnar og við útganginn, allt að 10sm þykkt, en málarkenndur neðri hluti, blandaður rauða, kolum og gjalli. Rásin hefur á þessum tíma verið um 15sm djúp og 50sm breið.

Í fasanum þar sem þróin var hlaðin með skásettum steinhellum samanstóð fyllingin [17503] af dökkbrúnum setjarðvegi blönduðum kolum með flekkjum af torfi og var 12sm djúp og mest 217sm löng og 56sm breið. Í vesturhluta var botninn V-laga en U-laga að austan með kolasalla í botni. Þegar hellurnar höfðu verið fjarlægðar kom enn eldri fasi vatnsrásarinnar í ljós, þar hefur hún verið niðurgrafin í gólf A7 og runnið undir steinhellu út við vegginn og þar útúr húsinu. Undir steinhellunni var blandað torf og setlag [19980]. Fjórar holur voru umhverfis steinhelluna, bæði fyrir granna stafi og sverari stoðir á bilinu 4-23sm í þvm. og 15-27sm djúpar. [18864], [19100]/ fylling [19106], [19115]/ fylling [19122], [19130]/ fylling [19139]. Óvíst er hvert hlutverk þeirra hefur verið. Yfir steinhellunni var torf stabbi [17744] fast sunnan við og í framhaldi af vegg [19331] sem myndaði norðausturhorn A7 að hluta til undir austurvegg A5 [2813]. Þessi torfstabbi var yngri en veggurinn og hefur verið hlaðið í skarð í veggnum yfir steinhellunni.

Þegar rásin hafði verið hreinsuð var niðurgröfturinn mest um 70sm breiður og 50sm djúpur rétt innan við vegg A7, en grynntist til vesturs inn í húsið og sást ekki út við vesturvegginn, en þar fyrir ofan á bakkanum sem veggurinn var byggður á var lítið útskot [14]. Þetta rými var grafið (niðurgröftur [20097]) um 15-20sm niður í móhelluna og var 1,6x2,2m á kant. Rás [20774]/ fylling [20800] var grafin á ská í gegnum þetta rými (50-65sm breið og 10-15sm djúp), og kom inn í A7 í suðausturhorni en fór útúr í gegnum miðjan vestur vegg og náði þar rúman metra til vesturs, en þar hafði henni verið raskað og ekki unnt að rekja hana lengra. Í rými [14] voru m.a. setlög sem báru vott um uppsöfnun vatns [20122] og [21243] auk töluverðra viðarleifa [20142] og malarlag [21231] í botni. Óverulegar leifar torfveggja voru umhverfis niðurgröftinn og illaðgreinanlegar að norðan frá torfhruni [2675] utan við vesturvegg A5 [2813]. Að sunnan kom niðurgröfturinn upp að norðurvegg A6 [3331] sem var úr dökku torfi með grænum, gráum og fjólubláum blæ mjög frábrugðin gula torfveggnum [2813] í A5. Þessi syðri veggur [14] hafði tvívegis orðið fyrir raski, annars vegar þegar veggir A5 voru hlaðnir upp og inngangur (líklega endurgerður) yfir í A6 (en þar kann að hafa verið innangengt áður útúr A7, í það minnsta er A6 eldra hús en A5). Hitt raskið hefur komið til við byggingu fjárhúsanna A1 á 20. öld.

Til austurs frá rauðasmiðjunni og undir suðurhluta gjallhaugsins að stóru kolagröfinni [200] var rásin [2554] með fremur einsleita fyllingu [2590] næst byggingunni, sem samanstóð af kolasalla gjalli og rauða, en hlutfall rauðans minnkaði og rásin grynnaði til suðurs. Þar var fyllingin jafnframt lagskiptari, efst var leir, blandaður viðarkolum, og undir því rauðbrúnt torfrót í linsum eða hnausum og neðan við það dökkt lag blandað gjalli og viðarkolasalla og rauða, afar laust í sér. Til suðurs frá kolagröf [200] sunnan gjallhaugs var rásin [1643=1707] á bilinu 10-30sm djúp og 25-35sm breið við brúnir en botninn óreglulegur. Fyllingin [1643=1755] var svört kolablandin mold, einnig nokkuð af gjalli, rauða og viðarkolum í norðurhluta en fór minnkandi eftir því sem sunnar dró. Stöku bein, brennd og óbrennd, voru í fyllingunni ásamt smásteinum. Rásin var dýpst og breiðust við byggingarnar en breikkaði svo aftur og grynntist syðst og varð að engu um 10m sunnan við áðurnefnda kolagröf [200].

**Túlkun:** Þrátt fyrir að rásirnar tvær séu um margt svipaðar virðast þær haft ólík hlutverk. Upphaflega var álitid að um götur að húsunum væri að ræða sem fyllst hefðu upp af sóti og úrgangi frá járnvinnslnunni. Þegar grafið var upp úr rásunum við inngang og inn í byggingum A5/A7, kom hins vegar í ljós að norðari rásin [12] hafði upphaflega verið grafin niður fyrir gólfhæð og var full af leir og seti og bar þess merki að vatn hefði verið leitt í gegnum rauðasmiðju A7.

Þessari rás hafði verið viðhaldið og voru nokkrar kynslóðir greinanlegar, m.a. steinhlaðin þró og síðar ummerki um timburumgjörð eða stokk. Við innganginn [13] var gangvegurinn hins vegar fullur af samþjöppuðu blástursjárni og rauða ásamt smáræði af kolum og gjalli. Var þetta túlkað sem uppsöfnuð lög sem myndast hefðu þegar blástursjárni var borið úr ofni út á gjallhauginn, en greinileg

ummerki voru um að blástursjárnir hafði á þeim tíma verið barið saman úti á gjallhaugnum fyrst eftir að það var tekið úr ofnunum. Við það myndast mikið af gjallkúlum eða dropum sem hrökkva úr blástursjárninu þegar það er hnoðað saman, en mikið magn af þessháttar gjalli var að finna í stóru lagi á gjallhaugnum austan við innganginn. Framhald þessarar rásar hafði hins vegar einnig tekið við einhverju vatni sem virðist á tíma hafa flætt yfir úr norðari rásinni.

Nokkuð var um holur og ójöfnur í botni beggja rásanna líkt og stungið hefði verið upp með reku eða páli og má vera að mokað hafi verið uppúr þeim annað slagið. Tvær holur skáru sig þó úr og voru túlkaðar sem stoðarholur [2050/ fylling 2058] og [2074/ fylling 2082]. Holurnar voru 12-13sm í þvm. og 7sm djúpar með brúnleita fyllingu sem skar sig frá svartri fyllingu rásarinnar. Engin viðunandi skýring fannst á tilvist þeirra og ekki að sjá að þær tengdust mannvirki af neinu tagi og ekki öruggt að þær séu samtíma rásinni.




Efst til vinstri: Mynd 58. Horft SA eftir vatnsrás [12] og inngangi [13] í A7.

Efst til hægri: Mynd 59. Leifar viðarumgjörðar eða stokks úr seinni fösúm vatnsrásar [12] í gegnum A7.

Í miðju: Mynd 60. Horft V. Yfir vatnsrás [12] og inngang [13] í A7, fyrir tilkomu viðarstokksins.

Neðst til vinstri: Mynd 61. Hellugrjót í fyrsta eða næst fyrsta fasa vatns þróarinnar [12].

Neðst til hægri: Mynd 62. Steinhella yfir vatnsrás [12].



Top left: Fig. 58. Looking SA along half excavated water duct and entrance into A7.

Top right: Fig. 59. Wooden remains of one of the later phases of the water duct from A7.

Middle: Fig. 60. Looking west over water duct and remains of building A7, during excavation.

Bottom left: Fig. 61. Stone slabs belonging to middle phase of water duct from A7.

Bottom right: Fig. 62. Stone slab from middle phase of water duct from A7.







Mynd 63. Horft til suðvesturs yfir byggingu A7, inngangur [13] og vatnsrás [12] ekki að fullu grafin.  
 Fig. 63. Looking SW over building A7, the entrance [13] and water duct [12] not fully excavated.



Mynd 64. Horft til vesturs eftir vatnsrás [12] fullgrafinni og yfir leifar eldri og yngri rauðasmíðju A7 og A5.  
 Fig. 64. Looking west through, building A7 and A5, with the entrance [13] and water duct [12] fully excavated.



## Umhverfis A7

Grábrúnt fremur fínt, rótað lag [8866] með stöku kolum lá upp að suðausturvegg A7 [8865] mest um 15sm þykkt upp við vegginn en þynntist til suðurs. Ofan á því var dökkt blandað kolalag [14270], sem samanstóð af kolum og sótugu efni, smáræði af brenndum beinum, rauða og litlum kögglum af blástursjárni og nokkrum smáum járngrípum, leir ofl. Þetta lag var einnig um 15sm þykkt næst veggnum en þynntist svo út til suðurs. Næst fyrir ofan var rótað ljóst lag með kolalinsum [8867] á bilinu 5-15sm þykkt og þykkast um 1m suður af A7. Yfir þessu lagi var ljóst 2sm þykkt fokmoldarlag [14090] og efst í því H1104 óhreyfð (in situ). Þessi gjóska kom þó ekki fram í sniðinu í suðurvegg A7 en var mjög greinileg í þessum lögum 4m sunnan við bygginguna og jarðlagaröðin þaðan upp að veggjum A7 skýr og sýndi greinilega að töluverð uppsöfnun mannvistarlaga hafði átt sér stað utan við veggj eldri rauðasmiðjunnar A7 fyrir 1104. 2-3sm fokmoldarlög undir gjóskunni benda enn fremur til að lítil eða engin starfsemi hafi verið á svæðinu, töluvert áður en gjóskan féll.<sup>55</sup>

Áður nefnt lag [14270] sem var rótað og fremur lagskipt kolalag, lá yfir þunnu torflagi yfir götunni frá inngangi [13] í A7 og lá að hluta til yfir gjallhaugnum að vestanverðu og ljóst að stór hluti gjallhaugsins er að sama skapi frá því fyrir 1104.




Mynd 65 og 66. Niðurgröftur [10684] SA við A7.  
Fig. 65 and 66. Pit [10684] SE of A7.

Um 2m suðaustan við suðausturhorn eldri rauðasmiðjunnar [A7] er hringlaga niðurgröftur [10684 / fylling 10590] (72-76sm í þvm. og 37sm djúp). Niðurgröfturinn er grafinn í gegnum lagskipt kolalag (sama og [14270]), en neðra gula fokmoldarlagið [14100] virðist að hluta hafa verið yfir fyllingunni í niðurgreftrinum. Allt bendir því til að hann hafi fyllst upp fyrir 1104. Í fyllingunni er blandað rót með H3 og töluverðum koladreifum og að því er virtist torfsneplum. Í hliðum var sótugt lag 5-7mm þykkt en 1sm þykkt kolalag í botninum.

**Túlkun:** Holan líkist um margt soðholu en kann þó að hafa haft annan tilgang. Í henni hefur verið kveiktur eldur, hvort sem það hafi verið til eldunar eða tengt járnvinnslnni með einhverjum hætti.

<sup>55</sup> Sömu lög má sjá í sniði II á mynd 2 í greinargerð Magnúsar Sigurgeirssonar um gjóskulög á Skógum (Magnús Á. Sigurgeirsson 2012, bls. 2-3). Það snið var þó fengið töluvert fjær A7 suðvestarlega á svæði A.




Mynd 67 og 68. Horft til vesturs inn í byggingu A8. Kolalag í botni byggingar og móbella undir (50sm skali).  
Fig. 67 and 68. Looking west into building A8 (50cm scale). A layer of charcoal at the bottom (left).

### A8 - Kolageymsla (10.-11. öld)

Mannvirki A8 var grafið niður í gegnum blönduð mannvistarlög [4108] niður í óhreyfðan jarðveg og að hluta niður í harða móbella. Efst í niðurgreftrinum [4803] var blandað viðarkola- og torflag [3004] en í austari hluta lagsins var smá linsa af H1104 og smáræði af sandi og mól neðst. Þetta lag var yfir blönduðu rauðleitu torf- og kolalagi [3720] að austanverðu en dökku jarðvegsblönduðu kolalagi [3664] að vestanverðu. Það lag var ríkt af viðarkolum og kolalurkum og náði niður með vesturhlið niðurgraftarins og eftir botni hans. Lag [3720] var hins vegar yfir blönduðu torflagi [4848] með brenndum steinum og fór lag [3664] undir það. Engir gripir fundust í þessu mannvirki.

**Túlkun:** Átta stoðarholur fundust meðfram veggjum niðurgraftarins og bendir til að um byggingu hafi verið að ræða fremur en kolagröf. Kolalagið í botninum og upp við vesturvegginn er að líkindum eftirstöðvar þess sem þar var geymt og hefur mannvirkið verið túlkað sem kolageymsla. Það hefur því ekki verið búið að hreinsa fullkomlega útúr húsinu þegar það fylltist af blönduðu torf og kolaróti.




Mynd 69, 70 og 71. Niðurgroftur [202/200] sunnan gjallhaugs á ýmsum stigum uppgrftar.  
Fig. 69, 70, and 71. Pit [202/200] south of and partly under the slag heap.

### Kolagröf [202/200]

Stór pyttur eða hola [202 / fylling 200] sunnan við gjallhauginn. Niðurgrofturinn var 1,5m í þvm. og 80sm djúpur. Efstu lög gjallhaugsins náðu að hluta yfir niðurgroftinn og var stór hluti af fyllingunni samskonar lögunum í gjallhaugnum. Efri hluti fyllingarinnar samanstóð af sótugu efni, mold, gjallmolum, smáum kolamolum og dálitlu af brenndum beinum og stöku eldbrenndum steinum. Í miðju pyttis neðst í honum voru stórir gjallhlemmar ásamt eldsprungnum steinum og virtist hluti þeirra mynda einskonar hleðslu, það kann þó að vera fyrir tilviljun þegar úrgangi frá járnvinnslnni var hent í gryfjuna. Undir þessu lagi var brennt torf og dálítið af rauðaleifum. Út við brún niðurgraftarins var rótað jarðlag með miklu af H3 og flekkjum af H1104, einnig gráleitt kolablandið lag eins og var að finna víða um svæðið. Undir gráa laginu í hliðum og í botni niðurgraftarins var 0,5-1sm

lag af viðarkolum og sóti (sama og [10282]). En yfir því í botninum var um 2sm þykkt rótað torflag [10229].

**Túlkun:** Þrátt fyrir nokkra lagskiptingu í niðurgreftinum er líklegt að um kolagröf sé að ræða sem fyllt hefur verið upp með rusli frá járnvinnslnunni, sama efni og er í gjallhaugnum. Tvö neðstu lögin virðast tilheyra kolagerð í holunni meðan efri lögin eru úrgangur frá járngerðinni sem hefur verið hent í holuna eftir að kolagerð hefur verið hætt. Óvíst er hvenær holan hefur verið gerð en H1104 gjóskan í rótaða laginu í botni og brúnum holunnar yfir þunna kolalaginu, sýnir að holan hafi a.m.k. verið fyllt upp eftir 1104.



Mynd 72, 73 og 74. Niðurgroftur [1789/1815] suðaustan gjallhaugs á ýmsum stigum uppgrftar.  
Fig. 72 Fig. 73 og 74. Pit [1789/1815] south east of slag heap.

### Kolagröf [1789/1815]

Rúman metra austan við pytt [202] var annar svipaður en smærri [1789 / fylling 1815]. Sá var einnig hringlaga en 1m í þvm. með aflíðandi hliðar, en nokkuð brattari að norðanverðu og alls 55sm djúpur í miðju. Fyllt hefur verið í gryfjuna með gjalli, steinum, viðarkolum og jarðvegi. Efst var fyllingin svört og rík af viðarkolum 15-25sm þar fyrir neðan mikið af stórum gjallhellum allt að 30x25sm á kant og 5-10sm þykkar og álíka stórum brenndum steinum. Þar á meðal stór steinn [1839] með ábrenndum gjallleifum á einum fleti. Undir þessu var dökkbrúnt fremur sendið lag sem var mjög laust í sér með mikið af gjalli og brenndum steinum og svolítið af viðarkolum. Neðst við botn niðurgraftarins var svo um 5sm þykkt hreint viðarkolalag og undir því að norðan brún fremur þétt fokmold með koladreif [1789] sem náði uppúr pyttinum til norðurs og að sunnan rótað jarðlag með mikið af H3 og hugsanlega slitrum úr H1104 (þetta var þó ekki staðfest). Við nyrðri brún kolagrafarinnar var blandað torflag [2022] yfir lagi [1789] með gjallhnullungum og brenndu grjóti á dreif út frá pyttinum og neðst í laginu svolítið af brenndum viði (mest 4sm á kant). Norðan við það var hola 7sm í þvm. og 5sm djúp, mögulega stoðarhola af einhverju tagi en gæti einnig verið far eftir stein eða gjallmola. Töluverðar grasrætur voru í pyttinum einkum við gjallleifarnar á ofan við kolalögin tvö. Neðarlega í brúna laginu fannst óbrennd tönn [2018].

**Túlkun:** Líklega kolagröf líkt og stóri niðurgrofturinn. Slitrur af ljósri gjósku fundust einnig í rótuðu lagi í botni hennar sem virtust vera H1104. Þær virðast því báðar tilheyra yngri fasanum á járnvinnslusvæðinu frekar en þeim eldri og kemur það nokkuð á óvart þar sem maður hefði talið líklegra að í upphafi hafi verið nægur eldiviður næst vinnslusvæðinu og því handhægt að gera til kola á staðnum en að kolagrafirnar hafi svo elt skóglínuna og fjarlægst staðinn.



## Gjallhaugur



Mynd 75. Horft til norðvesturs yfir gjallhauginn á Skógum. Prufuskurður frá 2011 sést í neðri hluta hans, við hlið jarðvegsbunka sem skilinn var eftir við hlið hans. Upp í hægra horninu er sýnishorn af stórum gjallhellum sem fundust á gjallhaugnum. Þessar stóru voru á bilinu 20-30sm langar og breiðar og 5-12sm þykkar, megin hluti gjallsins á svæðinu samanstóð þó af smærri brotum.

Fig. 75. Looking north west over the slag heap at Skógur. A test trench from 2011 can be seen on the east side of the heap. In the top right corner, large slag cakes from the heap. These large pieces are around 20-30cm in diameter and 5-12cm thick. These large pieces however only represent a small percent of the total volume of slag.

Gjallhaugurinn og járnvinnsлуминjarnar virðast hafa verið innan túngarðs sem hlaðinn var fyrir 1300. Tvær kynslóðir túngarða voru greinanlegar í brekkunni suðvestan járnvinnslunnar og voru garðarnir sem næst hvor ofan á öðrum með stefnu norður-suður eftir brekkunni ofan (vestan) við járnvinnsluna og virðast hafa farið í sveig norður fyrir hana. Vegna rasks var ekki hægt að rekja garðana alla þessa leið en greinilegt framhald af yngri túngarðinum, í það minnsta, var á yfirborði norðaustan við járnvinnslusvæðið. H-1300 gjóskan var í fokmold 2sm yfir eldri túngarðinum, líkt og yfir síðasta notkunarskeiði gjallhaugsins, en sama gjóska var hins vegar í torfi yngri garðsins. H-1104 gjóskan fannst í hvorugum garðinum. Það er ljóst að eldri garðurinn er að hluta samtíða járnvinnslunni sem hefur þá verið innan túns, en þrátt fyrir skort á H-1104 er ekki hægt að fullyrða að hann hafi verið hlaðinn fyrir 1104 (þá gjósku vantaði t.a.m. líka í seinni garðinn, eftir 1300). Á 20. öld var svæðið ofan og sunnan gjallhaugsins, og fjárhúsanna sem þá stóðu á járnvinnsлуминjunum, sléttað ásamt túngarðinum, þessum bletti hefur að einhverjum ástæðum ekki verið haldið í rækt og voru minjarnar því rétt utan við norðvesturjaðar túnsins eins og það hefur verið nytjað á síðustu árum.

Gjallhaugurinn var þakinn um 40-50sm jarðvegslagi og í því voru þrjú dökk gjóskulög. Neðst, 2-5sm ofan við gjallið var Hekla 1300 og 5-7sm þar fyrir ofan V-1477 og um 10sm ofan við það V-



1717.<sup>56</sup> Hreinsað var ofan af gjallhaugnum og reyndist hann vera tæplega 10x15m á kant, aflangur frá norðri til suðurs næsta flatur að ofan og voru gjall og kolalögin 120sm þykk í honum miðjum. Gjallhagurinn var samsettur úr mörgum lögum og virðist fyrst hafa hlaðist upp að norðan við útganginn [13] úr eldri rauðasmiðjunni A7 og var austurveggur yngri rauðasmiðjunnar A5 að hluta til yfir lögum úr honum. Í suðaustur og austurhluta gjallhaugsins var ljóst moldar og torfblandað lag, nr. 11 á sniðteikningu (sjá bls. 59), mælt inn sem [21089], það náði óslitið yfir stóran hluta haugsins og virtist neðri hluti þess hrein fokmold. Greinilegar slitrur af gjósku frá Heklu 1104 fundust í þessu lagi í suður og austurhluta gjallhaugsins, að hluta til í torfi en að hluta til virtist gjóskan vera óhreyfð í fokmoldinni. Yfir þessum slitrum af H-1104 voru þykk kola og gjalllög nr. 6 á sniðteikningu, þessum lögum var skipt í sjö lög þegar það var grafið í [9592], [9770], [11465], [11567], [11629] og hluti laga [13835] og [21089]. Erfitt er að segja til um það nákvæmlega hve stórt hlutfall haugsins hefur hlaðist upp eftir 1104, bæði vegna þess að uppsöfnun laga í haugnum var ekki jöfn heilt yfir, en að auki vegna þess að gjóskan fannst aðeins óhreyfð í jöðrum haugsins að sunnan og austan en virtist vera blönduð torfi innar í honum. Miðað við afstöðu laga eins og þau birtust í skurðinum sem grafinn var í gegnum hauginn frá norðri til suðurs má þó áætla að a.m.k. ¼ hluti haugsins séu tilkominn eftir 1104. (sjá sniðteikningu, Mynd 76, bls. 59).

Sunnan við byggingarnar á járnvinnslusvæðinu, mátti sjá keimlíka jarðlagaskipan, þar var ljóst fokmoldarlag með 1104 yfir, á milli þykkra kolablandaðra laga. Þessi uppsöfnun fokmoldarlaga undir og örlítið yfir H-1104 gjóskunni bendir til að hlé hafi orðið á járnframleiðslunni um það leyti.<sup>57</sup>

Hagurinn stóð í svolitlum halla (um 7°) frá suðvestri til norðausturs og hafði hlaðist upp að austurvegg yngri rauðasmiðjunnar A5. Það er því ekki hægt að nota einfaldar reiknireglur til að áætla rúmmál hans, en til þess að komast sem næst því voru hæðarpunktar teknir með 1m millibili yfir allan hauginn, að auki voru hæðarpunktar teknir á völdum stöðum umhverfis um það bil í hæð við 1300 gjóskuna þar sem hún fannst eða hægt var að áætla að um yfirborð samtíða lokaskeiði gjallhaugsins væri að ræða. Eftir að vesturhluti haugsins hafði verið grafinn upp var svæðið undir þeim hluta að sama skapi mælt upp með 1m millibili. Niðurstöður þessara mælinganna sýndu að landinu undir og umhverfis gjallhaugnum hallaði um 7° eða um 1m lóðrétt fyrir hverja 8m lárétt. Út frá þessum tölum var rúmmál gjallhaugsins gróflega áætlað um 60m<sup>3</sup>, en auk gjallhaugsins var úrgangi frá járnvinnslnunni að finna víðar á svæðinu, s.s. í kolagröfunum tveimur og í niðurgröftum innan sjálfra rauðasmiðjanna.


Úrgangurinn í gjallhaugnum samanstóð ekki af gjalli einu saman, heldur var í honum mikið magn af kolum og kolasalla, ásamt innskotslögum af rótuðu torfi og mold. Talsvert var einnig af rauða, járnleifum og mulningi af brenndum dýrabeinum.

Til að áætla hugsanlegt gjallmagn í haugnum var 50x50sm reitur í miðju haugsins grafinn í plani og innihaldið sigtað og aðskilið. Grafið var 1m niður og því um hálfan rúmmetra að ræða. Notast var við sigti með 7x7mm möskva og bentu niðurstöðurnar til að gjallinnihaldið væri tæplega 15% í haugnum. Sýni voru tekin með reglulegu millibili til fleytingar og nákvæmari greiningar á innihaldi haugsins en úrvinnslu þeirra er ekki lokið þegar þessi skýrsla kemur út. Auk þessarar tilraunaholu voru öll lög in í gjallhaugnum vestan við prufuskurðinn grafinn upp eftir einingakerfinu (single context) og sýni úr hverju lagi sigtuð. Niðurstöðurnar úr því bentu til töluvert lægra gjallinnihalds eða rúmlega 10% í lögnum vestast í haugnum. Megin ástæða þess er sú að næst rauðasmiðjunum voru fleiri og þykkari torfblönduð innskotslög en utar í haugnum. Það má því gera ráð fyrir að gjallinnihaldið sé á

<sup>56</sup> Magnús Á Sigurgeirsson 2012, bls. 1-2.

<sup>57</sup> Sjá nánar: Magnús Á Sigurgeirsson 2012, bls. 1-2.

bilinu 12-13% í heildina, en þó frekar hærra en lægra í ljósi þess að nokkur hluti gjallsins er smærri en 7x7mm og kom því ekki fram við þessar mælingar.



Mynd 76. Snið í gegnum gjallhaug, beint út frá inngangi inn í yngri rauðasmiðjuna. Lóðrétti ásinn sýnir raunhæð yfir sjávarmáli og lárétti ásinn metra út frá veggjum smiðjunnar til NA. Þunnt lag af sótugu efni og smáræði af gjalli teygði sig lengra til norðausturs, alls rúma 9m frá veggjum A5. Lína A er yfirborð gjallhaugsins, lína B er botninn undir vestanverðum gjallhaugnum. Lína C er hæðarlína tekinn rétt sunnan við gjallhauginn til samanburðar.

Fig. 76. Section of the slag heap SV-NA from the entrance into the later smelting hut A5. Left axes showing actual m.a.s.l., the horizontal axes, meters from walls/entrance of A5. Line A: top of wastematerial in slag heap (top soil removed). Line B: bottom of excavated part of slag heap. Line C: Surface contemporary to slag heap (top soil removed).




Mynd 77. Sýnishorn af mismunandi gjalli úr gjallhaugnum.  
Fig. 77. Samples of different kinds of slag from the slag heap.

Megnið af gjallinu sem fannst í haugnum og á svæðinu var þungt og þétt, grátt gjall með kaðlamynstri á yfirborðinu en grófa neðri hlið. Þessi tegund af gjalli er talin nokkuð einkennandi fyrir þá tegund ofna sem hafa frárennsli eða affall fyrir gjallið (á ensku slag tapping furnace). Megnið af gjallinu er þá látið flæða út úr ofninum þegar nokkuð er liðið á bræðsluna og við það myndast þetta einkennandi mynstur. Frárennslisofnar af þessu tagi munu hafa verið algengasta ofngerðin sem var í notkun á þessum tíma 9du-13du öld í Evrópu.<sup>58</sup>

Í neðstu lögum gjallhaugsins, norðan miðju fannst hins vegar töluvert af frauðkenndu gjalli ásamt gjalli með kaðlamynstri. Svipað frauðkennt létt gjall fannst m.a. í pytti [9612/fylling í norðurhluta 9632] milli ofnanna [21] og [22] fyrir miðju í eldri rauðasmiðjunni A7 en aðeins í örlitlu magni annarsstaðar í gjallhaugnum. Gjall af þessu tagi þarf þó ekki að vera merki um annarskonar ofngerð eða aðferðir, þar sem það getur einnig myndast í upphafi bræðslu og við misheppnaðar tilraunir þar sem nægum hita er ekki náð.<sup>59</sup>

<sup>58</sup> Kristín Huld Sigurðardóttir, 2004, bls. 120.

<sup>59</sup> Sauder og Williams, 2002, bls. 124.



Mynd 78. Loftmynd af uppgriftarsvæðunum á Skógum. Svæði B lengst til vinstri, C fyrir miðri mynd og A neðarlega til hægri. Lituðu flákarnir tákna jarðrask af völdum jarðræktar, en greinilegt var að sléttað hafði verið ofan (vestan og suðvestan) við fjárhúsin A1. Beint fyrir ofan fjárhúsin hafði verið skafið niður á mel og var um 15-30sm þykk rótuð grasrót ofan á honum - blátt svæði. Sunnan við það var jarðdýpra en þar hafði einnig verið skafið ofan af, óvíst hve mikið, víðast á bilinu 15-30sm grasrót og óhreyft undir. Jarðvegi af báðum þessum svæðum hafði verið rutt í gildrag sunnan og neðan við – gult svæði. Rauðu litlu flákarnir eru tilraunaskurðir. Merktir Sk 1 er skurður nr. 1 o.s.frv. á eftir bandstriki kemur ártalið sem skurðurinn var tekinn. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

Fig. 78. Aerial photo of the excavation areas A, B and C. Area B is in the top left corner and A to the right and C in the middle. The coloured polygons represent disturbance by farming activities, when the home field was levelled and extended. The blue area is disturbed down to natural gravel hillock. The red area had deeper soil but had disturbance on top. The yellow area is a small ravine where the material from the blue and red areas was dumped.

## Svæði C


Ofan (vestan og suðvestan) við svæði A þar sem járnvinnslan fór fram var opnað svæði í kjölfar könnunarskurða sem teknir voru með reglulegu millibili í hlíðinni. Ljóst var á yfirborði að þetta svæði hafði orðið fyrir miklu raski af völdum 20. aldar jarðvinnslu þegar heimatúnið var sléttað og stækkað upp í brekkuna. Borkjarnar sem teknir voru 2011 ofan við járnvinnslna höfðu sýnt að þar var mest um 40sm niður á grjóti, en í hluta af kjörnunum kom fram torf sem virtist rótað og svipaði til torfsins sem fannst í eldri gerð túngarðsins.<sup>60</sup> Könnunarskurðirnir staðfestu þetta og ljóst er að svæðið ofan við járnvinnslna hefur verið jafnað út og að þar var aðeins að finna torfrót undir grasrót, smáræði af koladreif frá járnvinnslnunni og 10-40sm niður á melhól. Sunnan og vestan (ofan) við melhólinn var hins vegar jarðdýpra. Greinilegt var í skurðum á svæði C og neðan þess að efri hluta svæðisins hafði verið ýtt undan brekkunni ofan í lækjargil sem var þar suðaustan við.

Engin mannvirki fundust ofan hólins en sunnan við hann komu minjar í ljós beint undir grasrót á sléttuðu yfirborði. Mannvirkjaleifarnar komu fram í tilraunaskurði (Sk. 6 – '12) og var byrjað á að opna svæðið þar í kring en það svo stækkað smátt og smátt til að ganga úr skugga um að minjar

<sup>60</sup> Guðný Zoëga, 2011a, bls. 19-21.



hafi ekki leynst á milli tilraunaskurða. Vegna áður nefnds jarðrasks sást hvorki óhreyfð gjóska frá V-1477 né H-1300 í náttúrulegum jarðlögum á stórum hluta svæðisins.



Mynd 79. Yfirlitstekning af byggingum á svæði C. Torf sem talið var tilheyra C3 hafði fallið inn í tóftin að sunnan og austan og voru eiginlegar innbrúnir byggingarinnar við svörtu steinana sem sýndir eru á myndinni.

Fig. 79. Overview diagram of building structures in area C.

Leifar a.m.k. fjögurra bygginga komu fram á svæðinu við heildaruppgröft þess. Í veggjatorfi yngstu byggingarinnar C1 voru hins vegar greind gjóskulögin V-1477 og H-1300 og líklegt að sú bygging sé ekki eldri en frá 16. öld.<sup>61</sup> Ljóst var af torfinu að V-1477 var ekki nýfallin þegar það var tekið. Bygging C1 var með viðbyggingu til austurs C2, en undir C1 var eldra mannvirki hugsanlega rétt C3, austan við þessar byggingar var útihús C4, líklega fjárhús og hlaða, þetta hús var með tvö byggingarskeið, það yngra með V-1477 í torfi.

C4 hafði verið fyllt af rusli eftir að hætt var að nota það, C3 bar engin ummerki um rusl og hefur verið til komið áður en C4 var fyllt af rusli, mögulega einnig bygging C1 ofan á C3. Bygging C2 sem var yngri viðbygging við C1 var hins vegar grafin niður í þykk ruslalög og rusl fannst í veggjum þess og því ljóst að C4 hefur verið orðin full af rusli þegar C2 var byggt. Ruslalögin innihéldu mikið magn dýrabeina, aðallega óbrennd, gráa viðar- eða taðösku og bleika móösku auk nytjahluta af ýmsu tagi, keramik- og einstaka glerbrot, krítarpípur, nagla og smáhluti úr járn. Af gripunum að dæma virðist þetta rusl frá 17.-19. öld og líkt því sem við er að búast frá hefðbundnu heimilishaldi þess tíma. Það sem sker sig frá hinu hefðbundna er töluvert magn af brotamálmi, þynnum ýmiskonar og rónöglum, úr eir/kopar og fjöldi deiglubrota og þrjár heillegar deiglur sem fundust einnig í þessum lögum. Þessar leifar bera þess glöggt vitni að unnið hefur verið við bræðslu á eir (kopar) á Skógum. Það er hins vegar ekki augljóst hvar nákvæmlega sú vinnsla hefur farið fram þótt líklega hafi það verið í eða í nágrenni við svæði C.

<sup>61</sup> Sjá Magnús Á. Sigurgeirsson, 2012, bls. 3. (skýrslan er í viðhengi).

Það er hugsanlegt að einhver hluti ruslsins hafi komið frá byggingu C1 og C2 en í gólfum beggja húsa voru keimlík ruslalög, í C2 var jafnframt eldstæði með móöskurusli. Báðar þessar byggingar höfðu hins vegar verið fylltar af rusli eftir að hætt var að nota þær og ljóst að megnið af ruslinu hafi komið einhversstaðar annarsstaðar frá. Að sama skapi voru deiglur og gjall í ruslalögum sem lágu yfir C1 og C2 sem bendir til að málmbæðslan hafi farið fram einhversstaðar annarsstaðar og rusl frá henni verið sett með öðru rusli, hvort sem því hafi verið hent beint í tóftirnar eða hvort ruslinu hafi verið ýtt yfir minjarnar við síðari tíma jarðvinnu.

Efst undir yfirborði komu í ljós rótuð lög með fokmold og torfdreifum [8312] og [8449] og grátt rusla- og öskulag [2457] sem sett var niður í byggingar sem þar voru undir. Ruslalagið samanstóð einkum af grárri ösku með innskotum af blönduðu rusli, m.a. deiglubrotum og eir/koparþynnum og torfleifum. Undir [2457] austanverðu var blandað torf og fokmoldarlag [11784] sem var að hluta til yfir C2 en þó aðallega yfir öðru torfblönduðu lagi [13802] sem kann að vera torf úr veggjum C2 sem hrunið hafa til austurs yfir C4. Undir [2457] að vestanverðu var torfhrun í C1 [12706] að norðan og [12732] að sunnan. Undir því aftur keimlíkt ruslslag [12050] sem fyllti innbrúnir C1 og C2. Þetta ruslslag samanstóð einkum af grárri ösku og nokkru af gjalli og brenndum steinum sem mest var af í vesturhluta C1. Óbrennd bein dreifðust jafnt yfir lagið. Einnig fundust nokkrir munir úr eir eða koparblöndu og heil deigla, krítarpípubrot og fleiri gripir sem virðast frá 17.-19.öld. Innblandað í þetta lag voru linsur af fokjarðvegi. Undir [12050] í C2 var torfhrun [12923] sem fyllti alla bygginguna, mest 60sm djúpt í miðju. Undir torfhruninu var aftur ruslslag [13364] í suðurhluta C2, líkt [12050]. Undir [12050] í C1 voru hins vegar óljós skil við keimlíkt ruslslag [13308] sem var þó þéttara og með meira af kolum.

Lag [18036] var ruslslag sem austurveggur C2 var skorin niður í og lá yfir C4. Lagið var lagskipt bleik móaska með innskotum af grárri ösku og smáræði af rótuðu torfi og miklu magni af óbrenndum beinum. Í laginu var mikill fjöldi gripa og gripabrota af ýmsu tagi m.a. keramik og glerbrot, margskonar smáhlutir úr járn, hnífur, kertapípa, naglar auk brotamálms úr kopar, nokkrir brýnisbútar ofl. Alls fundust tæplega 50 gripir eða brot sem skráð voru á 22 gripanúmer. Þetta samsafn gripa bendir helst til 18.-19. aldar þótt ekki sé hægt að útiloka að þeir séu frá 17. öld.

Svipuð ruslalög og voru í byggingunum fyrir miðju á svæði C var að finna víðar á svæðinu, m.a. vestan bygginganna í litlum niðurgreftri [12393], auk þess sem ruslalög var að finna syðst á svæðinu við skurð númer 7 (Sk. 7 - '12). Þar var m.a. ruslslag [11300] með glerbrotum og fleira rusli, það lag náði þó ekki út í sniðið en var yfir lagi nr. 5 í sniðinu sem er sama og [11420] og var 30sm fokmoldarlag á milli, bæði lögin voru frá því eftir V-1477. Lag [11420] var grátt öskulag með mikið af brenndum steinum og gjalli, sumir með eir/kopar útfellingum og/eða brons/kopar brotum eða dropum. Lagið var dekkra og rautt neðst en mikið af járnútfellingum var í jarðveginum sjálfum kringum gjallið. Lagið lá upp við skurð syðst á svæði C en virðist halda eitthvað áfram hinum megin skurðarins. Töluvert var af bæði járn og eir/kopar í laginu. Munur virtist vera á laginu til norðurs og suðurs. Meira er af eir/kopar til suðurs en keramik brot til norðurs.

Ruslslag 8 var hins vegar frá því fyrir 1477, en engar koparleifar eða gjall voru í því lagi né heldur fundust ummerki um koparvinnslu nokkurs staðar fyrir það gjóskulag og er óhætt að fullyrða að sú vinnsla hafi átt sér stað á undir lok 15. aldar eða síðar.

## C1 - Bygging (16.-19. öld)



Mynd 80. Horft til suðurs yfir byggingu C1 og síðari tíma viðbyggingu við hana C2.  
Fig. 80. Looking South over building C1 and a later addition C2.

Bygging C1 kom í ljós strax undir grasrót um 35m suðvestur og upp af byggingunum á svæði A. Byggingin hefur verið niðurgráfin þvert á brekkuna og legið u.þ.b. norðvestur-suðaustur og verið 3x2m að innanmáli. Í suðurvegg tóftarinnar voru gjóskulögin H-1300 og V-1477 greind í torfi.<sup>62</sup> Yngri gjóskan virtist ekki hafa verið efst í grasrót torfsins og líklegt að nokkur tími hafi liðið frá því að gjóskan féll og torfið var tekið, byggingin er því tæplega eldri en frá 16. öld.

Dyr hafa upphaflega verið út til austurs, en síðar byggt þar við lítið hús C2. Ummerki voru um að austurveggir C1 hefðu verið endurbyggðir áður en C2 var byggt við, en veggirnir sinn hvoru megin dyranna voru ólíkir að gerð og veggir C2 voru greinilega hlaðnir upp að þeim. Norðan við dyrnar á milli húsanna var torf- og grjóthlaðinn veggur [16263] með dökkri gjósku (líklega LNS), torfið var þó fremur einsleitt og erfitt að greina hverslags hleðslu hefur verið um að ræða. Sunnan dyranna var torfveggur [16264] með áberandi þykkum linsum af dökkri, ögn grænleitri, gjósku (líklega LNS) ofan á um 6-8sm þykku dökku lífrænu lagi. Þessi veggbútur



Mynd 81. Viðgerð [16264] sunnan dýra útúr C1.  
Fig. 81. Rebuilt wall [16264] south of entrance into C1.

<sup>62</sup> Magnús Á. Sigurgeirsson, 2012, bls. 2.

var greinilega hlaðinn úr streng og hnausum og lá upp við eldri ljósari vegg að sunnan með greinilegum linsum af dökkgrárrí gjósku (V-1477).<sup>63</sup> Af ruslalögum sem þöktu báðar byggingarnar og lágu um þessar dyr er ljóst að opið hefur verið á milli húsanna, þrátt fyrir að gólf C2 hafi staðið umtalsvert lægra og undir dyrunum þar, hafi verið lóðrétt 40sm há grjóthleðsla.

Engar stoðarholur eða líklegir stoðarsteinar fundust í byggingunni. Stoðarsteinar kunna að hafa verið fjarlægðir en einnig er hugsanlegt að sperrur hafi hvílt á veggssillum. Veggirnir höfðu hrunið inn í tóftina að norðan og vestan, lag [12706] og hrun úr veggnum að sunnan hafði bæði fallið inn í tóftina og utan hennar. Torfhrunið inn í byggingunni lá ofan á ruslalagi [12050] sem var aftur yfir keimlíku en þéttara ruslalagi [13308]. Þar fyrir neðan var fokmoldarlag [14953] og þá lag [15152] sem innihélt mikið magn af fíngerðum greinum eða hrís og náði yfir stærstan hluta gólfplatnar C1 og var túlkað sem þakleifar. Undir því var sót svart L-laga gólfplag og í því nokkuð af kolamulningi og smáræði af illa varðveittum óbrenndum beinum og örlítið af brenndum beinum. Þetta svarta lag huldi ekki allan gólfplötinn en við hlið þess var grátt ruslalag [14511] og í því talsvert af litlum deiglubrotum og nokkuð af brotamáli úr eir eða kopar auk gjallmola og beinaleifa. Þar fyrir neðan var grágrænt, náttúrulegt þjappað lag [19036], en svo virðist sem grafið hafi verið niður að því lagi þegar bygging C1 var gerð ofan í minjum eldri byggingar, líklega réttar C3.

Mikið magn gripa og gripabrota fundust í ruslalögum sem fylltu tóftina. Í stóra ruslalaginu [2457] sem teygði sig yfir allar byggingar á svæðinu voru m.a. deiglubrot, koparþynnur, gjall með koparslettum ofl. Undir því var rótað torflag [11784], en annað keimlíkt ruslalag [12050] afmarkaðist við innbrúnir bygginga C1 og C2 og var svipað að útliti og innihaldi og efra lagið, grá aska með linsum af fokmold. Í öskunni í [12050] var töluvert af gjalli og brenndum steinum, einkum í vesturhluta C1. Óbrennd bein dreifðust jafnt yfir lagið og þá fannst töluvert af brotum úr eir eða koparblöndu og fjöldi deiglubrota og ein heil deigla (þjms. 2012-23-112), auk þess heilleg krítarpípa (þjms. 2012-23-57) og krítarpípubrot ásamt fleiri gripum sem eru vart eldri en frá 17. öld, en hafa verið algengir á 18.-19. öld. Undir ruslalaginu [12050] var annað grátt ruslalag [13308] ekki ósvipað hinu en einskorðaðist við innanmál C1 en bæði lögin voru undir hrúni [12706] og [12732] úr veggjum C1. Þetta neðra ruslalag var að sama skapi keimlíkt hinum, en í því fannst meðal annars lítið steinbrýni úr ljósu flögubergi (þjms. 2012-23-165) og járnnegli (þjms. 2012-23-180).

**Túlkun:** Óvíst er hvaða hlutverki bygging C1 hefur gegnt en ekki virðist um útihús að ræða, hugsanlega hefur byggingin tengst vinnslu á eir eða kopar.

---

<sup>63</sup> Sbr. Magnús Á. Sigurgeirsson, 2012, bls. 2.



## C2 - Bygging (16.-19. öld)



Mynd 82. Horft til austurs yfir byggingu C2.

Fig. 82. Looking East over building C2.

Bygging C2 er síðari tíma viðbygging til austurs útúr C1 og var að hluta til skorið niður fyrir henni niður í ruslalög [18036] sem náðu yfir leifar útihúsanna C4. Byggingin hefur verið um 1,5m á kant að innanmáli og snéri eins og C1 norðvestur-suðaustur með dyr út norðarlega á austurvegg. Gólfflötur þessarar viðbyggingar hefur staðið um 30-40sm lægra en C1 en opið hefur verið á milli þeirra um gamla útganginn úr C1. Grjóthlaðið eldstæði [16154] var við suðurvegg og grjóthleðsla með neðri brún veggja að vestan og norðan og hafði töluvert grjót hrunið úr þessum hleðslum inn á gólfið.

Veggir voru úr torfi og grjóti að norðan og austanverðu en aðallega torf að sunnan og suðvestan. Að norðan var torf og grjóthlaðinn veggur [15755] úr gulbrúnu torfi, með linsum af dökkri gjósku (líklega V-1477) og svolítið af móösku inn á milli. Að vestan voru sameiginlegir veggir með C1 sem virtust hafa verið endurbyggðir áður en C2 var bætt við. Við byggingu C2 hefur verið grafið niður aðeins austan við austurveggi C1 og hlaðið með grjóti við bakkann og fyllt upp á bakvið með uppmokstrinum, náttúrulegum jarðvegi með H3 og H4 [16013]. Það hefur því verið um 30-40sm hár hlaðinn kantur úr dyrunum niður að gólfi C2, en engu að síður virðist áfram hafa verið opið á milli húsanna. Austurveggur C2 [12105], samtíma norðurveggnum [15755] var undir lagi [12923] en skorið var niður fyrir veggnum í móöskurusl [18036]. Veggurinn var mjór, aðeins um 60-80sm breiður. Einföld grjótröð neðst beggja vegna, en fremur einsleitt og grotnað torf í veggnum, með linsum af móösku.



Mynd 83 og 84. Eldstæði [16154] í byggingu C2.

Fig. 83 and 84. Hearth [16154] in building C2.

Lítið eldstæði var fyrir miðjum austurvegg hússins. Svolítið af eldsprungnu grjóti myndaði ólögulega hleðslu sem erfitt var að greina frá grjóthruni úr suðurvegg hússins, undir grjótinu var klístrað og sótugt lag [16154] sporöskjulaga 64x78sm á kant og mest 12sm þykkt í miðju en þynntist út til annarra átta.

Efri hluti gólfsins í C2 var móöskublandað [15274], samtíða eldstæði [16154]. Neðri hlutinn var dökkt klístrað þunnt gólf [16591] einnig samtíða eldstæði [16154]. Hugsanlegar taðleifar voru í gólfinu ásamt innskotum af móösku. Undir góflaginu var þjappað grænleitt lag með járnútfellingum [15593]. Samskonar lag var í botni C1/C3 [19036]. Þessi lög virðast vera náttúruleg en hafa þjappast undir eiginlegum góflögum þessara bygginga. Þétt, járnrík lög sem komu upp í flögum.

Líkt og í C1 voru engar stoðarholur né greinilegir stoðarsteinar í byggingu C2 og má vera að sperrur hafi hvílt á veggisillum og engar stoðir verið í húsinu.

Töluvert fannst af gripum í lögum yfir þessum byggingum C1 og C2 eins og frem hefur komið. Undir [12050] í C2 var þykkt rótað torflag [12923], mest 60sm þykkt í miðju og undir því enn eitt ruslalagið [13364] en í því var m.a. krítarpípubrot (þjms. 2012-23-230) og brýni (þjms. 2012-23-131).

### C3 útihús/rétt? (13.-16. öld)



Mynd 85 og 86. Til vinstri, horft til suðausturs yfir mannvirki C3, hugsanlega rétt. Mynd til hægri horft til vesturs yfir C3.

Fig. 85 and 86. Left picture looking southeast over structure C3, possibly a sheep fold or paddock. Right picture looking west.



Undir byggingu C1 voru leifar eldra mannvirkis sem var heldur stærra eða 2,8x3,5m að innanmáli með niðurgrafna grjóthlaðna vegg. Grjóthleðslurnar í bakkanum í suðausturhorninu voru hæstar um 80sm frá gólfleti, en hrun [18359] var úr suðurgaflinum og hleðslur annarsstaðar lægri. Stór hluti þessa mannvirkis hafði orðið fyrir miklu raski af völdum yngri byggingar C1, sem hafði verið grafin niður í gegnum góflög byggingarinnar. Það var því aðeins hleðslan í suðurgaflinum og hluti grjóthleðslu meðfram vesturvegg sem hafði sloppið við rask, en upp við þessar hleðslur var að finna trefjaríkt lag líkt taðlögum í fjárhúsunum á svæði A. Vesturveggur C3 nær svolítið vestur fyrir túngarðinn og en torfslitrur [12408] úr eldri garðinum voru bæði norðan og sunnan mannvirkisins, en ekki var ljóst vegna rasks hvort væri eldra byggingin eða garðurinn. Engar stoðarholur eða stoðarsteinar voru tengdir við þetta mannvirki og engir gripir fundust í lögum sem því tilheyrðu.

**Túlkun:** Óvíst er hvaða tilgangi þetta mannvirki hefur þjónað, en meint taðlög út við hleðslur að sunnan benda til að um útihús eða litla rétt af einhverju tagi sé að ræða.

#### C4 útihús (eldri fasi?/yngri fasi eftir 1477)



Mynd 87. Horft yfir eldri fasa byggingar C4.

Fig. 87. Looking over the older phase of building C4.

Útihús, líklega fjárhús, neðst (austast) á svæði C. Húsið liggur eftir brekkunni nálega austur - vestur og voru greinanleg tvö byggingarstig. Af gjósku í torfi mátti sjá að yngri fasinn var til kominn eftir að V-1477 féll en það lag fannst ekki í torfi sem með vissu var hægt að tengja eldri fasanum. Í sniði austan við innganginn mátti hins vegar sjá svolitinn torfbunka milli H-1104 og V-1477 en vegna rasks frá yngri fasanum var óljóst hvort þetta torf tilheyrði eldri fasa C4 eða öðrum umsvifum á svæðinu. Nákvæmur aldur eldri fasa byggingarinnar liggur því ekki fyrir en ljóst er að yngri fasinn er tilkominn nokkru eftir að gjóskan V-1477 féll og því ekki eldri en frá lokum 15. aldar.

Upphaflega var húsið 3x5m að innanmáli með dyr til austurs út við norðurvegginn. Þá var garði eftir miðju og krær sín hvoru megin og gengt fyrir garðann að austan, en hlaða að vestan. Hlöðugólfið stóð nokkru hærra en gólfið í krónum og hefur að líkindum verið timburpil á milli og gengt eftir garðanum inni hlöðuna. Síðar hefur gaflveggurinn að austan verið endurhlaðinn og dyrnar færðar nær miðju og húsið minnkað um 120sm. Á þessu stigi virðist húsið hafa verið einn geimur án hlöðu og garða. Eftir að þetta hús var fallið eða rífið var tóftin fyllt af rusli, en veggir hafa haldið áfram að falla inn og hvelfst að hluta til yfir ruslið. Það bendir til að tóftin hafi ekki verið mjög forn þegar ruslinu var komið þar fyrir og eru góðar líkur á að tóftin sé lítið eldri en ruslalögin, en gripir í þeim benda til 17.-19. aldar þótt hugsanlegt sé að þar sé blanda af eldri og yngri lögum sem rutt hafi verið ofan í minjarnar.

Veggir hússins hafa verið grafnir niður 70-110sm en hlaðið úr torfi og grjóti að innanverðu og úr torfi í einhverju mæli ofan á bakkann að norðan og sunnan, en þar sem skafið hafði verið ofan af svæðinu var ekki ljóst hve háir veggirnir kunna að hafa verið ofan bakkans, en 5-10sm þýkkar torfslitrur náðu á bilinu 60-110sm út frá innbrúnum veggjanna.

Norðurveggurinn [21980] bar ekki merki um að hafa verið endurhlaðinn, en hrúnið hafði úr honum fyrir miðju [20278] og lagst yfir gólfið í yngri fasa byggingarinnar. Að vestan var líkt og annarsstaðar í húsinu einföld grjóthleðsla meðfram innbrún, en torf í veggnum [21957] var mjög rótað og dreift og virðist hafa orðið fyrir raski eða hrúnið til vesturs. Suðurveggurinn [19405] var líkt og norðurveggurinn niðurgrafinn, með einfaldri grjóthleðslu neðst og torfi hlaðið upp í bakkann. Að austan var greinilegt að húsið hafði tekið breytingum og yngri veggur [21923] verið hlaðinn upp innan við þann eldri [22525] og húsið þannig minnkað um 100-120sm og útgangurinn færst sunnar, nær miðju gaflsins.

Undir ruslalögunum og hrúni úr veggjum var lag [20300] sem náði yfir allan gólflötinn á yngri byggingarfasanum á C4, undir því lagi kom í ljós taðgólf [20350], sem náði sömuleiðis yfir allan gólflötinn og ljóst að á þeim tíma hefur hvorki verið hlaða né garði í húsinu. Gróft sandlag var í útganginum á þessum tíma blandað við tað og dreifði úr sér utan við dyrnar.

Svolítið torfrót var á köflum milli þessa lags og næsta gólflags fyrir neðan sem tilheyrði eldri fasanum en skilin óvída skýr. Gólf eldri fasans [21572] einskorðaðist við krærnar norðan og sunnan garðans [21624] og útganginn sem þá var fyrir miðju að austan og náði upp að bakka að vestan þar sem hlaðan tók við. Hlöðugólfið [21539] stóð um 15-20sm hærra og var í línu við leifar garðans.

Aðeins tvær mögulegar stoðarholur fundust í byggingunni. Báðar um 10sm í þvm., annars vegar [20380]/ fylling [20386] við norðurvegginn á skilum hlöðunnar og norðari króarinnar og hins vegar hola í línu við yngri gaflvegginn að austan [22708] fyrir miðju. Tveir stórir steinar voru við sitthvort horn hlöðunnar að vestan báðir flatir að ofan og kunna að hafa verið stoðarsteinar. Þeir voru þó ekki alveg út í hornunum heldur um 30sm innar og í steinaröð vesturveggjarins, þessar stoðarholur og steinar kunna að hafa tilheyrt báðum fösum byggingarinnar en að auki voru mögulegir stoðarsteinar í hornunum að austan sem tilheyrt hafa eldri fasanum.

Engir gripir fundust í lögum sem tengjast beint þessum tveimur fösum í byggingu C4, hins vegar var mikið magn gripa í rusli sem fyllti tóftina líkt og fram hefur komið.

**Túlkun:** Greinilegt er að eldri fasinn er útihús, hefðbundið garðahús með hlöðu. Yngri fasinn hefur sömuleiðis verið útihús af einhverju tagi en enginn garði eða hlaða var á því notkunarskeiði hússins. Gripir í ruslalögum sem fylltu þessar byggingar benda til 17.-19. aldar en ekki virðist hafa liðið langur tími frá því að húsin féllu og ruslinu var komið fyrir þar sem veggir héldu áfram að hrynja yfir ruslið.




## Pyttur ofan (vestan) við byggingar á svæði C

Um 4m ofan (vestan) við C1 var lítill niðurgröftur, á bilinu 70x100sm á kant og um 20sm djúpur með óreglulegar brúnir. Fyllingin samanstóð af grófum sandi og samskonar rusli og var að finna í tóftunum á svæði C og ruslalagið syðst á svæði C. Þetta ruslslag [12393] innhélt, líkt og hin ruslölögin, gjall með koparslettum en að auki fundust tvö krítarpípubrot neðarlega í laginu. Nánar til tekið brot úr hálsi krítarpípu (þjms. 2012-23-229) og annað úr belg pípu (þjms. 2012-23-231). Hvort tveggja án skrauts eða stimpla.

**Túlkun:** Óvíst er hvaða tilgangi þessi niðurgröftur hefur þjónað en greinilegt er að hann hefur verið fylltur af rusli, en óvíst hvort það hefur verið gert gagnert eða hvort fyllst hafi í holuna þegar sléttað var úr mannvistarlögum á svæðinu.

## Túngarður (11.-12.öld/yngri eftir 1300)



Mynd 88. Loftmynd af heimatúni Skóga, samfellda línan táknar túngarðinn þar sem hann var sýnilegur á yfirborði, en punktalína dregin á milli þar sem talið er að garðurinn hafi legið þótt það hafi ekki fengist staðfest. Grafið var í garðinn í gildraginu sunnan bæjarhólsins og sín hvorum megin gildragsins norðvestan hans.

Fig. 88. Aerial photograph of the homefield and boundary wall at Skógar. The dotted lines were drawn between visible remains of the boundary wall on surface and or excavated remains. The wall was clearly visible west of the homefield (left) and a small part of it north of the field. East of the School building („Skóli“) a ridge in the field was traced, but it was not confirmed by excavation or coring.

Túngarðurinn sást glögg á yfirborði beint fyrir ofan gamla bæjarstæðið og niður í gildraginu suðvestan bæjar. Annar greinilegur kafli var á óræktuðum bletti norðan túns, en einnig mátti greina hrygg í túninu austan gamla barnaskólans þar sem túngarðurinn hefur legið umhverfis gamla túnið austanvert. Þess á milli var hann ekki greinanlegur á yfirborði. Prufuskurðir sem gerðir voru árið 2010 ofan gamla bæjarstæðisins (Sk. 6 - '10) og í gildraginu sunnan við (Sk. 7 - '10) leiddu í ljós að um var að ræða tvö byggingarstig fyrir og eftir aldamótin 1300.<sup>64</sup> Um 2sm þykkt fokmoldarlag var yfir eldri

<sup>64</sup> Guðný Zoëga, 2011a, bls. 9-11.

garðinum og hrúni úr honum, þá gjóskan H-1300 og aftur 2-3sm þykkt fokmoldarlag ofan á því undir yngri garðinum. Jafnframt kom í ljós rétt sem hlaðinn hefur verið upp að yngri túngarðinum beint fyrir ofan bæinn.<sup>65</sup> Greinilegt er að veggurinn hefur verið hruninn a.m.k. einhverju áratugum fyrir 1300 og að yngri veggurinn og réttin hafa að sama skapi verið hlaðin einhverjum áratugum, í það minnsta eftir 1300.

Árið 2012 var grafinn fjöldi prufuskurða norðan lækjargils, norðvestan gamla bæjarstæðisins og ofan (vestan) við svæði A og sást túngarðurinn í nokkrum þeirra (m.a. Sk. 5 -'12, Sk. 7 -'12 og Sk. 8 -'12). Þegar svæðið var opnað mátti sjá leifar eldri túngarðsins norðan og sunnan við byggingu C1 og C3 [12408] og [12403] en hann hafði þó verið jafnaður út á stóru svæði og var sumstaðar aðeins um torfrót að ræða [12367]. Greinilegt var út frá gjóskulögum í veggjum C1 að sú bygging var yngri en garðurinn og virtist grafið niður í gegnum túngarðinn fyrir veggjum þess. Undir C3 var eldri bygging, en vegna rasks frá yngri byggingunni var ekki ljóst hvort túngarðurinn kæmi upp að veggjum þess eða væri skorinn af þeim. Vesturveggur C3 var líkt og vesturveggur C1 nokkurn veginn í línu við túngarðinn og hefur að öllum líkindum verið í notkun á sama tíma og eldri túngarðurinn.

Af legu og stefnu garðlaganna tveggja á svæði C má ráða að garðurinn hefur gengið áfram til norðurs með svolítinn sveig til austurs, sýnilegt garðlag á yfirborði norðan túns bendir til að a.m.k. yngri garðurinn hafi sveigt þar til baka austur fyrir túnið. Þar sem garðlögin voru skoðuð í prufuskurðum og með uppgreftri á svæði C lágu þau hvert ofan á öðru eldri fasinn frá því vel fyrir 1300 og sá yngri sem hlaðinn hefur verið töluvert eftir 1300. Engar vísbendingar voru um að eldri garðurinn sveigði niður á svæði C, allt bendir því til að járnvinnslan hafi verið innangarðs á Skógum undir það seinasta. Tveggja sentímetra fokmoldarlag milli hrúns úr túngarðinum og H-1300 gjóskunnar bendir til að eldri túngarðurinn hafi verið kominn til ára sinna þegar síðast var blásið að rauða í yngri rauðasmiðjunni, en 2-4 sentímetra fokmoldarlag huldi gjallhauginn þegar H-1300 féll.

---

<sup>65</sup> Guðný Zoëga 2011a, bls. 9-10.

## Skurður (16.-19. öld)



Mynd 89. Loftmynd af gömlum handgröfnum skurði á svæði C (rauður) og rannsóknarskurðum (grænir). Loftmynd: Loftmyndir ehf.

Fig. 89. Aerial photo of an old ditch post V-1477 tephra, marked in red and test trenches marked in green. The home field boundary wall is black.

Í prufuskurðum sem gerðir voru á svæði C árið 2012 kom í ljós handgrafinn skurður sem lá frá lækjargili sem nú er þurrt til norðurs meðfram túngarðinum ofanverðum og beygði svo nokkuð krappt til austurs fast sunnan við byggingarnar á svæði C. Skurðurinn (niðurgröftur [14318]) hefur verið grafinn niður í ísaldar möl og höfðu járnútfellingar þést í botni hans. Hann hefur síðar fyllst af jarðvegi og blönduðu gulu torfi með dökkum linsum og einstaka mannvistardreifum, kolasalla og smáræði af móösku [14451]. Aðeins hluti skurðarins var grafinn upp í lögum (e. single context) en annar látið duga að finna legu hans með því að grafa skurði. Í Skurði 5-'12 sunnan bygginganna áður en skurðurinn beygir sást glögg að hann hefur verið grafinn í gegnum LNS og Heklu-3, en í honum var einnig að finna V-1477. Í skýrslu Magnúsar Á. Sigurgeirssonar sem skoðaði sniðið áður en fleiri skurðir höfðu verið grafnir, og svæðið opnað, var gjóskan í skurðinum túlkuð sem svo að skurðurinn hafi enn verið all djúpur og greinilegur þegar V-1477 féll ofan í hann.<sup>66</sup> Þegar fleiri snið voru gerð í skurðinn og hann rakinn lengra til austurs kom greinilega í ljós að skurðurinn hefur verið grafinn allnokkru eftir að V-1477 féll. Þetta er m.a. mjög greinilegt í sniði sem teiknað var upp 2011 og kom í ljós að var í gegnum þennan sama skurð (sk. 11-'11). Þá fannst töluvert af gler- og keramikbrotum í botni skurðarins sunnan við C4 sem benda til 18-20. aldar (þjms. 2012-23-236 til 246). Að auki fundust í botni skurðarins sunnan við C1 leifar sem líklega tengjast bræðslu eirs (kopars) á svæðinu: leifar rörs (þjms. 2012-23-62) og járnkubbs með røraleifum og ábrenndu gjalli (þjms. 2012-23-61) auk smáræðis af brotajárni (þjms. 2012-23-58-60,197).

<sup>66</sup> Magnús Á. Sigurgeirsson, 2012, bls. 2.

**Túlkun:** Óvíst er hvaða tilgangi þessi skurður hefur gegnt en hann er þó ekki tengdur rauðablæstrinum á svæði A, hugsanlega hefur vatninu verið veitt að húsunum á svæði C til brynningar skepnum og skurðurinn jafnvel þjónað sem bæjarlækur. Af sandlögum og vatnsgröfnum botni skurðarins er ljóst að þar hefur töluvert vatn runnið í eina tíð þótt lækjargilið sunnan við sé nú þurrt og bæjarlækurinn renni allur sunnan túns.

### Eir (kopar) vinnsla á Skógum (16.-19. öld)

Töluvert magn brotamálmis úr eir eða kopar fannst í ruslalögum á svæði C, sem og bræddum koparslettum, ásamt fjölda deiglubrota og fjögurra heillegra deigla. Að auki fannst meint blástursrör úr afli í skurði á svæðinu (sem grafinn hefur verið eftir 1477). Þessar leifar bera vitni um málmvinnslu á Skógum aðra en járnvinnsluna og ljóst að þar hefur einnig verið unnið við að bræða upp og endurvinnna eir eða eirblöndur (kopar).

Nokkur dreifing var á þessu rusli og fundust eirþynnur og deiglubrot í rusli á þremur stöðum á svæði C: Í rusli norðaustarlega á svæðinu; ofan í og yfir byggingum C1-C4; og ofan túngarðsins syðst á svæðinu. Vegna jarðrasks á þessu svæði var ekki hægt að ráða af gjóskulögum hvenær ruslalögin hafa í síðasta lagi hlaðist upp. Hins vegar fylltu ruslalög með deiglubrotum m.a. yngstu byggingarnar á svæði C, byggingu C1 og yngri fasa C4, en ráða mátti af gjóskulögum í torfi þeirra að byggingarnar hafi vart verið eldri en frá 16. öld, hugsanlega töluvert yngri. Hluta af þessu rusli hefur verið ýtt ofan í tóftir og dældir við jarðvegsframkvæmdir á 20. öld, en hluti virðist hafa safnast saman í byggingunum.

Auk deiglu- og málmbrota var í ruslalögunum mikið af gler- og keramikbrotum sem hafa verið algeng á 18.-19. öld en kunna að hafa fundist í einhverju mæli á 17. öld. Flest bendir því til að unnið hafi verið að bræðslu eirs á Skógum einhvern tíma á 17.-19. öld, þótt einnig sé hugsanlegt að eldra og yngra rusl hafi blandast saman þegar jafnað var yfir svæðið á 20. öld. Nánari greining á gripum úr ruslalögunum, einkum á gler- og keramikbrotunum kann að þrengja þetta tímabil en liggur ekki fyrir að svo stöddu. Þó fundust tvö möguleg deiglubrot við ofn [21] í eldri rauðasmiðjunni (þjms. 2012-23-155), það hefur þó ekki verið staðfest að um brot úr deiglu sé að ræða eða hvort greina megí málmleifar í henni. En þótt málmbræðsla í deiglum hafi átt sér stað samhliða járnvinnslunni á svæði A þarf það ekki að tengjast deiglufundunum á svæði C.

Þessi ummerki um málmbræðslu benda til að á Skógum hafi verið verkstæði eða smiðja þar sem unnið var úr málminum. Eldstæði þar sem málmurinn hefur verið bræddur kunna þó að hafa verið utandyra jafnt sem innan. Eitt mögulegt eldstæði [18083] fannst ofan á ruslalögunum [18036], en í því fundust hvorki deiglubrot, gjall né koparleifar. Ekki er hægt að útiloka að byggingar C1 og C2 tengist þessari vinnslu en lítið eldstæði [16154] var í byggingu C2, þar fundust þó engar sýnilegar vísbendingar um málmbræðslu. En sýni úr eldstæðinu hafa ekki verið greind. Hvar þessi vinnsla hefur farið fram nákvæmlega er því óvíst en það verður að teljast líklegt að það hafi verið í nágrenni við ruslalögin og hugsanlegt að minjar um það hafi horfið við túnsléttun á 20. öld.

Eir eða kopar hefur verið bræddur til að búa til nytjahluti og skraut af ýmsu tagi. Lýsiskolur, beislisstengur, skraut á beisli og önnur reiðtygi svo eitthvað sé nefnt. Úr koparþynnum mátti sömuleiðis búa til rónagla og hnoð og fannst töluvert af slíku við uppgröftinn, hvort tveggja var notað til að spengja tréílát, gera við keramikílát, sem skreyti á reiðtygi og margt fleira.

Engir steyptir gripir úr eir eða kopar fundust við uppgröftinn, né heldur mót sem málmur hefur verið bræddur í, hvort sem það er fyrir að þau hafi verið úr svo forgengilegu efni eða að ekki hafi verið borin kennsl á þau sem slík. Annar möguleiki er að ekki hafi verið brætt í mót heldur hafi



málmurinn aðeins verið bræddur og svo hitaður upp aftur og formaður í þynnu eða hlut af einhverju tagi.



Mynd 90. Gjall með eir innskotum úr ruslalagi yfir byggingu C4 á svæði C.

Fig. 90. Slag from midden on top of sheep house (C4) in area C, with copper alloy inclusions.



Mynd 91. Brotamálmur úr eir eða kopar úr ruslalögum á svæði C.


Fig. 91. Scrap copper (copper alloys) from midden deposits in area C.



Mynd 92. Ein af þremur heillegum deiglum úr ruslalögum á svæði C, með bræddum málmleifum á barminum (þjms. 2012-23.12).

Fig. 92. One of three whole crucibles from midden deposits in area C (þjms. 2012-23.12).

## Svæði B



Mynd 93. Yfirlitstekning af byggingum á svæði B.

Fig. 93. Overview diagram of buildings in area B.

Svæði B er 100m suðvestur af svæði A og stendur um 16m hærra í landinu. Á yfirborði var greinileg tóft lítils kofa, B1 sem nefnd var "Geitakofi" í örnefnaskrá.<sup>67</sup> Könnunarskurðir voru grafnir í tóftina 2010 og komu þá í ljós eldri leifar undir þeim. Undir B1 voru tvær á móta byggingar, B2 norðvestan og að hluta undir B1 og B4 beint undir B1. Fast austan við þessar byggingar en töluvert lægra er fjórða byggingin B3.

### B1 - Útihús „Geitakofi“ (19.-20. öld)



Mynd 94. Tóft byggingar B1 „Geitakofi“ árið 2010, þegar tilraunaskurðir voru grafnir í tóftina.

Fig. 94. The ruins of 19th-20th century building B1, during test trenching in 2010.

<sup>67</sup> Örnefnaskrá Skóga. Ari Gíslason skráði eftir Sigurði Helgasyni og Þorsteini Indriðasyni. Örnefnastofnun Íslands. Einnig er minnst á „geithús“ í fornbréfi frá 1454 þar sem segir að land Skóga nái „sudur að gili því sem er fyrir sunnan geithús ok gengur ofan úr fjallinu í Hnjóská.“ (Íslenskt fornbréfasafn V, bls. 119). Miðað við þessa lýsingu og landamerki Skóga í dag ætti geithúsið frá 15. öld að vera rúman kílómetra sunnar þar sem nú er frístundabyggð. Þar sem það er utan framkvæmdasvæðis var tófta ekki leitað á þeim slóðum.

Í fornleifaskrá frá 2006 kemur fram að utanmál svonefndrar geitakofatóftar hafi verið 7,5x4,5m, veggir grónir og allt að 2m breiðir og mest 1,10m háir.<sup>68</sup> Í þrífuskurðunum frá 2010 (Sk. 9-10 og Sk. 10-10) mátti hins vegar sjá að veggirnir sjálfir voru í raun aðeins um 1m breiðir og 50-70sm háir, en töluvert hafði hrunið úr þeim og þykk fokmold safnast upp að og yfir vesturvegg auk þess sem veggirnir höfðu verið hlaðnir ofan á eldri veggjum B4. „Geitakofatóftin“ snéri NNV-SSA með dyr því sem næst fyrir miðjum langvegg að ANA og hefur verið 4x2,5m að innanmáli. Engin gjóskulög voru greinanleg upp að eða yfir veggjum tóftarinnar en H3 var í torfi sem og dökk gjóska, líklega V-1477. Grjót var að finna bæði ofan á veggjum [109=110] og við innbrúnir þeirra og hafði töluvert hrunið inní tóftina og var hvort tveggja að mestu fjarlæggt með vélgröfu. Undir torf og grjóthrúni inní tóftinni var lífrænt lagskipt gólf [138] en þakhrun var ekki aðgreinanlegt frá torfhrúninu. Þetta gólf reyndist grafið niður á eldra gólf B4 [144] og voru ekki ljós skil á milli. Engir stoðarsteinar eða stoðarholur fundust í þessum gólfhlögum og má vera að þakið hafi hvílt á veggsillum án gólfstoða. Í norðausturhluta tóftarinnar kom í ljós grátt öskulag [132] beint ofan á yngsta gólflaginu og ljóst að húsið hefur staðið með þaki þegar öskunni var fleygt eða komið þar fyrir. Í þessu öskulagi var vírbútur sem líktist helst gaddavír eða girðinganeti sem bendir til að húsið hafi staðið með þaki á 20. öld, engir aðrir gripir fundust í þessari byggingu.

**Túlkun:** Heimild er um að þarna hafi verið lítill kofi fyrir geitur eða sauðfé á 19. og 20. öld og eru minjarnar sem grafnar voru upp í samræmi við það.

## B2 - Útihús/rétt (10.-19. öld?)

Yfirborðið umhverfis geitakofann (B1) var skafið með gröfu og komu leifar þessa húss þar óvænt í ljós. Mannvirkið hefur snúið nálega norðvestur-suðaustur, en óvíst hve langt það hefur verið þar sem suðurhlutinn hefur horfið við rask vegna yngri bygginga, breiddin að innan var 2,3m en frá norðurvegg að vegg B1 voru rúmir 2m. Engar dyr eða hlið var á þessum hluta mannvirkisins og ljóst að það hefur verið á því svæði sem horfið hefur vegna rasks.

Grafið hefur niður fyrir veggjum og gólfi byggingarinnar (niðurgröftur [125=127]), þá hefur einfaldri grjótröð verið komið fyrir þar sem innbrúnir veggjanna hafa átt að koma og svo hlaðið úr torfi þar yfir. Steinaröðin náði þó ekki allan hringinn. Smá rót [128=124] var undir steinunum og bak við þá undir eiginlegum torfveggjum [126=129].



Innan veggja voru lagskipt gólfög skráð undir einu númeri [113] samanlagt 24sm að þykkt. Lögin voru öll keimlík rauðleit, kámug og blönduð fínni mól og sandi, að því er virtist húsdýragólf. Í miðju mannvirkinu var niðurgröftur sem náði lítið eitt niður fyrir upphaflegan botn mannvirkisins og höfðu yngri gólfög [130] safnast þar upp, sambærileg hinum eldri. Engar stoðir fundust í B2, né heldur hugsanlegt þaktorf og er alls óvíst að þak hafi verið á mannvirkinu. Mannvirkið fannst þegar grasrót var skafin af yfirborðinu umhverfis byggingu B1 og er ljóst að búið hefur verið að slétta úr veggjum þess þegar sú bygging reis. Suðurhluti B2 var skorin af „Geitakofanum“ en undir honum var jafnframt önnur bygging B4. Gólf þeirrar byggingar stóð lægra en gólf B2 og ljóst að mannvirkin hafa skarast, en óvíst vegna rasks frá B1 hvor þeirra kom á undan. Engir gripir fundust í þessu mannvirki.

**Túlkun:** Líklega er um litla rétt af einhverju tagi að ræða sem virðist hafa verið mokað út úr á einhverjum tíma, en samskonar gólfög safnast þar upp aftur.

---

<sup>68</sup> Bryndís Zoëga og Guðný Zoëga, 2006, bls. 19.






## Skýringar

### Einingar

- [130] gólf
- [113] gólf
- [126] vestur veggur
- [128] uppmokstur undir vegg
- [129] austur veggur
- [124] uppmokstur undir vegg
- steinar

### Niðurgreftir

- [125] niðurgreftur fyrir B2 = 127
- [127] niðurgreftur fyrir B2 = 125
- [131] útmokstur í gólfi





### B3 - Bygging (10-12. öld?)



Mynd 95. Horft til SA yfir leifar byggingar B3.

Fig. 95. Looking SE over the remains of building B3.

Bygging B3 er með sömu stefnu og eldri byggingarnar á svæði B, norðvestur-suðaustur. Húsið hefur verið lítið eitt niðurgrafið inn í brekkuna um 10sm að norðaustan og allt að 1m að suðvestan. Dyr voru fyrir miðjum langvegg að norðaustan undan brekkunni og við innganginn var niðurgrafinn hellulögð stétt sem náði inn í mitt hús. Grafið hafði verið í gegnum suðausturhluta byggingarinnar þegar tilraunaskurður var grafinn í tóft „Geitakofans“ B1 árið 2011 (skurður 8 – ’11) og hún orðið fyrir nokkru raski af þeim sökum. Við þetta rask hafði suðausturveggurinn verið fjarlægður að mestu en þrátt fyrir það mátti sjá að innanmál byggingarinnar hefur verið um 2,5x4m. Í norðursniði skurðar mátti sjá LNS ganga undir torfveggina að austan og var gólf tóftarinnar að stórum hluta grafið niður í gegnum það. Dökk gjóska í torfi þessa elsta fasa virtist úr LNS en ekki var að sjá aðra gjóska í því. Í suðursniði skurðar (sk. 8-’11) var þunn dökk gjóska yfir yfir 5-25sm þykku rótuðu torflagi og undir því torfveggur sem sem líktist torfinu í veggjum B3 og gæti verið suðvesturhorn hússins, sú gjóska var greind sem H-1300.<sup>69</sup> Svo virðist því sem B3 sé tilkomin fyrir 1300 þótt ekki sé það óyggjandi.

Þegar tóftin hefur verið aflögð hefur hún að því er virðist verið fyllt af rótuðu efni [133]. Hluti er torf úr veggjum, mold með miklu af H3, innskot af grárri viðarösku, óbrenndum beinum og viðarleifum og nokkuð af smáræðum, þetta lag var um 60sm þykkt og var að hluta til fjarlægt með vél. Upp að þessu lagi að suðvestan var heillegt torf [1916] úr yngri byggingu, líklega B4 sem hefur verið rutt um þegar „geitakofinn“ B1 var byggður. Undir þessu rótaða lagi [133] var um 5sm þykkt lag [157 =155] af blönduðu torfi með smáræði af sótugu efni og hrís, líklega þakleifar sem lá yfir gólfhlögum hússins. Undir meintu þaktorfi var 7-8sm þykkt lag [164=3512] af rótuðu torfi yfir stéttinni í miðju húsi, í þessu lagi voru m.a. brot úr tveimur stórgripabeinum. Eitt þrep var niður á stéttina þegar

<sup>69</sup> Í skýrslu Guðnýjar Zoëga (2011b) er gjóskan sýnd í uppteiknuðu sniði en þá hafði hún ekki verið greind og er haft spurningamerki á eftir henni, sýni var síðar send til greiningar til Magnúsar Á. Sigurbjörnssonar sem staðfesti að um H-1300 væri að ræða. (Samkv. tölvupósti).

gengið hefur verið inn í húsið, þá um 10sm niðurgrafin 40-60sm breið hellulögð stétt um 80sm inn eftir gólfinu, þar var annað þrep niður um 20sm á staka steinhellu og svo moldargólf í ganginum sem náði um 150sm og var um 30-40sm lægra en gólfin norðan og sunnan við. Þegar gólfloegin í B3 höfðu verið fjarlægð sást að grunnur niðurgröftur um 10sm djúpur og 50sm breiður lá útfrá ganginum um 90° horn til NNV og út undir gaflvegg byggingarinnar. Svipuð gólfloeg voru beggja vegna stéttarinnar, þjöppuð moldargólf blönduð grárri viðarösku [163=4363=5646=3750] norðan stéttar og [156=4646] sunnan og [171] til norðausturs í inngangi hússins.

Stoðarholur voru í NV og SA horni og fimm smáar holur eftir stafi eða litla staura meðfram norðvesturvegg. Veggir B3 voru óverulegir að norðaustan og líkast því að þeir hafi verið fjarlægðir eða þeim jafnað út, en þeir voru aðeins um 10sm þykkir undir grasrót og 100-140sm breiðir [161 og 162=7371]. Heillegri veggur var að norðvestan og suðvestan [160], en þó reyndist ekki unnt að greina hverslag torfhleðslu var um að ræða.

Lítið fannst af gripum í B3, í gólfinu [163] norðan stéttar fannst þó eitt keramikbrot (þjms. 2011-75-31) og í lagi [4363] fannst lítill járnlykkja út við vegg, rúmlega 2sm löng, úr teini sem er 4,5x4mm (fargað) auk þess nokkrar tennur úr kind/geit en voru ekki skráðar sérstaklega.

Sex holur eftir granna stafi eða stoðir af einhverju tagi voru meðfram innbrúnum norðvestur gafls B3 en vegna rasks á suðurhluta byggingarinnar var ekki ljóst hvort sama fyrirkomulag hefur verið þar. Óvíst er hvernig túlka á þessar holur en hugsanlegt er að hluti þeirra séu ummerki eftir grannar stoðir sem tilheyrt hafa einhverju spilverki innan byggingar.

**Túlkun:** Ekki er heldur ljóst hvaða tilgangi þessi niðurgrafni og hellulagði gangur eftir miðju gólfi hefur þjónað. Upphaflega var álitnið að um flór væri að ræða og að B3 væri lítið fjós, hugsanlega svokallað sumarfjós sem höfð voru utan túns. Prepin í hellulögninni virðast hins vegar óheppileg í flór og gólfloegin í húsinu benda ekki til útihúss, en þau samanstanda af samþjappaðri mold og grárri ösku og í þeim fannst m.a. eitt keramikbrot og brotin stórgripabein. Það er þó ekki útilokað að aska og rusl hafi verið borin á gólfin til að fá þétt og hart gólf og að keramikbrotið hafi þannig borist inn í bygginguna. Svolítið sótugt efni var í meintu þaktorfi og smáræði af kolamulningi í gólfinu. Ekkert eldstæði var hins vegar í byggingunni og engin ummerki um eldun utandyra á því svæði sem opnað var, hvergi var að sjá koladreifar í jarðvegi utan bygginganna og einskorðuðust þau við ruslalögin inni byggingunum (B3 og B1).

Niðurgröfturinn til NNV útfrá stéttinni og þjappað hugsanlegt taðlag [3539] undir gaflvegg B3 að norðan benda til að einhverskonar mannvirki kunni að hafa verið á þessum stað áður en B3 var byggt, það er þó óvíst og gæti tengst því þegar verið var að byggja B3.

## B5 - Bygging (18-19. öld)

Leifar annars mannvirkis voru yfir byggingu B3 og náði um 1m lengra til suðvesturs og hefur innanmálið verið 4m SV-NA og á bilinu 3-5m NV-SA en óvíst er hve langt til SA það hefur náð vegna rasks. Ekki er ljóst hvort þetta mannvirki hefur verið með þaki. Nokkur fjöldi smárra hola eftir stafi eða litla staura af einhverju voru með innbrúnum að suðvestan og norðaustan og var hluti þeirra yfir veggjum byggingar B3.

Tilheyrandi þessu mannvirki var torfhleðsla [2935], [2948] og [4625] hugsanlegar veggjaleifar og torfhrun [2920].

Torfið í [2935] var samskonar massíft torf og í torflagi [1916]. Það var strenghlaðið torf með gjósku sem talin var V-1766.<sup>70</sup> Þetta torf [1916] virðist hafa verið rutt yfir þetta mannvirki B5 og byggingu B3. Það var mjög heillegt að sunnan og suðvestan, þar mátti sjá greinilega strenghleðslu en að norðan og norðaustan var það blandað rusli með smá sandskellum úr náttúrulegum jarðlögum á svæðinu. Óljós skil voru á milli heillega hluta [1916] og torfhleðslna [2948] og [2935] sem voru undir því. Undir [1916] komu einnig í ljós nokkur fjöldi lítilla hola eftir stafi eða litla staura af einhverju tagi.

**Túlkun:** Hugsanlega eru þetta leifar af lítilli rétt eða gripheldi af einhverju tagi sem reist hefur verið ofan á veggjum B3 áður en veggjum B4 hefur verið rutt út, samtíða eða eldra en B4.

## B4 - Útihús (18-19. öld)



Mynd 96. Horft norðaustur yfir byggingu B4.

Fig. 96. Looking northeast over building B4.

Byggingin hefur snúið næsta þvert á brekkuna norðvestur - suðaustur líkt og byggingar B2 og B3 en örlítið á skjön við B1 sem var yfir henni. Byggingin hefur jafnframt verið örlítið niðurgrafin líkt og flestar byggingarnar sem grafnar voru upp á Skógum, en um 30-40sm hár náttúrulegur bakki og grjóthleðsla upp að honum var undir torfveggnum að suðvestan. Byggingin hefur verið um 4,5x2,5m að innanmáli með dyr fyrir miðjum gafli að suðaustan.

Veggir höfðu orðið fyrir nokkru raski vegna byggingar B1 sem byggð var á rústum B4 og að hluta grafin niður í hana. Sú bygging var að mestu fjarlægð með gröfu og hefur um leið verið skafið örlítið ofan af veggjaleifunum sem eftir voru. Þrír könnunarskurðir voru grafnir í byggingu B1 árið 2010 en þeir ollu takmörkuðu raski á B4. Einn skurðanna (Sk. 8-10) skarst þó inn í vegg í suðausturhorni byggingarinnar og 50x60sm skurður (austurendi Sk. 10-10) fór í gegnum gólflög í miðju byggingarinnar.

Ofan á grjóthleðslunni að vestan og sunnan var torfveggur [1089] með bæði fjólublátt þétt torf en einnig mýkra og lausara torf með gulum slettum af H3, ekki var ljóst um hverskyns hleðslu var að ræða streng eða hnausa af einhverju tagi. Torfið var samskonar torfi [1916] sem var strenghlaðið með gjósku sem talin var vera V-1766<sup>71</sup> og hafði verið rutt niður yfir byggingar B5 og B3 undan brekkunni. Norðvestur skammveggur [1136] var eins og veggur [1089], nema minna af fjólubláa þetta

<sup>70</sup> Magnús Á. Sigurgeirsson, 2012, bls. 3.

<sup>71</sup> Magnús Á. Sigurgeirsson, 2012, bls. 3.

torfinu og meira af gula torfinu með H3 gjóskunni. Norðausturveggurinn [1156] var mjög líkur torfinu í [1089] með einfalda grjótröð neðst að innanverðu.

Gólf byggingar B1 var grafið niður að gólfi B4 og voru engin skil greinanleg milli gólfa húsanna, þar sem húsin sköruðust mátti þó sjá gólf eldri byggingarinnar undir veggjum þeirrar yngri og var það 10sm þykkt þjappað rauðleitt lag, kámugt og blandað sandi og möl, að því er virtist húsdýragólf. Þetta gólf var svolítið niðurgrafið og lá rétt ofan LNS. Engir stoðarsteinar fundust heldur í tóftinni né stoðarholur. Ekki er hægt að fullyrða að þak hafi verið á þessu mannvirki þótt það verði að teljast líklegt og má vera að þaksperrur hafi hvílt á veggisillum.

Engir gripir fundust í lögum tengdum þessari byggingu.

**Túlkun:** Af gólfhlögum að dæma hefur þetta verið útihús, svipað svonefndum „geitakofa“ B1 sem síðar stóð á sama stað.



## Samantekt og niðurstöður

Árið 2006 skráði Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga fornleifar í landi Skóga í Fnjóskadal fyrir Greiða leið ehf. vegna undirbúnings jarðgangnagerðar undir Vaðlaheiði. Þá voru skráðar minjar í hættu vegna framkvæmdanna: fjárhústóft frá 20. öld, túngarður og rétt upp við hann og utan túns möguleg stekkjartóft og tóft svokallaðs Geitakofa. Í áframhaldandi vinnu við skipulagningu jarðganganna voru þau hinsvegar færð neðar í landinu og lenti þá áætlaður bæjarhóll að stórum hluta innan áhrifasvæðis en Geitakofinn og fjárhústóftin voru þá utan þess. Þar sem ljóst þótti að uppgröftur bæjarstæðisins yrði bæði kostnaðarsamur og tímafrekur voru göngin aftur færð í fyrri legu. Minjavörður Norðurlands eystra gerði kröfu um frekari fornleifakönnun á minjum í og við veglínuna. Könnunarskurðir voru teknir til að afmarka betur stærð bæjarhólsins. Bærinn hafði verið færður neðar í túnið í byrjun 20. aldar þangað sem hann stendur nú og hafði leifum gamla bæjarins verið rutt um þegar tún voru sléttuð. Eiginleg stærð hólsins og staðsetning eldri bæjarminja voru því nokkuð óviss. Skurðirnir leiddu í ljós að miklar minjar var enn að finna á gamla bæjarstæðinu og að umfang hólsins var meira en upphaflega var áætlað. Bæjarhóllinn lá þó utan áhrifasvæðis framkvæmdanna.

Könnunarskurðir og borkjarnar voru teknir í tóft Geitakofans ofan túns, túngarð og rétt áfasta honum, tóft innan túngarðs og stekk í móa norðan túns. Skurðir og borkjarnar voru einnig teknir í og utan við 20. aldar fjárhústóftirnar, en vitað var að svokallað Lambhús fá 19. öld hafði staðið á nokkurn veginn á sama stað. Dálitlar mishæðir voru sunnan fjárhústóftarinnar en önnur ummerki eldri minja sáust ekki á yfirborði. Ljóst var að umhverfi fjárhúsanna hafði verið sléttað og bylt í tún á 20. öld og var augljóslega búið að jafna út brekkuna ofan og sunnan fjárhústóftarinnar með stórvirkum vinnuvélum. Það leit því út fyrir að heppileg leið hefði verið valin fyrir göngin með sem minnstu raski á fornleifum. Könnunarskurðir leiddu þó í ljós að eldri minjar var að finna bæði undir Geitakofatóftinni og fjárhústóftinni. Eftir því sem rannsóknum vatt fram stækkaði rannsóknarsvæðið og urðu rannsóknirnar töluvert umfangsmeiri en upphaflega hafði verið áætlað. Framgangur verkefnisins var endurmetinn eftir því sem uppgriftarsvæðið stækkaði og fór svo að heildarrannsókn var gerð á svæðinu í þremur áföngum haustið 2011 og sumar og haust 2012.

### *Járnvinnsluminjar á svæði A*

Stór gjallhaugur sem vitnaði um stórfellda járnvinnslu frá miðöldum kom óvænt í ljós undir 20. aldar fjárhúsunum. Enn óvæntara var að finna heillegar minjar bygginga sem tengdust járnvinnslunni undir fjárhúsunum sem voru töluvert niður grafin. Á endanum voru alls fimm byggingar eða byggingahlutar og tvær kolagrafir tengdar járnvinnslunni grafnar upp auk hluta gjallhaugsins.

Um var að ræða tvær svokallaðar rauðasmiðjur þar sem járn hefur verið unnið úr mýrarrauða í þar til gerðum ofnum og smærri viðbyggingum þeim tengdum. Af gjóskulögum mátti ráða að eldri rauðasmiðjan hafi að líkindum verið byggð skömmu eftir 940 og fallið úr notkun nokkru fyrir 1104. Jafnframt mátti sjá að stærstur hluti framleiðslunnar fór fram á því tímabili. Í framhaldinu virðist hafa komið hlé í framleiðsluna en aftur verið byggt upp og hafist handa við rauðablástur nokkru eftir 1104 en allri framleiðslu á jární verið hætt vel fyrir 1300. Umfang gjallhaugsins og greiningar samsetningu

hans sýna að á Skógum hafa fleiri tonn af jární verið framleidd. Töluvert ber í milli í tölum sérfræðinga um hvað hægt sé að álykta að framleitt hafi verið af jární út frá gjallmagni sem finnst en það ræðst að miklu leyti af efnasamsetningu mýrarrauðans sem og þeim aðferðum sem kann að hafa verið beitt við framleiðsluna. Svör við þeim spurningum krefjast efnagreininga sem ekki liggja fyrir að svo stöddu.

#### *Útihús á svæði B*

Minjar undir tóftum geitakofanum reyndust einnig töluvert umfangsmiklar. Könnunarskurðir höfðu sýnt að eldri minjar væru undir tóftinni, en að endingu voru þar grafnar upp fjórar byggingar, hver innan um aðra og ein þeirra með tvö byggingarskeið. Þetta voru tveir litlir fjárhús- eða geitakofar, líklega tvær réttir og eitt óskilgreint hús, hugsanlega fjós.

Yngsta byggingin, Geitakofinn, var frá 19.-20. öld, en eldri byggingar undir henni frá 18.-19. öld og enn eldri óskilgreind bygging örlítið neðar í brekkunni og torf sem líklega tilheyrir henni var undir jósku frá 1300.

#### *Útihús og koparvinnsla á svæði C*

Svæðið ofan við járnvinssluminjarnar hafði eins og áður segir verið jafnað út við jarðvegsframkvæmdir á 20. öld og vísbendingar voru um að jarðvegi hefði verið ýtt ofan af hól ofan fjárhúsanna suður í lækjargil sem lá þvert yfir fyrirhugað framkvæmdasvæði. Borkjarnar og könnunarskurðir staðfestu þetta og ljóst var að aðeins var eftir um 30-40sm lag af rótuðum jarðvegi yfir náttúrulegum melhól á svæðinu ofan fjárhúsanna. Sunnan þeirra var hins vegar jarðdýpra og þar komu í ljós fjórar niðurgrafnar byggingar þegar skurðir voru grafnir með reglulegu millibili upp eftir hlíðinni.

Um var að ræða fjárhús með garða með tveimur byggingarfösum, mögulega rétt og tvö óskilgreind lítil hús. Yngri fasi fjárhúsanna og óskilgreindu byggingarnar tvær eru tæplega eldri en frá 16. öld en ekki hægt að fullyrða um eldri fasann í fjárhúsinu og réttina. Þessar byggingar voru fullar af rusli sem innihélt m.a. mikið magn af deiglubrotum, brotamálmí og bræddum eir eða koparslettum sem eru skýrt vitni um eir eða koparbræðslu á Skógum. Aðrir gripir sem fundst í þessum lögum benda til 17.-19 aldar, en þessu rusli virðist að hluta til hafa verið ýtt ofan í tóftirnar við jarðvegsframkvæmdir á 20. öld og kann því að vera blanda yngra og eldra rusls af svæðinu.

## Lokaorð

Þegar yfir lauk hafði samtals um 1770m<sup>2</sup> svæði verið aftyrft og rannsakað með uppgreftri. Rannsóknin fór, eins og áður segir, fram í nokkrum lotum og voru að jafnaði 5 manns við uppgröft í samtals 3 mánuði. Þar sem sérstök áhersla var lögð á að ljúka vettvangsvinnunni sem fyrst var allur mannskapur nýttur til þess og hluti þeirrar vinnu sem stundum er unnin samhliða vettvangsvinnunni geymdur eftir því sem því var við komið, en í því felst m.a. að mikið magn sýna var flutt frá staðnum til frekari úrvinnslu síðar.

Góð varðveisla á byggingum og leifum ofna á Skógum hefur þegar gefið fyllri mynd en áður hefur fengist af ofngerðum sem og rauðablásturs ferlinu sjálfu á Íslandi á miðöldum. Skýr afmörkun í tíma og enn fremur tvö afmörkuð byggingarstig fyrir og eftir 1104 gefa enn fremur von um að greina megi hugsanlegar breytingar eða þróun í jærngerðinni.

Þrátt fyrir að uppgreftri á Skógum sé nú lokið og miklum upplýsingum hafi þegar verið aflað er enn fjöldi gripa og sýna sem bíður frekari greiningar og er mikill efniviður til áframhaldandi rannsókna, einkum á sviði málmvinnslu, jærngerðar og eir eða koparbræðslu. Það er því ljóst að uppgröfturinn á Skógum er merkileg viðbót við iðnsögu landsins og mun efniviður úr honum nýtast til margvíslegra rannsókna í framtíðinni.

## Skógar in Fnjóskadalur – a short summary in English

The Skógar excavation was carried out by the Skagafjörður Heritage Museum for the Icelandic Road Commission on account of plans to build a road tunnel through the mountain range between Akureyri and Fnjóskadalur, NE Iceland. Excavation started in the fall of 2011 and was carried out in three campaigns finishing in September 2012. The excavations revealed the remains of extensive iron production and smithying, dating to the 10<sup>th</sup> – 13<sup>th</sup> centuries, the bulk of the evidence being from before 1104AD. In addition, a number of animal barns and other settlement remains were excavated.

*Area A and home field (see overview diagrams Fig. 6, Fig. 41 and aerial photo Fig. 88)*

During preliminary investigations a large slag heap was discovered partly underneath a 20<sup>th</sup> century sheep barn A1 right in the middle of the expected tunnel entrance. Partly underneath A1 was another sheep barn A2, known from written sources dated to 19<sup>th</sup> century.

The remains of iron production came to light when the partially sunken sheep barn A1 was removed. The remains turned out to be better preserved than expected and a small complex of buildings was excavated. This included two smelting huts A7 and A5 from two distinct phases, both containing at least two sets of furnaces. Tephra layers revealed that the earlier hut was pre 1104AD (H-1104) while the later hut was post 1104AD and pre 1300AD (H-1300), iron production at the site was respectively limited to the same period.

A complex of three buildings belonged to the earliest phase, pre 1104: A bow-sided smelting hut A7 had an exit east out to the slag heap at its north end and an entrance to a building of unknown purpose A6 on the opposite side. Building A6, in turn, may have been connected to a possible charcoal storage feature A8. A water duct lay through this older hut. The duct showed evidence of having been rebuilt several times but seems to have gone out of use when a later smelting hut, A5, was built. The A5 was built post 1104, partly over the northern part of A7, using the same entrance into A6 but with a new exit to the slag heap.

Four relatively well preserved furnace bottoms were excavated with evidence of repeated rebuilding and/or repairing. There were two furnaces, one on each side in the middle of the two huts A7 and A5. Additionally, there were three indistinct furnace remains in the northern part of A5. The furnace remains as well as the slag found at the site indicate a type of furnace with a slag outlet, where the slag is tapped out of the furnace resulting in slabs with a ropy top surface.

The slag heap was oblong, 10x15m in diameter, 120cm high and flat on top, an estimated 60m<sup>3</sup>. Sieving with 7mm mesh indicated slag content of 12-13%. Part of the slag is smaller than 7mm and the slag percentage is therefore somewhat higher than estimated. Samples from flotation have yet to be fully analysed.

Test trenches and cores revealed a small amount of occupational debris in and around the farm mound underneath the H-1104 tephra. But there was a substantial increase in occupation debris between H-1104 and the H-1300 tephra's, continuing up to V-1477 (dated 1477AD). Above that were mixed layers due to 20<sup>th</sup> century disturbance. The main part of the iron production took place in the 10<sup>th</sup> and/or 11<sup>th</sup> centuries. Possibly as much as ¾ of the slag heap was pre 1104AD. The earlier phase of the iron production, therefore, predates signs of substantial occupation and farming activity on site.

The home field boundary wall had two building phases pre- and post 1300AD. Both walls were traced along the west side of the home field in the direction of a visible stretch of wall north of the



field. The later phase of the iron production was therefore situated within the contemporary 12<sup>th</sup>-13<sup>th</sup> century home field of the farm.

**Excavated buildings in area A:**

- A1 a 20<sup>th</sup> century sheep barn.
- A2 a 19<sup>th</sup> century sheep barn.
- A3 disturbed remains of unidentified building from the 12<sup>th</sup> or 13<sup>th</sup> century, possibly a barn.
- A4 disturbed possible barn remains without clear date, pre A2.
- A5 a smelting hut, post 1104AD, pre 1300AD.
- A6 unidentified building connected to A5 and A7.
- A7 a smelting hut, post 940AD, pre 1104AD.
- A8 charcoal storage contemporary with A7.

*Area B (see Fig. 93)*

Area B is 100m southwest of area A and 16m higher up the hill. A small ruin was clearly visible on the surface, a small barn for goats or sheep called “Goat shed” (Geitakofi) in a written 20<sup>th</sup> century source. Test trenches excavated in 2010 had revealed older archaeology underneath the shed. Excavation in 2011 and 2012 revealed five buildings or building remains in the area.

**Excavated buildings in area B:**

- B1 A 19<sup>th</sup>-20<sup>th</sup> century small barn for goats or sheep.
- B2 a barn or small enclosure for livestock, partly disturbed by B1, with no clear date except that it was older than B1.
- B3 undefined building underneath B5, with sunken stone pavement. B3 was post LNS tephra (940AD) and possibly pre H-1300, although that could not be fully asserted because of later disturbance.
- B4 was directly underneath B1 and looked similar in all aspects, with V-1766 tephra in turf, presumed to be from the 18<sup>th</sup>-19<sup>th</sup> centuries.
- B5 undefined, possibly an enclosure for livestock, post 1766AD (V-1766).

*Area C (see Fig. 79)*

Finds associated with the iron production phase of the site and substantial evidence of copper melting was found in mixed midden layers in a separate area C directly southwest of area A. The finds assemblage included a considerable amount of scrap copper and a collection of crucibles and crucible fragments. Clay pipes and ceramics found in the same layers suggest a 17<sup>th</sup>-19<sup>th</sup> century date. These layers may however be secondary deposits due to 20<sup>th</sup> century farming activity where midden material from different periods has been mixed together.


Four buildings were excavated in area C. Buildings C1 and C2 may have been related to copper smelting activities but their function could not be assessed with any certainty. Other buildings were animal barns or pens.

**Excavated buildings in area B:**

- Building C1, post V-1477, presumably 16<sup>th</sup>-19<sup>th</sup> century.
- Building C2, later addition to C1, with a small hearth, 16<sup>th</sup>-19<sup>th</sup> century. Possibly connected to copper smelting activities.
- C3, underneath C1, interpreted as barn or a small enclosure for livestock, 13<sup>th</sup>-16<sup>th</sup> century.
- Building C4 was a barn or sheepcote, with two building phases. Near the entrance of the older phase there was turf underneath tephra V-1477, but it was not possible to assert that it belonged to C1 as opposed to other activity on site, on account of disturbance from the later phase. The later phase was post 1477AD, presumably 16<sup>th</sup>-19<sup>th</sup> century.

## Gripir

Alls voru skráð 249 gripanúmer við uppgröftinn í Skógum, í sumum tilfellum voru fleiri en einn gripur eða gripabrot skráð undir sama númer, ef um brot úr sama gripnum var að ræða eða samskonar gripi fundna í sama lagi, s.s. afklippur og brotamálm úr eir sem fundust í ruslalögum á svæði C. Alls voru þetta 703 gripir og gripabrot skráð á 249 númer. Gripir úr járni voru flestir eða 44%, gripir úr brenndum leir eða keramiki voru næstflestir eða 33%. Þar á eftir komu annars vegar gripir úr steini og hins vegar hlutir eða brot úr eir eða koparblöndu, hvort tveggja um 10% gripasafnsins (miðað við fjölda gripanúmera).



## Járn

Alls fundust 221 gripir eða gripabrot úr járni skráð á 106 gripanúmer alls 7,5kg. 60% þessara gripa eða gripabrota fannst á svæði C en afgangurinn á svæði A utan við einn grip á svæði B. Hluti af þessum brotum var illa varðveittur og ekki ljóst um hverslags gripi hefur verið að ræða. Járngripirnir voru allir röntgenmyndaðir og eru þær myndir hafðar hér til hliðar við gripamyndirnar í þeim tilfellum sem þær voru taldar bæta einhverju við túlkun á gripunum. Af þeim gripum sem unnt var að greina til tegundar var hlutfallslega mest af nöglum og naglbrotum, en að auki fundust nokkrir gripir af öðru tagi.

Í yngri rauðasmiðjunni A5 fannst m.a. hringlaga plata (þjms. 2011-75-13) í norðurhluta byggingarinnar. Platan er 1sm þykk og 20sm í þvermál með götum meðfram brúnum, með 3-5sm millibili. Götin eru um 6mm í þvm. og sjást öðrum megin, en upphleyptar bólur á hinni hliðinni. Á röntgenmynd virðist mega greina lítið þríhyrningslaga gat um 4sm frá brún þess. Óvíst er hvaða tilgangi þessi gripur hefur þjónað. Skammt frá plötunni fannst afgangur járngrípur, hugsanlega brot úr stórra töng (þjms. 2011-75-25). Þá fannst samsettur gripur úr járni og viði/beini, lítið handverkfæri (þjms. 2011-75-12), á botni ofns [25] að vestanverðu í byggingunni hugsanlega síll. Járnteinn fannst í botni ofns [23] að austanverðu (þjms. 2011-75-4) og járnlykkja (þjms. 2012-23-82) hugsanlega hluti af hurðabúnaði ofan á vegg hringlaga mannvirkis [30] í gafli A5.

Í eldri rauðasmiðjunni A7 fannst m.a. járn með viðarleifum (þjms. 2012-23-219) við ofn [21] austanvert í byggingunni og nokkrir ókennilegir járnsmolar (þjms. 2012-23-214). Í ofninum, við austurenda uppréttrar steinhellu, sem var meðfram honum að norðan fannst einnig skeifulaga járn (þjms. 2012-23-74) með broddi eða fæti. Járnið er bogið í hálfhring, tæplega 10sm enda á milli, 5-6mm þykkt og 23-28mm breitt. Óvíst er hvaða tilgangi það hefur þjónað, eða með hvaða hætti þessir gripir tengjast ofninum. Í byggingunni fundust að auki tvö þunn brot sem gætu verið framan af hníf eða ljá (þjms. 2012-23-76 og 77) og járnþynna í suðurhluta byggingarinnar (þjms. 2012-23-19).


Engar heilar tangir, sleggju- eða hamarshauser, né járnsteðjar fundust í rauðasmiðjunum eða nágrenni þeirra. Óvíst er hvað af járngrípunum sem þarna fundust eru úr járni sem gert hefur verið á staðnum, þótt góðar líkur séu á að a.m.k. hluti þeirra hafi verið gerður frá grunni á staðnum. Nokkrir járnþútar gætu þó verið fullunninn stykki úr framleiðslunni: (þjms. 2011-75-24) úr blönduðu gráu lagi [183] sem var yfir yngstu gólflögum í A5, (þjms. 2011-75-81) úr gólfi í A5 og (þjms. 2011-75-68 og 69) úr kolablönduðu lagi [13223] í gjallhaugnum.

Á svæði C fannst meðal annars kertapípa með tvöföldu kertastæði og tanga til að stinga í vegg (þjms. 2012-23-170), lítil kola eða grútarlampi með ferhyrnda skál með tanga til að stinga í vegg (þjms. 2012-23-66), hnífur sem líkist helst borðhnífi (þjms. 2012-23-50), hnífsslað (þjms. 2012-23-172), öngull (þjms. 2012-23-184), lítil hringnæla (þjms. 2012-23-156) ofl. Þess má geta að hringnæla svipuð þessari hefur áður fundist í jörðu, undir Hánni í Vestmannaeyjum (þjms. 3367). (Kristján Eldjárn, 2204, bls. 375 og 508). Þessir gripir fundust í ruslalögum yfir niðurgröfnum byggingum á svæði C, yngstu byggingarnar geta vart verið eldri en frá 16. öld og krítarpípur og fleiri gripir í laginu benda til 17.-20. aldar.

Meðal áhugaverðustu gripanna á svæði C voru leifar rörs (þjms. 2012-23-62) og járnkubbs með røraleifum og ábrenndu gjalli (þjms. 2012-23-61). Svo virðist sem um físiþelgrör sé að ræða og til að byrja með var grunur um að það tengdist járnvinnslnni, líklegra er þó að það tilheyri endurvinnslu á kopar á svæði C. En þessir gripir fundust ásamt smáræði af brotajárni (þjms. 2012-23-58-60,197) í botni gamals skurðar sunnan við byggingarnar svæði C. Skurðurinn er grafinn eftir að gjóskan V-1477 féll og neðar (austar) í skurðinum fannst töluvert af keramikbrotum sem geta verið frá 18.-20. öld.



































## Eir (eirblöndur)

Allir eir eða kopargripirnir fundust á svæði C utan einn sem var á svæði A. Alls 24 gripanúmer, með samtals 235 stykki sem vógu 356gr. Mest var þetta brotamálmur, þynnur af ýmsu tagi og rónaglar og naglar úr upprúlluðum þynnum, einnig svolítið af bræddum koparslettum.

Þessir gripir fundust flestir í sömum lögum og deiglurnar og deiglubrotin á svæði C sem ljóst er að notaðar hafa verið til bræðslu á eir eða kopar. Engin mót fundust sem bræddum málmi kann að hafa verið hellt í, hugsanlega hafa þau verið úr forgengilegu efni eða ekki verið borið kennsl á þau við uppgröftinn. Einnig er hugsanlegt að málminum sem þarna hafi verið bræddur hafi ekki verið hellt í mót heldur búnað til úr honum þynnur sem nota mátti í rónagla og skífur. Hluti af gripunum sem flokkaður var sem brotamálmur kann því að vera afurð málmbæðslunnar fremur en efniviður.

Einn upprúllaður koparnagli fannst með viðarleifum (þjms. 2011-75-12) og tveir rónaglar með leðurleifum (þjms. 2012-23-122 og þjms. 2012-23-200) og vitna um hvernig þessar þynnur kunna að hafa verið nýttar. Þrír aðrir gripir skáru sig úr safninu, einn lítill hnífur eða skafa af einhverju tagi (þjms. 2012-23-46), og tvær skreyttar þynnur, annars vegar lítil þynna með upphleyptu hringlaga mynstri (þjms. 2012-23-47) og hins vegar lítil aflöng þynna með skörðum og í þrykkum rákum (2012-23-118).













## Gripir úr öðru efni

Tveir gripir fundust í ruslalögum á svæði C sem óljóst er úr hvaða málmni séu, annarsvegar lítil hringnæla eða sylgja af einfaldri gerð (þjms. 2012-23-129) og hins vegar lítið stykki sem er hnoðað í annan endann og brotið í hinn (2012-23-133). Þá fannst hluti af hnífskefti í ruslalagi yfir eldri fjárhúsunum A2 „Lambhúsinu“ úr plasti eða celluloid.








## Gripir úr brenndum leir (keramik) og gleri

Alls voru skráð 199 brot af brenndum leir eða keramíki á 81 gripanúmer og 7 glerbrot á þrjú gripanúmer. Glerbrotin voru öll á svæði C sem og 88% keramikbrotanna, en þar af voru þrjár heillegar deigluur (þjms. 2012-23-112, þjms. 2012-23-113 og þjms. 2012-23-114) og alls 89 deiglubrot. Deiglubrotin voru öll úr ruslalögum á svæði C, utan eins hugsanlegs deiglubrots sem fannst við ofn [21] í eldri rauðasmiðjunni A7 (þjms. 2012-23-155). Þetta meinta deiglubrot gefur von um að hluta koparbræðslunnar megi tengja starfseminni þar, en ekki er hægt að fullyrða um það að svo stöddu þar sem ekki hefur verið staðfest að um deiglubrot sé að ræða.


Deiglurnar og stór hluti deiglubrotanna ásamt brotamálmi úr eir/kopar og bræddum málmdropum voru send utan til efnagreiningar en niðurstöður þeirrar greiningar liggja ekki fyrir þegar þessi skýrsla er gefin út en þær verða birtar í sérstakri skýrslu og eða í grein í viðeigandi tímariti þegar þar að kemur.

Keramíkbrotin eru flest úr sömu lögum og virðist uppistaðan vera frá seinni öldum 17.-19. öld. Þessi ruslalög voru þó að hluta til rótuð og hugsanlega blanda af eldra og yngra rusli. Sérfræðigreiningar á þessum brotum hafa ekki verið gerðar þegar þessi skýrsla kemur út.

Meðal þess sem fannst í einu af ruslalögum [12050] yfir byggingum á svæði C var til þess að gera heilleg krítarpípa (þjms. 2012-23-57). Á hæl hennar er stimpill af ferfætlingi af einhverju tagi, en vegna þess hve stimpillinn er máður er óvíst hvert myndefnið er nákvæmlega. Tvö þekkt myndefni koma þó sterklega til greina sem þekkjast á flokki krítarpípa sem kenndar eru við bæinn Gouda í Hollandi, annars vegar „lamb guðs“ (Lam Gods) og hins vegar „lamb undir tré“ (Lam onder de boom). Leyfi þurfti til hverskonar framleiðslu og var leyfishöfum úthlutað stimplum til að merkja framleiðslu sína og til eru heillegar skrár frá Gouda yfir hvaða tímabil ákveðinn stimpill var í notkun og yfirleitt nafn leyfishafa á hverju tímabili. Pípur með stimpli með mynd af „lambi guðs“ voru framleiddar á árunum 1670-1690, en með „lambi undir tré“ frá 1724-1930. Af lögum pípunnar að dæma eru meiri líkur á að um fyrrnefnda stimpilinn sé að ræða, þar sem pípan er líkust pípum sem framleiddar voru á árunum 1675-1700 miðað við flokkun J. van der Meulen (nánar til tekið pípum 13 og 14).<sup>72</sup> Pípan er með haus sem þrengist örlítið við barminn sem er skáskorinn með einföldu skreyti og hallar um 45° út frá hálsinum sem er hlutfallslega þykkur með hringskreyti á miðkafla. Hællinn er stuttur og breiður. Við þetta má bæta að myndir sem skýrsluhöfundur hefur fundið af pípum með hinum stimplinum (lambi undir tré) hafa allar verið með upphleyptar myndskreytingar á hausnum ólíkt þessari sem er þverrákótt með íburðarlitlu skrauti.



Mynd 97. Teikning til vinstri af hælmerki „Lamb Guðs“ (Lam Gods) til hægri „Lamb undir tré“ (Lam onder de boom). Úr J. van der Meulen (2003), bls. 40.  
Fig. 97. Drawings from J. van der Meulen (2003), p. 40. Left mark „Lamb of God“ to right „Lamb under a tree“.




Mynd 98. Hælmerki pípunnar frá Skógum (þjms. 2012-23-57).  
Fig. 98. Picture of heelmark of one of the claypipes from Skógar (þjms. þjms. 2012-23-57)

<sup>72</sup> J. van der Meulen 2003, bls. 15. Sjá einnig: <http://www.goudapipes.nl/books/Meulen/digital.php>.
































## Deiglur









































## Steinn

Gripir úr steini voru skráðir á 26 númer, þetta voru 29 brot sem vógu 5769g, en auk þess voru þrír stórir steinar skráðir sem gripir allir yfir 5kg. Það var steinsteðji úr eldri rauðasmiðjunni (þjms. 2012-23-249) og tveir íhvolfir steinar með gjallleifum, annar þeirra (þjms. 2012-23-247) fannst í hleðslu í ofni [23] austanvert í yngri rauðasmiðjunni A5, og hinn (þjms. 2012-23-248) milli hleðslna í vegg austan við útskot [31] í sama húsi, sá steinn kann þó upphaflega að hafa komið úr eldri smiðjunni A7. Óvíst er hvaða tilgangi þessir tveir síðastnefndu steinar hafa þjónað en líklega hafa þeir verið í ofnunum nærri físiselgsröðinu.

Aðrir gripir úr steini voru einkum steinbrýni og sleggjubrot úr ruslalögum á svæði C.















## **Sniðteikningar**



#### Snið í suðurvegg rauðasmiðju A7

- 231 Lag af mýrarrauða
- 8867 Rótað ljóst lag með kolalinsum.
- 14270 Rótað kolalag með rauða/jámi/leir ofl.
- 8866 Rótað grábrúnt lag með öriltu af kolum.
- 3619 Gólf. Lagskipt smiðjugólf, með kolum, sindri, gjalli og rauða.
- 8865 Veggur. Hlaðinn úr hnausum (klömbrum) mikið af H3 en einnig linsur af LNL og líklega 940.
- 14078 Uppmoksturslag. Rótað mold og flekkir af H3, LNL og 940.
- 14080 Niðurgroftur fyrir gólf rauðasmiðju A7.
- Landnámssyrpa (LNL ca. 870 og V-SV ca. 940)
- Náttúrulegt




Mynd 99. Sniðteikning í suðurvegg rauðasmiðju A7.  
Fig. 99. A profile of the south wall of the earlier smelting hut A7.



## Skógar í Fnjóskadal 2012-23


Snið í gjallheug vestanvert í prufuskurði sem liggur NNA-SSV  
Frumteikning Eva Kristín Döl 18/6/2012, tölvuteikning GSS.



### Lög í sniði gjallhaugs

#### Númer, skýring

- Náttúrulegt.
- 1. Svart víðarkola- og gjallríkt lag.
- 2. Dökkbrúnt tortag, ríkt af víðarkolum.
- 3. Millibrúnt tortag með rauðum skellum og skellum af H3.
- 4. Svart víðarkolalag og gjallríkt lag, með svolitlu af millibrúnu torti.
- 5. Millibrúnt tortag með örlitlu af víðarkolum, aðeins þéttara í sér en nr. 2 og 3.
- 6/12. Svart víðarkola- og gjallríkt lag, örlitlu af rauðleitu torti og línsur af myrrauða. Mjög gjallríkt um miðbikið. Tvö númer á sama lagi á frumteikningum.
- 7. Þunn línsa af dökkbrúnu torti með víðarkolum, rauðum skellum og H3 (þétt víð eftir að lagið þornaði).
- 8. Svart víðarkola- og gjallríkt lag.
- 9. Dökkbrúnt víðarkolaríkt tortag með stórum flekkjum af rauðbrúnu torti sem inniheldur lítið af víðarkolum.
- 10. Svart víðarkola- og gjallríkt lag.
- 11. Dökkbrúnt tortag með rauðum skellum og svolitlu af víðarkolum. Örlitlar skellur af H3 og þunnar hvítar línsur, líklega H1104.
- 13. Svart víðarkolalag og gjallríkt lag, svipað nr. 10, en með flekkjum af myrrauða.
- 14. Fylling [2590] í rás [2554] sem liggur frá pytti [202] til norðurs og beygir undir sniði í gjallhaugnum með stefnu á Innganginn í A5/A7. (Gjallhaugurinn var síðar þjarlægður á þessum kafla og náði rásin inn og í gegnum rauðasmitjórnar A5/A7).
- 15. 12sm djúp hola sem gengur inn í sniðið.
- 16. Dökkbrúnt lag, ríkt af víðarkolum. Lausara í sér en nr. 9 (lagi þétt víð eftir að sniðið þornaði).
- 17. Niðurgrofur.
- 18. Niðurgrofur.
- 19. Dökkbrúnt víðarkolaríkt tortag með stórum flekkjum af rauðbrúnu torti sem inniheldur lítið af víðarkolum. (Lagi 9 var skipt í tvennt eftir að skipting kom í ljós þegar sniðið þornaði og var 16 og 19 þá þétt víð).
- Náttúrulegt



\*Þar sem gjallhaugurinn var breiðastur var hann 15m.

Mynd 100. Sniðteikning af vestursniði í könnunarskurði sem grafinn var NNV-SSA í gegnum gjallhauginn endilangan.


Fig. 100. Profile drawing of the slag heap 2m east of the two smelting huts, where a test trench was dug through it NNV-SSE

## Teikning 6

Skógar í Fnjóskadal 26.05.2011

Austur langsnið og suður skammsnið í skurði 11

Teikn. GZ, BZ



Mynd 101. Sniðteikning úr skurði 11-'11 (Guðný Zoëga 2011. Bls. 25).

Fig. 101. Profile drawing of testtrench 11 from 2011 (Sk.11-'11) (Guðný Zoëga 2011. p. 25).

## Heimildir

- Árni Einarsson, Hafliði Hafliðason og Hlynur Óskarsson 1988. *Mývatn: Saga lífríkis og gjóskutímatál í Syðriflóa*. Náttúruverndarráð, fjölrit 17.
- Bjarni F. Einarsson 1995. *The settlement of Iceland: A critical approach. Granastaðir and the Ecological Heritage*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Bryndís Zoëga og Guðný Zoëga (2006). *Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum jarðgangnagerðar í Skógum, Fnjóskadal*. Rannsóknaskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga 2006/58.
- Espelund, A. 2004a. „Jernframstilling i Fnjóskadalur på Island. En kort jamføring med Fyresdal i Telemark.“ í *Current Issues in Nordic Archaeology. Proceedings of the 21st Conference of Nordic Archaeologists 6-9 September 2001 Akureyri Iceland*. Reykjavík, s. 23-28.
- Espelund, A. 2004b. „Utbytteberegninger ved jernvinneanlegg.“ í *Current Issues in Nordic Archaeology. Proceedings of the 21st Conference of Nordic Archaeologists 6-9 September 2001 Akureyri Iceland*. Reykjavík, s. 29-32.
- Espelund, A. 2007. „Ancient Ironmaking in Iceland, Greenland and Newfoundland.“ í *Archaeologia Islandica: rit Fornleifastofnunar Íslands*. Vol. 6. Reykjavík, s. 48-73.
- Guðný Zoëga 2011a. *Skógar í Fnjóskadal. Fornleifarannsókn vegna mats á umhverfisáhrifum Vaðlaheiðargangna*. Byggðasafn Skagfirðinga Rannsóknarskýrsla 2011/112.
- Guðný Zoëga 2011b. *Skógar í Fnjóskadal. Framhaldsrannsókn á fornleifum vegna Vaðlaheiðargangna*. Byggðasafn Skagfirðinga Rannsóknarskýrsla 2011/119.
- Guðrún Larsen 1982. „Gjóskulagatímatál Jökuldals og nágrennis“. í *Eldur er í norðri*. Reykjavík, s. 51-65.
- Guðrún Larsen 1984. „Recent volcanic history of the Veidivötn fissure swarm, Southern Iceland – an approach to volcanic risk assessment“. *J. Volcanol. Geotherm. Res.* 22, s. 33-58.
- J. van der Meulen 2003. *Goudse pijpenmakers en hun merken*. Leiden: Pijpelogishce Kring Nederland.
- Karl Grönvold, Niels Óskarsson, Sigfús S. Johnsen, Clausen, H. B., Hammer, C. U., Bond, G., Bard, E. 1995. „Express Letters. Ash layers from Iceland in the Greenland GRIP ice core correlated with oceanic and land sediments.“ í *Earth and Planetary Science Letters* 135, s. 149-155.
- Kristín Huld Sigurðardóttir 2004. „Province studies of iron from Iceland“ í *Current Issues in Nordic Archaeology. Proceedings of the 21st Conference of Nordic Archaeologists 6-9 September 2001 Akureyri Iceland*. Reykjavík, s. 119-125.
- Kristján Eldjárn 2000. *Kuml og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi*. (2.útg.). Reykjavík: Mál og menning.
- Magnús Á. Sigurgeirsson, Orri Vésteinsson og Hafliði Hafliðason 2002. „Gjóskulagarannsóknir við Mývatn – aldursgreining elstu byggðar.“ *Vorráðstefna 2002. Ágrip erinda og veggspjalda, Jarðfræðafélag Íslands*, s. 36-37.
- Magnús Á. Sigurgeirsson 1998. „Gjóskulagarannsóknir á Hofstöðum 1992-1997“. í *Archaeologia Islandica: rit Fornleifastofnunar Íslands*. Vol. 1. Reykjavík, s. 110-118.
- Magnús Á. Sigurgeirsson 2002. *Fornleifarannsókn á Gásum í Eyjafirði 2002 – Gjóskulagagreining. Greinargerð 02/2002*.
- Magnús Á. Sigurgeirsson 2012. *Fornleifarannsókn á Skógum í Fnjóskadal – Gjóskulagarannsókn. Greinargerð 02/2012*.
- Magnús Á. Sigurgeirsson, Hauptfleisch U., Árni Einarsson 2008. „Gjóskulög frá 700-1250 e.Kr. í botnseti Mývatns.“ í: *Archaeological investigations at Sveigakot 2006* (ritstj.: Guðrún Alda Gísladóttir og Orri Vésteinsson). Fornleifastofnun Íslands, FS376-00217.
- Margrét Hermanns-Auðardóttir og Þorbjörn Á. Friðriksson 1992. „Ironmaking in Iceland.“ í *Bloomery Ironmaking during 2000 years II: Iron in the West Nordic Region during the Middle Ages*. Trondheim, s. 5-15.

- Nielsen N. 1926. „Jernudvindingen Paa Island I Fordums Tider“ Særtryk af *Aarbøger For Nordisk Oldkyndighed og Historie*, s. 129-174.
- Sauder L. og Williams S. 2002. „A practical treatise on the smelting and smithing of bloomery iron“ í *Historical Metallurgy* 36 (2) 2002. S. 122–131.
- Sigurður Þórarinnsson 1968. *Heklueldar*. Reykjavík: Sögufélag.
- Þorkell Jóhannesson 1943. „Járngerð.“ Í *Iðnsaga Ísland*. Annað bindi. Ritstj. Guðmundur Finnbogason, s. 40-58.
- Tylecote 1992 (önnur útgáfa). *A history of metallurgy*. London: Maney for the Institute of Materials.
- Helgi Jónasson, Jóhanna Á. Steingrímsdóttir og Erlingur Arnórsson 1986. *Byggðir og bú Suður-Þingeyinga*. Búnaðarsamband Suður-Þingeyjarsýslu.
- Íslenskt Fornbréfasafn V, 1330-1476. Kaupmannahöfn og Reykjavík: Hið íslenska bókmentafélag. 1899-1902.
- Fornbréfasafn Íslands XIII, 1555-1562. Reykjavík: Hið íslenska bókmentafélag. 1933-1939.
- Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Víðalin (11. Bindi). Kaupmannahöfn. 1943.
- Jarðatal á Íslandi. Kaupmannahöfn: J. Johnsen. 1847.

### **Óútgefið og óprentaðar heimildir**

- Örnefnaskrá Skóga. Ari Gíslason skráði eftir Sigurði Helgasyni og Þorsteini Indriðasyni. Örnefnastofnun Íslands.
- Úttektar-, uppskriftar-, og uppboðsbók fyrir Hálshrepp. Héraðsskjalasafn Þingeyinga HRP 39-2.
- Heimasíða Þjóðskrár Íslands. [www.skra.is](http://www.skra.is).



## Fyligskjöl

## Skógar í Fnjóskadal - Gripaskrá

| Þjms.nr | nr | Sv. | Bygging | Lag (context) | Mælt nr | Efni                    | Annað efni | Tegund | Athugasemd                                                                                                                                                                  | Fjöldi | Vigt (g) | Lengd mm | Breidd mm | Hæð/þykkt |
|---------|----|-----|---------|---------------|---------|-------------------------|------------|--------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------|----------|----------|-----------|-----------|
| 2011-75 | 1  | A   |         | 147           |         | Járn                    |            | áhold  | Mögulega hnífsblað af e-u tagi. Fannst í efri hluta lags [30].                                                                                                              | 1      | 61       | 10       | 4         | 1,5       |
| 2011-75 | 2  | A   |         | 198           |         | Járn                    |            | hnífur |                                                                                                                                                                             | 1      | 20       | 7        | 2,4       | 1         |
| 2011-75 | 3  | A   |         | 198           |         | Járn                    |            | óþekkt | Hugsanlega broddur framan af áhaldi af e-u tagi. Ferstrendur oddur. Fannst við sigtun.                                                                                      | 1      | 11       | 4,5      | 0,8       | 1         |
| 2011-75 | 4  | A   |         | 221           |         | Járn                    |            | óþekkt |                                                                                                                                                                             | 1      | 20       | 11,6     | 0,6       | 1         |
| 2011-75 | 5  | A   |         | 199           |         | Járn                    |            | annað  | Líklega kingja af hurð                                                                                                                                                      | 1      | 20       | 9        | 0,7       | 3         |
| 2011-75 | 6  | A   |         | 222           |         | Járn                    |            | óþekkt | Hugsanlega hnífsblað af e-u tagi. Hálfbogi með eggina inná við.                                                                                                             | 1      | 13       | 8,5      | 0,8       | 1,8       |
| 2011-75 | 7  | A   |         | 358           |         | Járn                    |            | nagli  | Lítill "nagli" ferstrendur, sleginn flatur í báða enda frá sitthvorri hlið, meira í annan.                                                                                  | 1      | 5        | 4,5      | 0,7       | 1         |
| 2011-75 | 8  | A   |         | 358           |         | Járn                    |            | nagli  | Lítill járnteinn, líklega nagli.                                                                                                                                            | 1      | 2        | 4,5      | 0,6       | 0,9       |
| 2011-75 | 9  | A   | A5      | 362           |         | Járn                    |            | óþekkt | Blað af einhveru tagi, þó ekki með greinanlegri egg.                                                                                                                        | 1      | 8        | 4,7      | 1,1       | 1,1       |
| 2011-75 | 10 | A   | A5      | 362           |         | Járn                    | Viður      | óþekkt | Ókennilegur járnkökkur og örlitlar viðarleifar                                                                                                                              | 2      | 8        | 3        | 1,3       | 2,5       |
| 2011-75 | 11 | A   |         | 345           |         | Brenndur leir - Keramik |            | annað  | Að því er virðist brenndur leir, í fjórum brotum stærsta brotið um 2x2x1,5sm á kant.                                                                                        | 4      | 6        | 2        | 1,5       | 2         |
| 2011-75 | 12 | A   | A5      | 362           |         | Járn                    | Viður      | áhold  | Verkfæri, líkt síl, járnteinn með oddi og tréskafi. Samtals 15sm langt, tréskafið er 6,5 sm langt og járnteinninn 9sm og gengur lítið eitt inni skafið sem er þó brotið af. | 2      | 24       | 15       | 2,2       | 2         |

## Skógar í Fnjóskadal - Gripaskrá

| Þjms.nr | nr | Sv. | Bygging | Lag (context) | Mælt nr | Efni                    | Annað efni | Tegund | Athugasemd                                                                                                                                                                                                                                                 | Fjöldi | Vigt (g) | Lengd mm | Breidd mm | Hæð/þykkt |
|---------|----|-----|---------|---------------|---------|-------------------------|------------|--------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------|----------|----------|-----------|-----------|
| 2011-75 | 13 | A   | A5      | 212           |         | Járn                    |            | óþekkt | Hringlaga plata úr járni um 1sm þykk, en útfellingar á því þykkari. Fullkomlega hringlaga, 20sm í þvermál. Göt eru meðfram brúnum gripsins með 3-5sm millibili, götin eru um 6mm í þvermál og sjást öðrum megin en upphleyptar bólur eru á hinni hliðinni. | 1      | 1656     | 20       | 20        | 1         |
| 2011-75 | 14 | A   | A5      | 172           |         | Járn                    |            | hnífur | Hnífsblað af e-u tagi, um 5mm bakki og 17mm blað. Blaðið virðist brotið til beggja enda. Fannst í hugsanlegu eldstæði að SA.                                                                                                                               | 1      | 41       | 10       | 2,2       | 1         |
| 2011-75 | 15 | A   | A5      | 172           |         | Járn                    |            | óþekkt | Samanbrotinn járnteinn af e-u tagi, tvö brot virðist hafa verið saman í lítilli lykkju.                                                                                                                                                                    | 2      | 4        | 3,5      | 0,9       | 0,7       |
| 2011-75 | 16 | A   |         | 212           |         | Járn                    |            | óþekkt | Ferhyrnd járnplata, 7x11sm á kant og um 0,7mm þykk en um 2sm þar sem útfellingarnar eru þykkastar.                                                                                                                                                         | 1      | 165      | 7        | 11        | 0,7       |
| 2011-75 | 17 | A   |         | 137           |         | Brenndur leir - Keramik |            | ílát   | Hvítur/kremlitaður, meðalgrófur, harður leir. Glerungur báðum megin, hvítur grunnur með bláu blómamynstri. Sótað og brennt ílát sem borað hefur verið gat í gegnum, ekkert sót í gati eða í broti.                                                         | 1      | 4        | 3,5      | 3,1       | 0,4       |

## Skógar í Fnjóskadal - Gripaskrá

| Þjms.nr | nr | Sv. | Bygging | Lag (context) | Mælt nr | Efni                    | Annað efni | Tegund | Athugasemd                                                                                                                                                                                                                         | Fjöldi | Vigt (g) | Lengd mm | Breidd mm | Hæð/þykkt |
|---------|----|-----|---------|---------------|---------|-------------------------|------------|--------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------|----------|----------|-----------|-----------|
| 2011-75 | 18 | A   |         | 137           |         | Brenndur leir - Keramik |            | ílát   | Hvítur/kremlitaður, meðalgrófur, harður leir. Glerungur báðummegin, hvítur á hliðum og botni, hvítur með vínráuðu, grænu og svörtu blómamynstri að innanverðu. Mál eru gefin á stærsta brotinu, hin eru á bilinu 4x3-2x2sm á kant. | 5      | 17       | 4,7      | 0,3       | 3,5       |
| 2011-75 | 19 | A   |         | 137           |         | Brenndur leir - Keramik |            | ílát   | Hvítur/kremlitaður, meðalgrófur, harður leir. Hvítur og grár glerungur, hugsanlega blý. Einhversskonar mynstur er á leirnum sem glerungurinn hylur. Sót að hluta í broti.                                                          | 1      | 7        | 5,6      | 0,4       | 2,4       |
| 2011-75 | 20 | A   |         | 137           |         | Brenndur leir - Keramik |            | ílát   | Hvítur/kremlitaður, meðalgrófur, harður leir. Hvítur glerungur beggja vegna, svört lína meðfram brún, grænt mynstur.                                                                                                               | 1      | 5        | 5,5      | 0,3       | 2,6       |
| 2011-75 | 21 | A   |         | 137           |         | Brenndur leir - Keramik |            | ílát   | Hvítur/kremlitaður meðalgrófur, harður leir. Hvítur glerungur. Brún skálar eða íláts, borað hefur verið í gegnum brotið og er gatið 4mm í þvm.                                                                                     | 1      | 1        | 4        | 3,8       | 4         |
| 2011-75 | 22 | A   |         | 137           |         | Plast                   | Járn       | áhald  | Plast (celluloid) hluti af skafti, líklega eldhúshálds (hnífs?).                                                                                                                                                                   | 1      | 6        | 4,7      | 0,5       | 1,9       |
| 2011-75 | 23 | A   |         | 217           |         | stein                   |            | brýni  | Steinbrýni, dökkgrátt. Annar endinn brotinn, en hinn mjókkar í spýss.                                                                                                                                                              | 1      | 15       | 8        | 1,9       | 0,9       |



## Skógar í Fnjóskadal - Gripaskrá

| Þjms.nr | nr | Sv. | Bygging | Lag (context) | Mælt nr | Efni                    | Annað efni | Tegund | Athugasemd                                                                                                                           | Fjöldi | Vigt (g) | Lengd mm | Breidd mm | Hæð/þykkt |
|---------|----|-----|---------|---------------|---------|-------------------------|------------|--------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------|----------|----------|-----------|-----------|
| 2011-75 | 24 | A   |         | 183           |         | Járn                    |            | óþekkt | Járnstykki, ferstrent, hamrað sitt á hvað í hvorn enda.                                                                              | 1      | 131      | 9,7      | 0,8-2,1   | 1,2-2,7   |
| 2011-75 | 25 | A   |         | 212           |         | Járn                    |            | óþekkt | Járnstykki, annar endinn virðist hafa verið beygður en brotið er af þeim enda. Hugsanlega hluti stórrar tangar.                      | 1      | 172      | 11,5     | 2-2,5     | 1-2,2     |
| 2011-75 | 26 | A   |         | 199           |         | Járn                    |            | nagli  | Ferstrendur járnnegli, 4,5sm langur, hausinn 1,2-1,5sm.                                                                              | 1      | 5        | 4,5      | 0,5-1     | 0,5-1,5   |
| 2011-75 | 27 | A   |         | 183           |         | Járn                    |            | óþekkt | Járnbroddur, hugsanlega brotinn af lengri járnstöng eða framan af tréskaftri. Endinn örlítið boginn.                                 | 1      | 78       | 11       | 0,5-1     | 0,5-1,5   |
| 2011-75 | 28 | A   |         | 199           |         | Járn                    |            | óþekkt | Járnplata, næstum eins og hnífsblað, 6mm þykkt öðrum megin en um 3mm hinu megin, mest um 1sm þykkt með útfellingum.                  | 1      | 33       | 7        | 1,5-2,2   | 0,3-1     |
| 2011-75 | 29 | A   |         | 193           |         | Járn                    |            | óþekkt | Ókennilegur járnköggull                                                                                                              | 1      | 22       | 5,7      | 1,7       | 2         |
| 2011-75 | 30 | A   |         | 207           |         | Eir (eða koparblanda)   |            | óþekkt | Koparþynna í tveimur hlutum með 3mm gati.                                                                                            | 2      | 1        | 1,5      | 2         | 0,1       |
| 2011-75 | 31 | B   |         | 163           |         | Brenndur leir - Keramik |            | ílát   | Ljósulur, meðalgrófur, mjúkur leir. Fjólublár og hvítur glerungur öðru megin, en örlitlar hinu megin. Í gólfi í norðanverðu húsi B3. | 1      | 5        | 3,5      | 2,5       | 0,5       |
| 2011-75 | 32 | A   |         | 212           |         | Járn                    |            | óþekkt | Lítill járnslætta.                                                                                                                   | 1      | 2        | 2,6      | 0,3-0,9   | 0,4       |
| 2011-75 | 33 | A   |         | 334           |         | Járn                    |            | óþekkt |                                                                                                                                      | 1      | 821      | 12,5     | 5         | 9         |
| 2011-75 | 34 | A   |         | 202           |         | tönn                    |            | tennur | Óbrenndar nautgripatennur? Neðst í pytti 202                                                                                         | 4      | 17       |          |           |           |
| 2011-75 | 35 | A   |         | 345           |         | Brenndur leir - Keramik |            | óþekkt | Örlítill moli að því er virðist úr brenndum leir.                                                                                    | 1      | 5        | 1,4      | 1         | 0,6       |

## Skógar í Fnjóskadal - Gripaskrá

| Þjms.nr | nr | Sv. | Bygging | Lag (context) | Mælt nr | Efni                  | Annað efni | Tegund                  | Athugasemd                                                                                                                                 | Fjöldi | Vigt (g) | Lengd mm | Breidd mm | Hæð/þykkt |
|---------|----|-----|---------|---------------|---------|-----------------------|------------|-------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------|----------|----------|-----------|-----------|
| 2011-75 | 36 | A   |         | 189           |         | Járn                  |            | annað                   | Lítið járnstykki, kantað og fremur reglulegt.                                                                                              | 1      | 30       | 5        | 1,8-2     | 6-9       |
| 2011-75 | 37 | A   |         | 183           |         | Gjall                 |            | annað                   | Stór gjallklumpur                                                                                                                          | 1      | 5000 +   | 20       | 26        | 6,5       |
| 2011-75 | 38 | A   |         | 337           |         | steinn                |            | áhald                   | Egglauga steinn, hugsanlega til að berja járníð fyrst eftir að það kemur úr bræðsluofninum.                                                | 1      | 2186     | 12       | 9,5       | 9         |
| 2011-75 | 39 | A   |         | 189           |         | Járn                  |            | annað                   | Ókennilegir járnkekkir.                                                                                                                    | 10     | 122      | 1-7      | 1-3       | 1-3       |
| 2012-23 | 40 | C   |         | 2457          |         | Steinn                |            | Brýni                   | Brýni úr ljósu flögubergi, búturinn er rúmlega 6sm langur og rúmlega 1x2sm á kant.                                                         | 1      | 15       | 73       | 6,4-9,9   | 9,6-11,4  |
| 2012-23 | 41 | C   |         | 2457          |         | Steinn                |            | Brýni                   | Brýni úr ljósi flögubergi, rúmlega 6sm langt og 11x20mm á kant.                                                                            | 1      | 20       | 64       | 5,7-11,1  | 20-15,3   |
| 2012-23 | 42 | C   |         | 2457          |         | Eir (eða koparblanda) |            | Brotamálmur             | Sléttar plötur, hlutar af rónöglum og skífum með götum ofl.                                                                                | 66     | 73       |          |           |           |
| 2012-23 | 43 | C   |         | 2457          |         | Eir (eða koparblanda) |            | Bræddur eir/kopar/gjall | Slettur af bræddum eir/kopar.                                                                                                              | 5      | 18       |          |           |           |
| 2012-23 | 44 | C   |         | 2457          |         | Eir (eða koparblanda) |            | Nagli                   | Ferstrendur nagli með næsta ferhyrndum haus. Brotnað úr hausnum eða hann hefur verið með hjámiðju frá upphafi.                             | 1      | 5        | 28       | 4-11,9    | 3,7-11    |
| 2012-23 | 45 | C   |         | 2457          |         | Eir (eða koparblanda) |            | Rónagli                 | Lítill rónagli, hnoðaður á næsta ferhyrnda eir/koparplötu í annan enda, flattur endi í hinn. Naglinn sjálfur virðist vera upprúlluð þynna. | 1      | 4        | 15       | 4,1-13,9  | 4,6-14,9  |
| 2012-23 | 46 | C   |         | 2457          |         | Eir (eða koparblanda) |            | Blað                    | Skafa eða smáhnífur af e-u tagi                                                                                                            | 1      | 4        | 63       | 1,1-5     | 7,5-10,5  |

## Skógar í Fnjóskadal - Gripaskrá

| Þjms.nr | nr | Sv. | Bygging | Lag (context) | Mælt nr | Efni                    | Annað efni | Tegund          | Athugasemd                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                      | Fjöldi | Vigt (g) | Lengd mm | Breidd mm | Hæð/þykkt |
|---------|----|-----|---------|---------------|---------|-------------------------|------------|-----------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------|----------|----------|-----------|-----------|
| 2012-23 | 47 | C   |         | 2457          |         | Eir (eða koparblanda)   |            | Þynna / hnappur | Þynna með upphleyptu mynstri. Punktur í miðju og hringur umhverfis, þá bekkur með þverröndum og annar hringur. Þynnan beygir niður til endanna og gæti hafa verið ferhyrndur hnappur. Upphleyptar dopper eru á tveimur hornanna en annars brotið af jöðrunum.                                                                                                                                                                                                                                                   | 1      | 1 <      | 11       | 11.8      | 0.7       |
| 2012-23 | 48 | C   |         | 2457          |         | Brenndur leir - Keramik |            | Ílát            | Rauður, grófkornóttur, meðalharður leir. Brot úr barmi, 9mm þykk brún, glerungur að innan og aðeins yfir brúnina, brúnn með ljósum og dökkum yrjum. Tvær inndregnar rákir eru eftir útbrún opsins og nær glerungurinn yfir þær. Þar fyrir neðan er smágert en fremur gróft þverröndótt mynstur. Brot úr skafti eða fæti 8-9,5mm þykkur, glerungur úr botni ílátsins er á brotinu, brúnn með ljósum og dökkum yrjum. Miðað við sveig barmbrotsins gæti ílátið hafa verið um 14,5sm í þvermál efst að innanverðu. | 3      | 35       |          |           |           |

## Skógar í Fnjóskadal - Gripaskrá

| Þjms.nr | nr | Sv. | Bygging | Lag (context) | Mælt nr | Efni                    | Annað efni | Tegund         | Athugasemd                                                                                                                                                                                                                                                                                     | Fjöldi | Vigt (g) | Lengd mm | Breidd mm | Hæð/þykkt |
|---------|----|-----|---------|---------------|---------|-------------------------|------------|----------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------|----------|----------|-----------|-----------|
| 2012-23 | 49 | C   |         | 2457          |         | Járn                    |            | Rónagli        | Naglinn sjálfur er ferstrendur, 21sm langur og 7mm á kant, haus og skífa um 3mm að þykkt og 15-16x19mm.                                                                                                                                                                                        | 1      | 8        | 21       | 23        |           |
| 2012-23 | 50 | C   |         | 2457          |         | Járn                    |            | Hnífur         | Hnífur úr járn (borðhnífur). Brotið er framan af blaðinu, það er 77mm langt, 11,5-17,5mm breitt og bakkinn 5,5-2,5mm þykkur. Skaftið er 63mm langt 8mm breitt og 9mm þykkt. Upphleyptur bekkur er á mótum blaðs og skafts en á skaftendanum lykkja úr járn. Allt er þetta úr heilu járnstykki. | 1      | 35       | 148      | 17.8      | 8         |
| 2012-23 | 51 | C   |         | 2457          |         | Járn                    |            | Naglar + brot  | Naglar og naglabrot af ýmsum stærðum og gerðum 19stk. Þar af einn rónagli án skífu.                                                                                                                                                                                                            | 19     | 81       | 30-65,5  | 3-11,5    | 3-8,5     |
| 2012-23 | 52 | C   |         | 2457          |         | Járn                    |            | Brotamálmur    | Járnþynnur og brot af ýmsu tagi, hugsanlega hluti af hnífsblaði.                                                                                                                                                                                                                               | 17     | 90       |          |           |           |
| 2012-23 | 53 | C   |         | 2457          |         | Brenndur leir - Keramik |            | Krítarpípubrot | Brot úr fimm hálsur, ekkert mynstur greinanlegt á neinu þeirra.                                                                                                                                                                                                                                | 5      | 7        | 12-38    | 6,5-10,5  |           |
| 2012-23 | 54 | C   |         | 2457          |         | Eir (eða koparblanda)   | Viður      | Nagli + spíta  | Eir/kopar nagli í litlum viðarbúti. Naglinn er úr upprúllaðri þynnu.                                                                                                                                                                                                                           | 1      | 1        | 30       | 1.feb     |           |



## Skógar í Fnjóskadal - Gripaskrá

| Þjms.nr | nr | Sv. | Bygging | Lag (context) | Mælt nr | Efni                    | Annað efni | Tegund       | Athugasemd                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                         | Fjöldi | Vigt (g) | Lengd mm | Breidd mm | Hæð/þykkt |
|---------|----|-----|---------|---------------|---------|-------------------------|------------|--------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------|----------|----------|-----------|-----------|
| 2012-23 | 55 | C   |         | 2457          |         | Brenndur leir - Keramik |            | Ílát         | Rauður, meðalgrófur, meðalharður leir. Þrjú brot með rauðbrúnum glerung á annarri hlið. Tvö brotanna passa saman og eru einnig með glerung á hluta hinnar hliðarinnar, dökkum með grænum gljáa. Hitt brotið er með grunnu bylgjumynstri á kúptu hliðinni.                                                                                                                                                                                                                                                          | 3      | 5        | 14-19    | 17-30     | 3-3,8     |
| 2012-23 | 56 | C   |         | 2457          |         | Málmur                  |            | Þráður/teinn | Örlítill spanskgræna er á teininum en að öðru leyti ekki áfallið.                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                  | 1      | 1 <      | 18       |           | 2.7       |
| 2012-23 | 57 | C   |         | 12050         |         | Brenndur leir - Keramik |            | Krítarpípa   | Heilleg pípa, með heilum belg og 8sm löngum hálsi. Belgur pípunnar er mest 18mm í þvermál, efst á barminum er fíngert lóðrétt munstur. Sprunga er á milli belgs og háls en pípan helst þó saman. Á enda hálsins er 3mm breiður mynsturbekkur. Gatið í pípuhálsinum er um 2,5mm en 14mm við op belgsins. Stimpill er á fæti pípunnar af ferfætlingi af einhverju tagi. Líkist helst stimpli á krítarpípum frá Gouda í Hollandi sem kallast "lamb Guðs" og var í framleiðslu á árunum 1670-90. (Sjá nánar í skýrslu) | 1      | 21       | 118      | 10-18,2   |           |

## Skógar í Fnjóskadal - Gripaskrá

